LÍF MAGNEUDÓTTIR

*Gisti í höll með blóðblettum og skotgötum*

• á ferðinni • jólin koma

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




BT BÆKLINGURINN

*Stútfullur bæklingur af flottum tilboðum*

Opið til kl. 22.00 til jóla

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG










# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

16. desember 2009 — 297. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR

### Miður sín eftir innbrot



Miklum verðmætum var stolið af heimili Arnars Gauta Sverrissonar.

FÓLK 70

### Óskar til bjargar



Óskar Jónasson situr nýliðanámskeið hjá Flugbjörgunarsveitinni.

FÓLK 70

### Með 100 titla í vinnslu

Rithöfundurinn Huginn Þór Grétarsson gaf út sjö barnabækur síðustu tólf mánuði og er með hundrað í bígerð.

TÍMAMÓT 44

### KR-ingar á toppinn



KR-ingar fara brosandi til Kína í dag eftir góðan sigur á Snæfelli.

ÍÞRÓTTIR 66

### VEÐRIÐ Í DAG




**GÓÐVIÐRI** Í dag verður víðast mjög hæg vestlæg eða breytileg átt. Nokkuð bjart einkum sunnanlands og yfirleitt þurrt að mestu. Hiti víða 0-8 stig en vægt frost í innsveitum norðan- og austantil.

VEÐUR 4

# Yfirvinna greidd án eftirlits

**Könnun Ríkisendurskoðunar sýnir að mikið ógagnsæi er í launamálum ríkisins. Fyrirkomulag yfirvinnu á milli stofnana er ólíkt. Lítið eftirlit er með hvort starfsmenn vinni þá tíma sem þeir fá greitt fyrir.**

**FJÁRMÁL** Ríkisstofnanir hafa lítið eftirlit með því hvort starfsmenn vinni þá yfirvinnutíma sem þeir hafa samið um. Um 75 prósent stofnana greiða fyrir ómælda yfirvinnu fyrir utan ákvæði í launatöflu. Algengasta fyrirkomulagið var að greitt er fyrir fastan fjölda yfirvinnutíma á mánuði hvort sem þeir eru unnir eða ekki.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í könnun Ríkisendurskoðunar á yfirvinnu- og aukagreiðslum til starfsmanna ríkisins. Niðurstöðurnar byggðust á svörum 220 stofnana, sem eru um sjötíu prósent allra ríkisstofnana, og eru birtar í nýútkominni skýrslu um endurskoðaðan ríkisreikning 2008.

Sveinn Arason ríkisendurskoðandi sagði í viðtali við Fréttablaðið í gær að margt benti til þess að stofnanir hafi ekki gætt nægilegs aðhalds í launamálum og spyr sig hvort ekki sé eðlilegt að endurskoða þetta kerfi eins og það er uppbyggt.

Í kjarasamningum opinberra starfsmanna árið 2006 var stefnt að því að greiðslur vegna ómældrar yfirvinnu rynnu inn í sameiginlega launatöflu. Markmiðið var að stuðla að gagnsæi í launamálum ríkisins.

Þetta markmið í samningunum 2006 hefur ekki náðst nema að litlum hluta. Aðeins ein af hverjum fjórum stofnunum telja að þetta hafi tekist að fullu og öllu. Stofnanir sem telja að markmiðið hafi náðst að hluta eru um 55 prósent og 20 prósent þeirra að þetta hafi ekki tekist að neinu leyti.




FASTIR YFIRVINNUTÍMAR Á MÁNUÐI.

Um 75 prósent stofnana svöruðu því til að greitt væri fyrir ómælda yfirvinnu fyrir utan ákvæði í launatöflu fyrsta stofnanasamnings.

Könnun Ríkisendurskoðunar sýnir að fjórðungur starfsmanna þeirra stofnana sem svöruðu fyrirspurninni hafa samninga þar sem föst yfirvinna er hluti af þeirra kjörum. Hins vegar er misjafnt hversu marga tíma þeir fá greitt. Einnig er allur gangur á því hversu hátt hlutfall starfsmanna nýtur þessara kjara á milli stofnana. Ekki er óalgengt að starfsmenn hafi á milli þrjátíu til fimmtíu fasta yfirvinnutíma á mánuði.

Meðallaun ríkisstarfsmanna voru 458 þúsund krónur á mánuði miðað við fyrstu tíu mánuði ársins.

- shá



**SKELLT UPP ÚR MEÐ HURÐASKELLI** Leikskólabörnin í Hafnarfirði voru himinlifandi yfir að fá að fara á starfssvæði Skógræktarfélags Hafnarfjarðar í gær og velja þar jólatré fyrir skólana sína. Heitt súkkulaði og kruðerí ásamt Hurðaskelli í hörkustuði spilltu ekki fyrir ánægjunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Íslendingar í samstarf:

## Vinna með ESB að losunarmáli

**STJÓRNMÁL Ísland og Evrópusambandið hafa gert með sér samkomulag sem koma á í veg fyrir að tvöfalt kerfi sé um losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi að því er segir umhverfisráðuneytinu.**



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR.

**Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra bað um í júní að kannaður yrði grundvöllur samkomulags um fulla þátttöku Íslands í aðgerðum ESB til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eftir 2012 er fyrsta skuldbindingartímabili Kyótóbókunarinnar lýkur. Ráðherraráð Evrópusambandsins ákvað í gær að semja við Ísland.**

**„Er reiknað með að rúmlega 40 prósent af allri losun á Íslandi verði úthlutað innan viðskiptakerfis ESB frá þeim tíma,“ segir í frétt umhverfisráðuneytisins.**

- gar / sjá síðu 26






Starfsfólk bókaverslana veitir árleg verðlaun fyrir bestu bækur ársins:

## Harmur englanna slær í gegn

**BÆKUR**. Tíu ár í röð hafa starfsmenn bókaverslana veitt viðurkenningar þeim bókum sem falla þeim best í geð, og er bókunum skipt niður í sjö flokka. Niðurstöður þetta árið voru tilkynntar í gær.

Í flokki íslenskra skáldsagna þótti Harmur englanna eftir Jón Kalman Stefánsson bera af en annað sætið hreppti Sölvi Björn Sigurðsson með skáldsögu sína, Síðustu dagar móður minnar.

Verðlaunin fyrir bestu erlendu, þýddu skáldsöguna koma hins vegar í hlut Leiks engilsins eftir Carlos Ruiz Zafón í þýðingu Sigrúnar Á. Eiríksdóttur.

Besta íslenska barnabókin er Köttur úti í mýri, þjóðsögur valdar af Silju Aðalsteinsdóttur en besta þýdda barnabókin er Hver er sterkastur? sem Guðrún Vilmundardóttir þýddi eftir Mario Ramos.

Í flokki ævisagna þótti Vigdís Páls Valssonar bera af, en í flokki fræðirita er það Jöklar á Íslandi eftir Helga Björnsson sem skarar fram úr. Besta ljóðabókin er svo Nokkur orð um kulnun sólar eftir Gyrði Elíasson.

- gb / sjá síðu 48







## SPURNING DAGSINS




*Jón Viðar, mega menn þá nota búrhníf?*

„Nei, það má bara nota guðsgafflana í búrinu.“

Bardagaíþróttafélagið Mjölnir hefur flutt til landsins fyrsta bardagabúrið. Jón Viðar Arnþórsson er formaður Mjölnis.

Von er á álitum og umsögnum til fjárlaganefndar vegna Icesave-málsins í dag:

# Geir og Ingibjörg veiti skrifleg álit

**STJÓRNMÁL** Utanríkismálanefnd Alþingis ákvað á fundi um Icesave-málið í gær að óska eftir því að Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra, geri nefndinni skriflega grein fyrir viðhorfum sínum til forsenda Brussel-viðmiðanna svokölluðu, sem og til misræmis í túlkun forsætisráðherra Íslands og Bretlands á tilteknum efnisatriðum málsins.

Kemur því ekki til þess að þau verði beðin um að koma fyrir nefndina.



GEIR H. HAARDE



INGIBJÖRG S. GÍSLADÓTTIR

„Við viljum hafa þetta skriflegt frekar en munnlegar frásagnir,“ segir Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkismálanefndar. Óskar nefndin þess að Geir og Ingibjörg skili svörum sínum á föstudag.

Í dag er von á álitum tveggja erlendra lögfræðistofa á samningunum við Breta og Hollendinga sem og álitsgerðum lagaprófessoranna Bjargar Thorarensen og Eiríks Tómassonar um stjórnarskrárþáttinn. Þá er stefnt að því að efnahags- og skattanefnd ljúki sinni meðferð málsins í dag.

„Nú förum við í gegnum þetta og reynum að afgreiða málið sem fyrst,“ segir Guðbjartur Hannesson, formaður fjárlaganefndar. Alls óvíst sé hvenær málið fari til þriðju umræðu en það verði í öllu falli fyrir áramót. „Þingið verður að fá tækifæri til að afgreiða þetta, til þess er lýðræðið,“ segir hann. - bþs

Svissneskur jarðfræðingur:

# Olli jarðskjálfta með djúpborun

**SVISS, AP** Jarðfræðingurinn Markus Häring sætir nú málaferlum í Sviss fyrir að hafa valdið nokkrum jarðskjálftum með tilraunum sínum með djúpboranir árið 2006.

Stærsti jarðskjálftinn mældist 3,4 stig og olli ýmsum skemmdum á húsum í borginni Basel. Häring segist ekki vísvitandi hafa ætlað að framkalla jarðskjálfta.

Tilgangur djúpborananna var að framkalla hreina orku. Tilraunirnar fólust í því að borað var niður á fimm kílómetra dýpi og köldu vatni dælt niður í sjóðandi heit berglög. Vatnið kom síðan heitt til baka. - gb

Jólaaðstoð Fjölskylduhjálpar:

# Helmingi fleiri þiggja aðstoð

**SAMFÉLAGSMÁL** Jólaúthlutun Fjölskylduhjálpar Íslands hefur sett af stað símasöfnun sem fer fram með SMS-skilaboðum.

Söfnunin fer þannig fram að fólk sendir FHI í símanúmerið 1900 til að skrá sig á styrktarlista matvælasöfnunar. Eftir það fá þeir sem hafa skráð á sig eitt SMS á mánuði og dragast í hvert sinn 100 krónur af símareikningi viðkomandi.

Jólaúthlutun Fjölskylduhjálparinnar fer fram dagana 16. og 21. desember, frá kl. 15 til 18 að Eskihlíð 2-4 í Reykjavík. - gb

Ráðuneytið styður framsal:

# Hosmany fari til síns heima

**DÓMSMÁL Dómsmálaráðuneytið fellst á framsalsbeiðni brasilískra yfirvalda varðandi Hosmany Ramos.**



RAMOS HOSMANY

**Hosmany var dæmdur í 24 ára fangelsi árið 1998 fyrir rán, mannrán og mótþróa við handtöku í heimalandi sínu.**

**Hann sneri ekki úr jólafríi sem hann fékk um jólin í fyrra og var handtekinn á Íslandi í ágúst.**

**„Komist dómstólar að þeirri niðurstöðu að ekki megi framselja Hosmany til Brasilíu þá er mögulegt að hann verði sendur til Frakklands en það var fyrsta landið sem tilheyrir Schengen sem hann kom til frá Suður-Ameríku,“ segir visir.is.**

- gar

# Landspítalinn naut ekki útgjaldaþenslu

**Forstjóri LSH telur að taka þurfi tillit til gengistaps þegar spítalanum er skammtað fé til starfseminnar. Ef fjárframlög til LSH hefðu fylgt útgjöldum til heilbrigðismála í heild hefði spítalinn 5,5 milljörðum meira úr að spila á ári.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Landspítalinn hefur setið eftir í fjárveitingum borið saman við þróun heildarútgjalda til annarrar heilbrigðisþjónustu í landinu á undanförnum árum. Framlög til Landspítalans hafa dregist saman um þrjú prósent frá árinu 2001, samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Á sama tíma hækkaði framlag til heilbrigðismála í heild, reiknað án Landspítalans, um tæp sextán prósent.

Björn Zoëga, forstjóri LSH, segir að fjárveitingar til spítalans hafi farið stiglækkandi allt frá árinu 2003, og áberandi mest hafi sú lækkun verið á milli áranna 2007 og 2008. „Ég skil mætavel þá erfiðu fjárhagslegu stöðu sem ríkið er í og spítalinn mun leggja sitt af mörkum í sparnaði. Mér finnst þó ástæða til þess að taka tillit til þeirrar hagræðingar sem náðst hefur á undanförnum árum og því þráláta gengistapi umfram forsendur fjárlaga sem LSH hefur orðið fyrir í fyrra og í ár.“ Gengistapið sem um ræðir er um þrír milljarðar króna.



BJÖRN ZOËGA

Eins og áður sagði er mismunurinn á heildarfjárveitingum til heilbrigðismála annars vegar og til Landspítalans sérstaklega hins vegar um tuttugu prósent. Björn segir að rekstrarfé spítalans væri mun hærra í dag ef framlög til LSH hefðu þróast í samræmi við annað. „Tölurnar á bak við þetta tala sínu máli. Ef þróun fjárframlaga til LSH hefði verið með sama hætti og til annarra heilbrigðismála væri upphæðin sem við hefðum úr að spila í ár um 40,5 milljarðar en ekki í kringum 35 milljarðar. Þetta er varlega áætlað.“



**LSH Í FOSSVOGI** Sameining Landspítala og Borgarspítalans hafði mikinn sparnað í för með sér. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Spurður hvort þessi mikli munur sé ekki tilkominn vegna tilfærslna innan heilbrigðiskerfisins segir Björn að það skýri ekki þennan mun. Í þessari umræðu komi tilfærsla svokallaðra s-merktra lyfja frá LSH til almannatrygginga ekki inn í myndina. Sú færsla hafi komið til á þessu ári og numið 3,2 milljörðum króna.

„Benda má á að þar til á þessu ári jókst starfsemi á spítalanum öll árin frá sameiningu Landspítalans og Borgarspítalans árið 2001. Í ár stendur starfsemin í stað.

Á þessum tíma hefur eitthvað verið um það að aðgerðir og þjónusta hafi flust til sjálfstætt starfandi sérfræðinga en það er óverulegt þegar allt er skoðað. Þetta hefur til dæmis verið staðfest í skýrslum Ríkisendurskoðunar um LSH og mælingum á framleiðslu vinnuafls.“ svavar@frettabladid.is

# Friðjón Þórðarson látinn

**Friðjón Þórðarson, fyrrverandi dómsmálaráðherra, lést í fyrradag, 86 ára.**



**Friðjón var þingmaður Dalasýslu frá 1956 til 1959 og sat samfellt á Alþingi sem þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Vesturlandskjördæmi frá 1967 til 1991.**

**Hann var dómsmálaráðherra í ríkisstjórn Gunnars Thoroddsen frá febrúar 1980 þar til í maí 1983.**

**Friðjón var lögfræðingur að mennt og starfaði sem sýslumaður í heimahéraði sínu, Dalasýslu, frá 1955-1965 og aftur eftir að hann lét af þingmennsku, og þar til hann lét af störfum vegna aldurs árið 1993. Hann var einnig sýslumaður Snæfellinga um tíu ára skeið. Eftirlifandi eiginkona Friðjóns er Guðlaug Guðmundsdóttir. Hann eignaðist fimm börn með fyrri eiginkonu sinni, Kristínu Sigurðardóttur, sem lést árið 1989.** - pg

Forsætisráðherra Grikklands:

# Grikkland er að sökkva í skuldir

**GRIKKLAND, AP** George Papandreou, forsætisráðherra Grikklands, segir mikla hættu á því að landið sökkvi í skuldafen. Til að forðast slíkt boðar hann strangar sparnaðaraðgerðir.

Meðal annars ætlar sósíalistastjórnin að draga mjög úr útgjöldum til varnarmála. Allt að níutíu prósenta skattur verður lagður á - gb




Óvenjulegt atferli kolkrabba við strendur Indónesíu vekur athygli vísindamanna:

# Notar kókoshnetur til skjóls

**VÍSINDI, AP** Ástralskir vísindamenn hafa fundið kolkrabbategund í Indónesíu sem safnar kókoshnetuskeljum og notar þær til að skýla sér. Þetta er líklega í fyrsta sinn sem hryggleysingi sést nota verkfæri.

Teknar voru kvikmyndir af atferli kolkrabbans, þar sem hann sést ná sér í hálfar kókoshnetuskeljar af hafsbotni. Hann byrjar á að tæma skeljarnar og dregur þær síðan undir sér allt að 20 metra. Loks setur hann tvær skeljar saman þannig að þær mynda kúlulaga skjól sem hann getur falið sig í.

„Ég hef séð marga kolkrabba fela sig í skeljum, en ég hef aldrei séð neinn þeirra taka eina slíka upp og burðast með hana á hafsbotninum. Það var erfitt að fara ekki að hlæja,“ sagði Julian Finn, sem ásamt félaga sínum Mark Norman frá Viktoríusafninu í Melbourne í Ástralíu tók eftir þessu atferli kolkrabbanna.

Ekki er vitað til þess að aðrir hryggleysingjar noti verkfæri, en reyndar er misjafnt hvernig vísindamenn vilja skilgreina verkfæranotkun. Þeir Finn og Norman telja nægja að dýrið nái sér í hlut og búi hann undir notkun síðar meir.

„Það er þessi söfnun til seinni tíma notkunar sem er óvenjuleg,“ segir Finn. - gb



**KOLKRABBINN MEÐ KÓKOSHNETUNA** Líklega fyrsta dæmið um hryggleysingja sem notar verkfæri. NORDICPHOTOS/AFP



LG
Svalur sleðasími
• Frábær 5MP myndavél
• Styður 3G langdrægt
• Íslenskt viðmót
• Bluetooth
LG með snertiskjá
• Glæsilegur snertiskjár
• 5MP myndavél
• Spilar DivX
• FM útvarp
FRÁBÆR JÓLATILBOÐ HJÁ SÍMANUM
Bráðsnjallir 3G símar
LG BLACK LABEL 20
Glæsilegur sleðasími frá LG með 5MP myndavél. Styður Bluetooth, 3G og 3G langdrægt.
Símalán-útborgun:
0 kr.
Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.*
1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.
Staðgreitt: 39.900 kr.
LG VIEWTY
Með frábæra myndavél og stóran snertiskjá, spilar DivX og flytur myndbönd beint yfir á YouTube.
Símalán-útborgun:
0 kr.
Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.*
1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.
Staðgreitt: 34.900 kr.
Það er Síminn
800 7000 • siminn.is
* Ef greitt er með kreditkorti er hægt að dreifa eftirstöðvunum vaxtalaust á allt að 12 mánuði. Greiðslugjald er 250 kr./mán.

**GENGIÐ 15.12.2009**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,25 | 126,85 |
| Sterlingspund | 204,92 | 205,92 |
| Evra | 183,45 | 184,47 |
| Dönsk króna | 24,647 | 24,791 |
| Norsk króna | 21,596 | 21,724 |
| Sænsk króna | 17,550 | 17,652 |
| Japanskt jen | 1,4117 | 1,4199 |
| SDR | 199,41 | 200,59 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
237,2324

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Reykvíkingar kusu um forgangsröðun fjármuna til nýframkvæmda og viðhalds:

# Nærri sex þúsund tóku þátt

**BORGARMÁL** Fyrstu netkosningunni um forgangsröðun fjármuna til nýframkvæmda og viðhaldsverkefna í hverfum Reykjavíkurborgar er lokið. Alls tóku 5.687 Reykvíkingar þátt í kosningunni.

Í átta hverfum af tíu settu íbúarnir verkefni í flokknum Umhverfi og útivist efst í forgagnsröðina. Aðrir verkefnaflokkar, sem valið stóð um, voru Leikur og afþreying og Samgöngur.

Sem dæmi má nefna að í Hlíðahverfi verður nú efst á forgangslista borgarinnar uppsetning nestisaðstöðu á tveimur stöðum á Miklatúni, en í Laugardal verður fyrst farið í hraðahindrandi aðgerðir á umferðargötum við gönguleiðir skólabarna í Voga-, Laugarnes- og Langholtsskóla. Í Vesturbænum verður fyrst ráðist í að fjölga bekkjum og ruslastömpum í hverfinu.



**MIKLATÚN AÐ SUMARLAGI** Nestisaðstaða verður forgangsverkefni.

Alls verður 100 milljónum króna varið til þeirra verkefna sem kosið var um og fjármunum skipt á milli hverfa í samræmi við fjölda íbúa.

Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri segir ánægjulegt að svo margir borgarbúar hafi sýnt áhuga á að taka þátt í þessu fyrsta tilraunaverkefni af þessum toga: „Það er mikilvægt að virkja borgarbúa til þátttöku því þannig fá borgaryfirvöld nauðsynleg skilaboð um vilja þeirra sem búa í hverfum borgarinnar.“ - gb

Fangar frá Guantanamo:

# Nokkrir sendir til Illinoisríkis

**BANDARÍKIN, AP** Lítið notað ríkisfangelsi í sveitahéruðum Illinois verður notað til að hýsa nokkra fanga sem Bandaríkjaher hefur haldið árum saman án dóms og laga í Guantanamo-búðunum á Kúbu.

Fangelsinu, sem er í bænum Thomson, um það bil 240 kílómetrum frá Chicago, verður breytt þannig að öryggisreglur verða strangari en nokkurs staðar hefur þekkst í Bandaríkjunum til þessa.

Flutningur fanganna er nauðsynlegur til þess að hægt verði að loka fangabúðunum á Kúbu. - gb

Fjárlögin aftur í fjárlaganefnd:

# Nokkurra daga vinna enn eftir

**ALÞINGI Annarri umræðu um fjárlagafrumvarpið lauk á Alþingi í gær og gengur það á ný til fjárlaganefndar.**



**GUÐBJARTUR HANNESSON**

**„Við gefum okkur nokkra daga í þá vinnu sem eftir er,“ segir Guðbjartur Hannesson, formaður fjárlaganefndar. Bæði verður horft til tekju- og gjaldahliða frumvarpsins.**

**Horfir nú til 102 milljarða króna halla.**

**Guðbjartur segir að hugsanlega verði frumvarpið fullbúið til þriðju umræðu á laugardag. Líklegra sé þó að hún fari fram eftir helgi.** - bþs

## HÓLMAVÍK

### Rafmagnsorgeli skipt út

Nýtt pípuorgel leysir af hólmi 31 árs rafmagnsorgel í kirkjunni á Hólmavík. Á fundi nýlega var upplýst að safnast hefðu tæpar 2 milljónir af þeim 2,7 sem orgelið kostar. Stigu þá fram einstaklingar og bættu við 300 þúsund krónum. Sveitarstjórnin hefur nú samþykkt að leggja fram 350 þúsund krónur sem upp á vantar.

## FRÉTTABLAÐIÐ

### Hækkun á verðskrá

Verðskrá auglýsinga í Fréttablaðinu hækkar um 6 prósent frá og með laugardeginum 2. janúar 2010. Ár er liðið frá síðustu breytingu á verðskrá Fréttablaðsins. Verð pappírs og prentunar er í sögulegu hámarki ásamt því að vísitala neysluverðs hefur hækkað um 6,4 prósent frá janúar til nóvember 2009.

# Skaðabótamál ríkisins yrðu ekki síst táknræn

**Vonlaust er að ætla að ríkið geti heimt til baka allt það fé sem tapaðist vegna misferla eða rangra aðgerða í aðdraganda bankahrunsins. Verk opinberra embættismanna koma til skoðunar jafnt sem ábyrgðarmanna viðskiptabankanna.**

**STJÓRNSÝSLA** Mögulegar málsóknir á hendur þeim sem sýna má fram á að hafi valdið ríkinu og almenningi fjárhagslegu tjóni með athöfnum sínum í aðdraganda bankahrunsins yrðu ekki síst táknræns eðlis.

Fréttablaðið greindi frá því á laugardag að athugun á slíkum málsóknum sé hafin. Löglærðir starfsmenn fjögurra ráðuneyta sitja í starfshópi sem lýtur forræði fjármálaráðuneytisins. Sérfræðingar á sviði skaðabótaréttar koma einnig að matinu.

Viðmælendur blaðsins, innan og utan stjórnsýslunnar, segja það vitaskuld fjarstæðu að ríkissjóður geti endurheimt alla þá peninga sem á hann féllu vegna bankahrunsins. Því verði málsóknir bæði til að sýna fram á að réttlætis sé gætt auk þess sem þær yrðu eðlileg hagsmunagæsla þjóðarbúsins.

Óumdeilt er að ríkið varð fyrir stórtjóni við bankahrunið. Á það hafa fallið gríðarlegar skuldbindingar vegna ýmissa viðskipta banka og taps Seðlabankans vegna lánveitinga til þeirra. Hleypur tjónið á hundruðum milljarða.



**Á GÓÐRI STUNDU** Björgólfur Guðmundsson var formaður bankaráðs Landsbankans og Davíð Oddsson formaður bankastjórnar Seðlabankans. Til skoðunar er hvort brotleg eða gáleysisleg framganga tiltekinna einstaklinga eða lögaðila hafi leitt til tjóns fyrir íslenska ríkið og hvort það geti höfðað skaðabótamál á hendur viðkomandi. Icesave Landsbankans og ástarbréf Seðlabankans eru meðal þess sem skoðað er. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sönnunarkröfur í skaðabótamálum eru með öðrum hætti en í opinberum málum. Ef fyrirliggjandi gögn sýna brotlega eða gáleysislega framgöngu tiltekinna einstaklinga eða lögaðila sem leitt hefur til tjóns fyrir íslenska ríkið er unnt að huga að skaðabótamálum án þess að afráða þurfi fyrst um refsinæmi háttseminnar. Sönnunarkröfurnar í einkamáli eru vægari en í refsiréttarmáli en engu að síður verður sá sem heldur fram skaðabótaskyldu annars að sýna fram á sannanir því til stuðnings.

Ljóst er að málshöfðun vegna skaðabótakröfu ríkisins þarfnast mikils undirbúnings og viðbúið að málsmeðferð tæki langan tíma fyrir dómstólum. Lögfræðingar, sem Fréttablaðið ræddi við, segja að ríkið verði að geta sýnt með nákvæmum hætti fram á skaða og tengsl sakbornings við ákveðnar aðgerðir eða verk sem unnin voru í viðskiptabönkunum eða í opinberum stofnunum. Málsvörnin gæti svo falist í að allt sem viðkomandi gerði hafi rúmast innan ramma laganna.

Ekki liggur fyrir hvenær nefnd ráðuneytanna skilar af sér mati og tillögum til fjármálaráðherra. Henni eru ekki sett tímamörk.

bjorn@frettabladid.is

Áskorunarherferð In Defence:

# Ekki löglegt að birta öll nöfnin

**EFNAHAGASMÁL Ólafur Elíasson, einn forsvarsmanna In Defence hópsins, segir að fólki verði gefinn kostur á því að kanna hvort einhver hafi skráð kennitölu þeirra án heimildar undir netáskorun samtakanna til forseta Íslands um að synja IceSave lögum staðfestingar. Enn sé þó eftir að útfæra hvernig það verði gert. Nú er einungis hægt að sjá á vefsíðunni nöfn þeirra hundrað manna sem síðast skráðu sig.**

**„Okkur var tjáð að það væri ólöglegt að birta kennitölur með þessum hætti. Ástæðan er sú að einhver gæti tekið listann og spyrt kennitölur saman við stjórnmálaskoðanir.“** - gb

Krafa um rannsókn:

# Þorgerður enn á sömu skoðun

**EFNAHAGSMÁL** „Ég er enn algjörlega á því að menn eigi að athuga þetta,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.



**ÞORGERÐUR K. GUNNARSDÓTTIR**

Hún krafðist þess á Alþingi á mánudag að rannsakað verði hvort gerð hafi verið árás á netáskorun InDefence-hópsins til að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu.

„Það er sama hvort það eru bara fjórir eða fimm, þarna er verið að gera svona skoðanakannanir tortryggilegar. Í framtíðinni er mjög líklegt að við munum krefja stjórn um þjóðaratkvæðagreiðslur og þá er eins gott að við kunnum til verka, og ekki síst að stofnanir stjórnarráðsins séu ekki að krukka neitt í slíku.“ - gb






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
Veðurfréttamaður

**FER KÓLNANDI**
Það verða líklega litlar breytingar í veðrinu fram á föstudagskvöld en þá eru horfur á vaxandi norðanátt með heldur kólnandi veðri og éljum norðaustanlands. Það mun að öllum líkindum ríkja bjartviðri syðra fram yfir helgina.




**Á MORGUN**
3-8 m/s.

**FÖSTUDAGUR**
Snýst smám saman í norðanátt um kvöldið.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 13° |
| Basel | 0° |
| Berlín | -1° |
| Billund | 3° |
| Eindhoven | 2° |
| Frankfurt | -1° |
| Friedrichshafen | -2° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 3° |
| Mallorca | 16° |
| New York | 4° |
| Orlando | 24° |
| Ósló | -3° |
| París | 0° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | -2° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


OPIÐ TIL 22 ÖLL KVÖLD
Í SMÁRALIND
Ókeypis leikhús
Nú eru aðeins fjórar sýningar eftir af Jólaævintýri Smáralindar. Misstu ekki af frábærri, ókeypis fjölskylduskemmtun.
Fimmtudagur, kl. 17
Föstudagur, kl. 17
Laugardagur, kl. 14
Sunnudagur, kl. 14
Við erum í jólastuði og reiðubúin að aðstoða þig við jólainnkaupin – í Smáralind!
Jólaævintýri Smáralindar
Frábær skemmtun, úrvalsleikarar:
Örn Árnason, Helga Möller, Helga Braga, Edda Björgvins og Steinn Ármann o.fl.
Hvergi fleiri bílastæði
Í Smáralind eru tvö bílastæðahús og flest bílastæði á landinu.
Verið velkomin!
Smáralind

**KJÖRKASSINN**



*Á ríkið að innheimta 400 milljónir í skatt til að fjármagna Samtök iðnaðarins?*

| | |
|---|---|
| Já | 9,6 |
| Nei | 90,4 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Telur þú að breytingar á loftslagi kunni að ógna lífsskilyrðum á Íslandi?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

Steingervingar frá Nýju-Mexíkó varpa ljósi á þróun risaeðlna:

# Uppruni risaeðlanna í Suður-Ameríku

**VÍSINDI, AP** Nýjar rannsóknir á risaeðlusteingervingum, sem fundust í Nýju-Mexíkó, hafa aukið til muna skilning vísindamanna á uppruna og þróun þessara stóru lífvera.

Meðal annars þykja þessar nýju upplýsingar renna stoðum undir þá kenningu að risaeðlurnar hafi upphaflega komið frá Suður-Ameríku og breiðst þaðan út um heiminn. Á þeim tíma höfðu heimsálfurnar ekki greinst í sundur heldur voru saman í einum stórum landfleka, þannig að dýr áttu auðvelt með að fara á milli heimshluta.

Í nýjasta hefti tímaritsins Science er grein um nýju rannsóknirnar. Steingervingarnir sem fundust í Nýju-Mexíkó eru af risaeðlutegund sem hlotið hefur nafnið Tawa Hallae. Þetta var tveggja til fjögurra metra löng kjötæta sem fyrst kom fram á sjónarsviðið fyrir um 213 milljón árum, en fyrstu risaeðlur veraldar eru taldar hafa komið fram fyrir um 230 milljón árum.



**NÝJA RISAEÐLAN** Tawa Hallae er nefnd eftir sólguðnum Tawa og steingervingafræðingnum Ruth Hall. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Þessi nýja risaeðla, Tawa Hallae, breytir skilningi okkar á samskiptum fyrstu risaeðlanna,“ segir Randall Irmis, einn höfunda greinarinnar.

Yfirumsjón með nýju rannsóknunum hafði Sterling J. Nesbitt, vísindamaður við Texas-háskóla í Austin. **- gb**

Karlmaður á sjötugsaldri:

# Barnaklámsmaður ákærður

**DÓMSTÓLAR** Ríkissaksóknari hefur ákært karlmann á sjötugsaldri fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra fyrir að hafa barnaklám í vörslum sínum.

Manninum er gefið að sök að hafa haft á heimili sínu að minnsta kosti frá því í júní til október á þessu ári fjórtán hreyfimyndir sem sýna börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Maðurinn var með efni sem tók samtals um eina og hálfa klukkustund í spilun.

Ríkissaksóknari krefst þess að hann verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. **- jss**


# Lokað

Fjarðarkaup er lokað í dag , miðvikudaginn 16. desember frá kl. 12.00 - 16.00 vegna útfarar

**INGIBJARGAR GÍSLADÓTTUR.**

*Fjarðarkaup*


# Fá fimm vikur til að bjarga fjármálunum

**Sveitarstjórnarráðherra segist hafa veitt bæjarstjórn Álftaness frest til 20. janúar til að laga fjárhagsstöðuna. Takist það ekki blasi við að ráðuneytið yfirtaki fjárreiður sveitarfélagsins. Bæjarstjórinn segir viðræður enn í gangi við ráðuneytið.**

**SVEITARFÉLÖG** „Við höfum veitt bæjarstjórn Álftaness frest til 20. janúar næstkomandi til að koma fjármálum sveitarfélagsins á réttan kjöl,“ segir Kristján L. Möller sveitarstjórnarráðherra.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær er fjárhagsstaða Álftaness vonlítil. Bæjarstjórnin er í samvinnu við eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga að reyna að ráða fram úr vandanum. Kristján segir það liggja skýrt fyrir í sveitarstjórnarlögum hvað gerist takist bæjarstjórninni ekki að ráða fram úr vandanum áður en fresturinn er á enda. „Komi í ljós að greiðslubyrðin verði áfram umfram greiðslugetu og sé það mikil að ekki muni úr rætast í bráð höfum við heimild til að skipa sveitarfélaginu fjárhaldsstjórn,“ segir ráðherrann.

Skýrsla eftirlitsnefndarinnar um Álftanes hefur enn ekki fengist afhent. Mismunandi túlkanir eru á því hvað teljist vera skuldir sveitarfélagsins. Fulltrúar þess meirihluta sem fór með völd í bæjarfélaginu frá því eftir kosningar 2006 og þar til í sumar segja til dæmis skuldirnar nú standa í ríflega 4 milljörðum króna.

Kristján L. Möller dregur hins vegar upp aðra mynd af skuldastöðu Álftaness. „Skuldirnar eru 7,4 milljarðar,“ segir ráðherrann. „Þar af eru skuldbindingar utan efnahags tæpir þrír milljarðar sem eru einkum vegna langtímasamninga við eignarhaldsfélagið Fasteign.“

Pálmi Másson, bæjarstjóri Álftaness, vill ekki tjá sig um skuldastöðuna að svo stöddu. „Við ráðgerum íbúafund, sennilega á fimmtudag, þar sem farið verður yfir niðurstöður skýrslunnar,“ segir Pálmi.



**FORSVARSMENN ÁLFTANESS** Kristinn Guðlaugsson, forseti bæjarstjórnar Álftaness, og Margrét Jónsdóttir, formaður bæjarráðs, koma ásamt Pálma Mássyni bæjarstjóra af fundi með eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Bæjarstjórinn kannast ekki við að ráðuneytið hafi sett Álftanesi formleg tímamörk. Pálmi, ásamt Kristni Guðlaugssyni, forseta bæjarstjórnar, og Margréti Jónsdóttur, formanni bæjarráðs, áttu síðdegis í gær fund með fulltrúum eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga. Pálmi segir viðræður halda áfram í dag. „Svo má vænta þess að öðru hvorum megin við helgi liggi fyrir eitthvert samkomulag milli bæjarstjórnar og ráðuneytisins um þennan tíma sem ráðherrann nefndi,“ segir hann.

Sveitarstjórnarráðherra segir að ákveðið hafi verið að Álftanes fái fyrirframgreiðslu úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að geta greitt laun og aðrar forgangskröfur á næstu vikum.

Meðal úrræða sem Álftanes hefur samkvæmt lögum er að óska eftir leyfi ráðherra að hækka álögur á íbúana um allt að 25 prósent. Pálmi segir engar ákvarðanir hafa verið teknar um slíkt af hálfu bæjarstjórnar.

**gar@frettabladid.is**

Greining Íslandsbanka spáir því að verðbólga fari í 7,7 prósent í mánuðinum:

# Lækkar fram á þarnæsta ár

**EFNAHAGSMÁL** Vísitala mun að öllum líkindum hækka um 0,6 prósentustig í desember og verðbólga fara úr 8,6 í 7,7 prósent í mánuðinum, samkvæmt nýjustu verðbólguspá Greiningar Íslandsbanka. Gangi þetta eftir hefur verðbólga ekki verið lægri síðan í kringum mars í fyrra.

Greiningardeildin bendir á að gengi krónunnar hafi verið nokkuð stöðugt undanfarna mánuði og séu áhrif gengishrunsins um mitt síðasta ár enn að koma fram og megi gera ráð fyrir að innfluttur varningur hækki nú líkt og fyrri mánuði.

Greiningardeildin gerir einnig ráð fyrir að vöruverð muni hækka fljótlega á næsta ári og kunni verðbólga því að fara upp í 9,5 prósent undir lok fyrsta fjórðungs. Í kjölfar nafnverðslækkunar á húsnæðisverði, hóflegrar hækkunar launa og lítillar eftirspurnar í hagkerfinu muni hún fara niður í allt að fjögur prósent undir lok ársins og hugsanlega niður í 2,5 prósent undir lok ársins 2011. **- jab**







# Jólalán Hagkaups léttir þér róðurinn

## Vaxtalaust jólalán!

Hagkaup býður nú viðskiptavinum sínum að kaupa allt fyrir jólin á einum stað, vaxtalaust með greiðsludreifingu í allt að 6 mánuði og fyrstu afborgun 2. mars.

Nánari upplýsingar má finna á hagkaup.is eða á þjónustuborði verslana

DÆMI UM AFBORGANIR:

40.000 kr lán í 6 mánuði - afborgun 6.867 pr. mánuð
60.000 kr lán í 6 mánuði - afborgun 10.300 pr. mánuð
100.000 kr lán í 6 mánuði - afborgun 17.167 pr. mánuð

Gildir fyrir kreditkorthafa
Lánið ber 3% lántökugjald

MasterCard VISA




50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvað eru skuldir sveitarfélagsins Álftaness háar?*
2. *Hvaða gamla og þekkta hús í miðborg Reykjavíkur á að selja, samkvæmt fjárlagafrumvarpinu?*
3. *Háskóli hvaða ríkis í Bandaríkjunum hefur gert Ólaf Ragnar Grímsson að heiðursdoktor?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 70

Rannsókn á innbroti og þjófnaði á Teigarhorni við Djúpavog skilar engu:

# Geislasteinarnir gufaðir upp

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn lögreglunnar á Eskifirði á innbroti og þjófnaði úr steinasafninu á Teigarhorni við Djúpavog hefur engum árangri skilað. Um 500 geislasteinum var stolið úr safninu um miðjan október að verðmæti fimmtán til tuttugu milljónir króna. Jónína Ingvarsdóttir, ábúandi á Teigarhorni og einn eigenda steinasafnsins, segir að vonir hafi verið bundnar við að steinarnir kæmu fram vegna þess hversu umfang þeirra er mikið. Þyngsti steinninn sem var numinn á brott var tugir kílóa að þyngd. Sú kenning að steinarnir hafi verið seldir úr landi eða þeim stolið fyrir erlendan steinasafnara, virðist líklegri með hverjum deginum, segir Jónína.



**GEISLASTEINAR** Steina frá Teigarhorni er að finna í öllum stærstu náttúruminjasöfnum heims.

Eins og sagt var frá í fréttum í október var brotist inn þegar ábúendur á Teigarhorni voru fjarverandi. Þeir sem þar voru á ferð tóku sér góðan tíma í safninu því steinunum var pakkað inn til flutnings. „Þeir komu hingað til að taka steinana og voru vel undirbúnir. Hvaða þjófar tækju sér góðan tíma í að stela steinum en láta tómt íbúðarhús eiga sig,“ spyr Jónína.

Steinarnir voru ótryggðir og því er missirinn mikið fjárhagslegt áfall fyrir Jónínu og hennar fólk. Hins vegar er missirinn ekki minni fyrir íslenska þjóð. Steinarnir eru einstök náttúrugersemi á heimsvísu og hafa verið eftirsóttir af jarðvísindamönnum, háskólum og áhugafólki um steindafræði í tugi ára. - shá

Samkeppniseftirlitið:

# Ekki aðhafst vegna HS Orku

**SAMKEPPNISMÁL** Ekki er gerð athugasemd við kaup Reykjanesbæjar á hlutafé í HS Veitum í nýrri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins. Um samruna er að ræða samkvæmt eftirlitinu, en ekki sé ástæða til að aðhafast frekar.

Reykjanesbær seldi Geysi Green Energy 34 prósenta hlut sinn í HS Orku í október síðastliðnum, og fékk greitt með 32 prósenta hlut á HS Veitum. Samkeppniseftirlitið minnir í ákvörðun sinni á að Orkuveita Reykjavíkur eigi enn 16,6 prósenta hlut í HS Veitum, þrátt fyrir úrskurð eftirlitsins frá 16. apríl 2008 þar sem eign OR sé takmörkuð við tíu prósent. - bj

British Airways vilja lögbann:

# Flugliðar boða verkfall um jól

**BRETLAND British Airways krefst lögbanns á tólf daga verkfall sem flugfreyjur þess hafa boðað frá 22. desember til 2. janúar. Níu af hverjum tíu flugfreyjum félagsins studdu verkfallsboðun.**

**Verkfallið myndi hafa áhrif á ferðir milljóna manna yfir hátíðarnar. Félagið bendir á galla á verkfallsboðinu og fór fram á að það yrði dregið til baka.**

**Þegar ekki var orðið við því var farið fram á lögbann. Verkfall yrði mikið áfall fyrir félagið og myndi kosta það milljónir sterlingspunda. Það tapar nú þegar 1,6 milljónum punda á dag.** - ót

Catalina situr áfram í gæsluvarðhaldi og einangrun:

# Segist starfa fyrir mann

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð Héraðsdóms Reykjaness þess efnis að Catalina Mikue Ncogo sæti áfram gæsluvarðhaldi og einangrun til 22. desember.

Við yfirheyrslur hefur Catalina neitað sök vegna rökstudds gruns um að stúlkur hafi verið fluttar hingað til lands til að stunda vændi á vegum hennar og að hún fái hluta hagnaðar. Hún hefur nú borið að hún starfi sem vændiskona fyrir mann og að sá maður taki 50 prósent af tekjum hennar og stúlknanna.

Við rannsókn málsins hafa stúlkur sagst starfa við vændi á vegum Catalinu og að hún fái hluta hagnaðar. Þá hefur lögregla kannað auglýsingar á Netinu í kjölfar upplýsinga um að nokkrar konur stunduðu vændi á heimili Catalinu. Í auglýsingunum hafa verið myndir af hálfnöktum konum og vísbendingar um að hægt sé að hringja í símanúmer þeirra til að fá kynlíf.

Lögregla kveður rannsókn málsins vera mjög umfangsmikla og í fullum gangi. Meðal annars eigi eftir að rannsaka ýmis gögn, svo sem tölvur, símagögn, bankagögn og fleira, sem varpað geti skýrara ljósi á málið. - jss



**ÍSHELLA 7** Skráð fasteignamat þessarar eignar, sem hýsir Klæðningu, er 12,3 milljónir króna. Á henni hvíla hins vegar 210 milljóna króna skuldir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Brotið á Klæðningu

**Héraðsdómur hefur úrskurðað að Sýslumaðurinn í Kópavogi hafi staðið óeðlilega að verki þegar hann gerði 24 árangurslaus fjárnám hjá Klæðningu að kvöldlagi fyrir tveimur mánuðum.**

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjaness hefur fellt úr gildi árangurslaus fjárnám sem gerð voru hjá Klæðningu að kvöldi 12. október síðastliðinn. Fjárnámin voru alls 24 og hafa sextán þeirra þegar verið úrskurðuð ólögmæt vegna vinnubragða sýslumannsfulltrúans sem þau framkvæmdi.

Fulltrúi Sýslumannsins í Kópavogi bankaði upp á hjá stjórnarformanni Klæðningar kvöldið 12. október vegna þess að hann hafði ekki sinnt ítrekuðum boðum um að mæta á skrifstofu sýslumanns til fjárnámsins, vegna samtals sextíu milljóna króna skulda. Óskaði fulltrúinn eftir að stjórnarformaðurinn benti á eignir til að gera fjárnámið í.

Stjórnarformaðurinn vísaði á fasteign að Íshellu í Hafnarfirði, sem hýsir höfuðstöðvar fyrirtækisins, og 62 milljóna kröfu sem Klæðning átti á nýlegan kaupanda að fasteigninni. Það taldi stjórnarformaðurinn nóg.

Fulltrúinn var ósammála og taldi eignina einskis virði, enda væri skráð fasteignamat hússins aðeins 12,3 milljónir en áhvílandi skuldir á því hins vegar 210 milljónir króna. Fulltrúinn lauk síðan fjárnáminu sem árangurslausu, sem þýðir að innan þriggja mánaða geta þeir sem kröfu eiga á félagið krafist þess að það verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Lögmaður Klæðningar kærði framgöngu fulltrúans með þeim rökum að honum hafi í fyrsta lagi borið að láta fara fram mat á eigninni, í stað þess að styðjast við gögn annars staðar frá, og í öðru lagi hafi átt að gefa stjórnarformanninum kost á að benda á aðrar eignir til að gera fjárnám í.

Á þessi rök féllst héraðsdómur, jafnvel þótt sýslumaður hafi mótmælt þeim og bent á að lögum samkvæmt skuli sýslumannsembættið meta virði eignarinnar ef vafi er um það, og að fulltrúinn sem fór á staðinn hafi búið yfir nægri þekkingu og hæfni til að framkvæma það mat.

Héraðsdómur felldi fimm fjárnámanna úr gildi fyrir helgi og ellefu til viðbótar í gær. Ekki fór fram munnlegur málflutningur í afgangi málanna og verður þeim lokið á næstunni. Magnús Guðlaugsson, lögmaður Klæðningar, segir ljóst að niðurstaðan þar verði sú sama.

Magnús á von á að menn reyni í kjölfarið ný fjárnám hjá félaginu.

stigur@frettabladid.is

Öreindahraðallinn í Sviss gengur nú hnökralaust:

# Enginn heimsendir enn

**SVISS, AP** Öreindahraðall evrópsku kjarnarannsóknastofnunarinnar CERN í Sviss hefur framkallað meira en 50 þúsund árekstra öreinda á hærra orkustigi en nokkru sinni hefur þekkst frá því hann var tekinn í notkun á ný í síðasta mánuði.

Nokkuð útbreidd hræðsla greip um sig í fyrrahaust, þegar gangsetja átti hraðalinn, og töldu margir að hann myndi framkalla heimsenda.

Hraðallinn mikli bilaði fljótlega eftir að hann var fyrst gangsettur fyrir rúmu ári, en hefur gengið hnökralaust undanfarnar vikur án þess að nokkur hafi orðið var við heimsenda. - gb



**ÖREINDIR Á FERÐ OG FLUGI**


PIPAR\TBWA • SÍA

# Gefðu vatn

**Þörfin fyrir framlög til hjálparstarfs hefur sjaldan verið meiri bæði hér heima og erlendis. Í fátækustu ríkjum Afríku og Asíu vinnum við að því að útvega hreint vatn og bæta þar með heilsu og almenna afkomu.**

**Við eflum fólk til sjálfshjálpar og styrkjum konur sérstaklega.**

# og von

**Hér heima veitum við fjölskyldum í fjárhagsvanda umfangsmeiri aðstoð en nokkru sinni með ráðgjöf, mat, fatnaði, lyfjagreiðslum og stuðningi við börn.**

**Við komum gjöfinni þinni í þakklátar hendur, þangað sem hennar er virkilega þörf.**



**Þú getur valið að:**

- **greiða valgreiðslu í heimabanka**
- **gefa gjafabréf á gjofsemgefur.is**
- **gefa frjálst framlag á framlag.is**
- **leggja inn á reikning 334-26-50886 kt. 450670-0499**
- **hringja í söfnunarsíma 907 2002 fyrir aðstoð innanlands eða 907 2003 fyrir aðstoð erlendis**

**Helmingur framlaga rennur til aðstoðar innanlands.**

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

**Skelltu þér á ring.is eða í sölubása okkar í Kringlunni og Smáralind og gakktu frá kaupunum**

Verð:
24 þús. kr.
Inneign:
24 þús. kr.



**Samsung U800**

**Útborgun**

# 0 kr.

2.000 kr. afborgun á mánuði í 12 mánuði.*

**2.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.**

Staðgreiðsluverð: 24.000 kr.

*Greiðsludreifingargjald 250 kr. á mánuði.

**Fallegur og traustur sími með 3MP myndavél**

Útbúinn 1 GB innra minni auk þess sem síminn styður allt að 8 GB microSD minniskort.

- 3G
- Íslenskt valmyndakerfi
- 3 megapixla myndavél
- 1 GB minni
- Bluetooth

ENNEMM / SÍA / NM40195

# 3G sími á 24 þúsund, 24 þúsund í inneign, 160 þúsund vinir.

**Skráðu þig á ring.is, fylltu á fyrir 1.990 kr. á mánuði og þá eignastu 160 þúsund vini innan GSM kerfis Símans og færð 990 kr. til að ringja í fólk í öðrum kerfum.**

Stærsti vinahópur á Íslandi

ring

Síminn

Ring er ný farsímaþjónusta á vegum Símans. Fyrir 1.990 kr. áfyllingu á mánuði færðu 1500 mín/SMS á mánuði til að hafa samband við 160 þúsund vini innan GSM kerfis Símans og 990 kr. inneign til að ringja í fólk í öðrum kerfum.



**HUNDAR ATAST** Á hverjum föstudegi gera margir íbúar í Kabúl, höfuðborg Afganistans, sér ferð til að fylgjast með hundaati. Grimmd hundanna er þó líklega minni en mannanna sem gera sér at þeirra að skemmtun. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Yfirmaður sendinefndar AGS í símtali við seðlabankastjóra í janúar:

# Áréttaði ákvörðunarvald bankans

**EFNAHAGSMÁL** Í Umsátrinu, bók Styrmis Gunnarssonar um hrun efnahagskerfisins, segir frá skiptum skoðunum í Seðlabanka Íslands og hjá AGS varðandi stefnu í peningamálum og æskilegt stýrivaxtastig, en sjóðurinn hafi viljað halda hærra vaxtastigi. Bein afskipti forstjóra AGS af vaxtamálum seint í janúar segir Styrmir hafa komið í kjölfar tveggja tíma langs „harðs“ símtals milli Davíðs Oddssonar, sem þá var seðlabankastjóri og Marks Flanagan, yfirmanns sendinefndar AGS.

Á blaðamannafundi sem haldinn var í Seðlabankanum á mánudag vegna loka á viðræðulotu sendinefndarinnar vegna annarrar endurskoðunar efnahagsáætlunarinnar staðfesti Flanagan að samtalið hefði átt sér stað.



DAVÍÐ ODDSSON



MARK FLANAGAN

„Ef upptaka væri til þá myndi ég á henni heyrast segja í sífellu: Ég get ekki tekið þessa ákvörðun. Þú ert seðlabankastjórinn!“ sagði Flanagan á blaðamannafundinum. Hann áréttaði um leið að Seðlabankinn hafi að hans mati að lokum komist að réttri niðurstöðu í vaxtaákvörðunum sínum. Staðan hafi þó verið erfið og að mörgu að hyggja.

„En þegar allt kemur til alls er það Seðlabankinn og nú peningastefnunefnd hans, sem tekur ákvörðun um stefnu peningamála, ekki AGS. Við orðum hins vegar skoðanir okkar og til þess er líka ætlast.“ - óká

Slysið við Flúðir:

## Maðurinn laus úr öndunarvél

**LÖGREGLUMÁL** Maðurinn sem slasaðist alvarlega þegar hann féll niður í húsgrunn við sumarbústað í nágrenni Flúða var fluttur af gjörgæslu og á almenna deild á Landspítala í gær, að sögn sérfræðings á spítalanum.

Skammt er liðið síðan maðurinn vaknaði og losnaði hann úr öndunarvél í fyrradag.

Hann var með fjölskyldu sinni í sumarbústað við Flúðir þegar slysið varð, aðfaranótt sunnudagsins 22. nóvember. Hann hlaut mjög alvarlega áverka þegar hann féll ofan í húsgrunninn og átta steypustyrktarjárn stungust í hann. - jss

Fjórir sparnaðarfundir:

## Stjórnskipulag LSH skorið upp

**HEILBRIGÐISMÁL** Haldnir hafa verið fjórir sérstakir sparnaðarfundir á hinum ýmsu deildum Landspítalans að undanförnu.

Björn Zoëga, forstjóri LSH, segir í pistli á heimasíðu spítalans að um byltingu í stjórnskipulagi spítalans sé að ræða. „Valddreifing er lykilorðið og því fylgir ábyrgð til þeirra sem fá vald,“ segir Björn.

Skipulagsvinna vegna sparnaðaraðgerða næsta árs er í fullum gangi og verður kynnt starfsmönnum von bráðar. Markmiðið er sem fyrr að ná sparnaði en reyna að tryggja öryggi sjúklinga, segir Björn.

Á þriðjudag gekk framkvæmdastjórn spítalans frá fyrirkomulagi um ábyrgðarsvið stjórnenda. - shá

**SLÖKKVILIÐ**

### Kviknaði í bakaraofni

Eldur kom upp í íbúð við Flókagötu á tíunda tímanum í gærmorgun. Í ljós kom að kviknað hafði í bakaraofni. Eldurinn var slökktur og íbúðin í kjölfarið reykræst. Engan sakaði.

**FRAKKLAND**

### Sarkozy útvegar lán

Sarkozy Frakklandsforseti hefur kynnt áform um að veita jafnvirði meira en sex þúsund milljarða í ríkisábyrgð á stórlánum til fjárfestinga í háskólum, rafbílum og endurnýjanlegri orku.

**HÓLMAVÍK**

### Barnaskóli seldur

Sveitarstjórnin á Hólmavík hefur samþykkt að selja gamla barnaskólann. Fjögur tilboð bárust, það lægsta 110 þúsund krónur en það hæsta 850 þúsund krónur, og verður skólinn seldur á því verði. Húsið er 87 fermetrar og 95 ára gamalt.



**ÞJÓNUSTUÍBÚÐ** Eðlilegt væri að eldri borgarar sem þurfa á þjónustuíbúðum að halda geti leigt þær á viðráðanlegu verði, segir formaður Landssambands eldri borgara. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR




# Borgin niðurgreiði íbúðir fyrir aldraða

**Fráleitt er að reikna út leigu á þjónustuíbúðum fyrir aldraða út frá byggingarverði, segir formaður Landssambands eldri borgara. Segir eldri borgara ekki hafa efni á að greiða háa leigu í nýjum íbúðum borgarinnar við Fróðengi.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Leiguverð á nýjum þjónustuíbúðum fyrir aldraða í Reykjavík er allt of hátt, og fullkomlega eðlilegt að borgin niðurgreiði leigu fyrir þennan hóp, segir Helgi K. Hjálmarsson, formaður Landssambands eldri borgara.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur fengið til útleigu sjö þjónustuíbúðir í húsnæði Hjúkrunarfélagsins Eirar við Fróðengi. Áformað er að leiguverð í íbúðunum verði mun hærra en í öðrum íbúðum borgarinnar, eins og sjá má í meðfylgjandi töflu.

„Auðvitað eiga að vera til íbúðir á skynsamlegu verði, sem er í takt við tekjur sem eldri borgarar hafa,“ segir Helgi. Hann segir augljóst að verið sé að reikna leiguverðið út frá byggingarkostnaði á þenslutímum, sem sé algerlega fráleit aðferðafræði.

„Það segir sig sjálft að eldri borgarar hafa ekki efni á að borga á annað hundrað þúsund krónum í leigu,“ segir Helgi. Skilyrði til að fá að leigja íbúðir borgarinnar við Fróðengi er að leigjandinn eigi ekki möguleika á að kaupa íbúð eða fá búsetaíbúð.

brjann@frettabladid.is

### HÚSALEIGA Í NÝJUM ÞJÓNUSTUÍBÚÐUM BORGARINNAR LANGSAMLEGA HÆST

**Yfirlit yfir útleigðar þjónustuíbúðir velferðarsviðs Reykjavíkurborgar**

| Einstaklingsíbúðir | Fjöldi | Meðalstærð | Húsaleiga | Hússjóður | Þjónustugjald | Samanlagt |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Dalbraut 21 til 27 | 46 | 30 | 54.182 | 4.600 | 17.085 | 75.867 |
| Fróðengi hjá Eir | 2 | 40 | 95.000* | 4.100 | 10.900 | 110.000 |
| Furugerði 1 | 56 | 35 | 56.306 | 2.600 | 8.945 | 67.851 |
| Langahlíð 3 | 32 | 35 | 56.306 | 4.600 | 8.945 | 69.851 |
| Norðurbrún 1 | 53 | 35 | 56.303 | 2.700 | 8.945 | 67.948 |
| Seljahlíð | 42 | 42 | 23.893 | 0 | 17.085 | 40.978 |

| Tveggja herbergja íbúðir | Fjöldi | Meðalstærð | Húsaleiga | Hússjóður | Þjónustugjald | Samanlagt |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Dalbraut 21 til 27 | 12 | 60 | 85.027 | 5.000 | 19.393 | 109.420 |
| Fróðengi hjá Eir | 5 | 70 | 140.000* | 4.100 | 10.900 | 155.000 |
| Furugerði 1 | 14 | 60 | 85.036 | 2.900 | 10.290 | 98.226 |
| Langahlíð 3 | 1 | 60 | 85.036 | 5.000 | 10.290 | 100.326 |
| Lindargata 57 og 61 | 77 | 60 | 88.263 | 3.300 | 7.495 | 99.058 |
| Norðurbrún 1 | 7 | 47 | 74.631 | 3.100 | 10.290 | 88.021 |
| Seljahlíð | 4 | 56 | 45.065 | 0 | 19.393 | 64.458 |

Heimild: Velferðarsvið og formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar.
*Notast er við áætlaða leigu frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

### SAMANBURÐUR NÝJU ÍBÚÐUNUM Í ÓHAG

Húsaleiga í nýjum íbúðum sem velferðarsvið Reykjavíkurborgar býður eldri borgurum til leigu er rúmlega 150 prósentum hærri en í ódýrustu þjónustuíbúðunum sem borgin leigir út.

Velferðarsvið er með sjö nýjar íbúðir til ráðstöfunar í fyrsta áfanga í uppbyggingu öryggisíbúða Hjúkrunarheimilisins Eirar við Fróðengi. Alls var samið um að sviðið fái 21 íbúð.

Leigan í nýju íbúðunum er umtalsvert dýrari en í öðrum íbúðum sem velferðarsvið úthlutar. Áætlað er að einstaklingsíbúðir við Fróðengi muni kosta leigjandann 110 þúsund á mánuði, en ódýrasta einstaklingsíbúðin annars staðar kostar tæplega 41 þúsund krónur, og munar því 69 þúsund krónum á mánuði.

Tveggja herbergja íbúðir við Fróðengi munu líklega kosta um 155 þúsund krónur á mánuði, um 90.500 krónum meira en ódýrustu tveggja herbergja íbúðirnar, sem kosta um 64.500 krónur á mánuði.

Rétt er að taka fram að ekki er tekið tillit til annarra þátta en leiguverðs og kostnaðar við að búa í íbúðunum í þessum samanburði. Gæði íbúða og þjónusta sem íbúar njóta geta verið mismunandi milli íbúða.



Í DAG ER

# OFURDAGUR

BENSÍNORKUNNAR

# -5 kr.

af eldsneytislítranum á öllum stöðvum fyrir handhafa Orkulykla

MÆÐRASTYRKSNEFND REYKJAVÍKUR

Í dag renna

**5 kr.**

af hverjum seldum lítra til Mæðra-styrksnefndar

Pantaðu nýja Orkulykilinn á **www.orkan.is** eða í síma **533 5123** og við sendum þér lykilinn þér að kostnaðarlausu. Við fyrstu notkun og á Ofurdögum Bensínorkunnar færðu **5 króna afslátt** af eldsneytislítranum, en annars færðu alltaf **2 króna afslátt.**

Sæktu um Orkulykil á **www.orkan.is**

ORKAN BENSÍN

Spáðu í hvað þú sparar!



**KULDINN BÍTUR** Í Moskvuborg er kalt þessa dagana, eins og stundum að vetrarlagi. Frostið var komið niður í 25 gráður á mánudaginn þegar þessi mynd var tekin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Slitastjórn Landsbanka Íslands hf. neitar að veita Alþingi upplýsingar:

# Upplýsa ekki um eignir Íslendinga

**EFNAHAGSMÁL** Slitastjórn Landsbanka Íslands hf. neitar að upplýsa Alþingi um hversu margir Íslendingar áttu inneignir á Icesave-reikningum Landsbankans og um fjárhæðir inneignanna.

Þetta kemur fram í svari Gylfa Magnússonar, efnahags- og viðskiptaráðherra, við fyrirspurn frá Árna Þór Sigurðssyni.

Í svarinu segir að ráðuneytið hafi hvorki undir höndum neinar upplýsingar um starfsemi fyrirtækja á fjármálamarkaði né um bankainnstæður einstakra viðskiptamanna bankanna. Engu að síður hafi verið leitað til slitastjórnar Landsbanka Íslands hf. vegna fyrirspurnar þingmannsins. Slitastjórnin bar fyrir sig bankaleynd og segir að við stofnun á Icesave-reikningi hafi innstæðueigendur þurft að uppfylla skilyrði varðandi búsetu, persónuskilríki, lánshæfi og aðra þætti til að koma í veg fyrir svik og peningaþvætti.

„Þessum upplýsingum var safnað saman á þeirri forsendu að gætt yrði að réttarvernd einstaklinga á grunni persónuverndarlaga,“ segir slitastjórnin. „Aðeins er hægt að birta þær vegna lagalegra ástæðna, þ.m.t. ef þar til bær stjórnvöld, s.s. vegna rannsóknar sakamála eða þ.u.l., hafa farið fram á það eða þá á grundvelli skriflegs samþykkis innstæðueigenda.“ - pg



**BANKALEYND** Reglur um bankaleynd koma í veg fyrir að Alþingi fái upplýsingar um eignir Íslendinga á Icesave-reikningum Landsbankans. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Afli í nóvember:

# Afli minnkar nokkuð milli ára

**SJÁVARÚTVEGUR** Sjávarafli í síðasta mánuði var 85.690 tonn samanborið við 117.837 tonn í sama mánuði árið 2008. Botnfiskafli dróst saman um 3.600 tonn frá nóvember 2008 og nam tæpum 37.600 tonnum. Þar af nam þorskaflinn rúmum 16.200 tonnum, sem er um 1.000 tonnum meira en árið áður.

Ýsuaflinn nam tæpum 5.300 tonnum sem er um 2.900 tonnum minni afli en í nóvember 2008.

Afli uppsjávartegunda nam tæpum 45.500 tonnum sem er 29.000 tonnum minni afli en í nóvember 2008. Skýrist sú breyting nær alfarið af minni síldarafla. - shá

Landssamtök sauðfjárbænda:

# Andvíg sameiningu ráðuneyta

**STJÓRNSÝSLA** Stjórn Landssamtaka sauðfjárbænda mótmælir fyrirhugaðri sameiningu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og iðnaðarráðuneytis. Tvær ástæður búa að baki, segir í ályktun. Annars vegar gegni landbúnaður og sjávarútvegur mikilvægara hlutverki en fyrr við fæðuöryggi og gjaldeyrisöflun og því þurfi að leggja meiri áherslu á málaflokkinn en hitt. Ekki boði gott að í drögum iðnaðarráðuneytisins að byggðaáætlun sé ekkert fjallað um landbúnað og lítið um sjávarútveg.

Hins vegar sé óráðlegt að ráðast í skipulagsbreytingar á sama tíma og sótt er um aðild að Evrópusambandinu. - bþs

Borgarstjóri Reykjavíkur segir að ýta þurfi undir dugnaðinn og metnaðinn sem einkenni þjóðarsálina:

# Hækka framfærslustyrki um tíu þúsund

**SVEITARSTJÓRNIR** „Við verðum að ýta undir dugnaðinn og metnaðinn sem einkennir þjóðarsálina,“ sagði Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri í gær við aðra umræðu um frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.

Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks kynnti í gær ýmsar ráðstafanir undir yfirskriftinni „Forgangsraðað í þágu barna og velferðar.“ Í breytingartillögum við frumvarpið að fjárhagsáætluninni sé það gert án þess að hækka skatta eða gjöld á grunnþjónustu.

Meðal annars á að hækka hámarksupphæð fjárhagsaðstoðar úr 115.567 krónum á mánuði í 125.506 eða um tæpar tíu þúsund krónur. „Á þennan hátt vill Reykjavíkurborg tryggja betur grunnöryggisnetið fyrir þá sem þurfa á fjárhagslegum stuðningi að halda,“ segir í tilkynningu frá skrifstofu borgarstjóra. Þessi viðbót á að kosta 142 milljónir króna.

„Við verðum að fara sömu leið og heimili og fyrirtæki landsins, forgangsraða í þágu þess sem mestu skiptir, hagræða og spara,“ sagði Hanna Birna í borgarstjórn í gær. Hún sagði að reyndust útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar og húsaleigubóta, sem væru bundnir liðir, vera of lágt áætluð myndi borgarsjóður engu að síður borga það sem vantaði upp á. „Þannig á enginn að velkjast í vafa um að við munum standa við bakið á almenningi í borginni sem á rétt á þessum stuðningi,“ sagði borgarstjórinn.

Hanna Birna segir að rekstur borgarsjóðs eigi að vera hallalaus á næsta ári. Þátt fyrir sparnað sé engin hagræðingarkrafa gerð á velferðarsvið og lægri hagræðingarkrafa á menntasvið, leikskólasvið og íþrótta- og tómstundasvið en önnur svið borgarinnar. Staðinn verði vörður um grunnþjónustu, störf og gjaldskrár. - gar



**HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR** Bborgarstjóri kynnti í gær tillögur um auknar fjárveitingar til velferðarmála og sagði frá 40 milljóna króna átaki vegna atvinnuþróunar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 48409 12/09

Arion banki býður nú *viðskiptavinum* með erlend og innlend íbúðalán lausnir sem lækka *höfuðstól* lána og létta greiðslubyrði.

*Hafðu samband*
sími 444 7000 × arionbanki.is

Skoðaðu hvaða leið gæti hentað þér á **arionbanki.is**. Nánari upplýsingar fást hjá þjónusturáðgjöfum í útibúum Arion banka eða í síma **444 7000**.

Arion banki

# **GEFÐU GJÖF** SEM MÓTAR FRAMTÍÐ BARNA




**Börn og bænir** er bók handa foreldrum sem vilja kenna börnum sínum að biðja og ala þau upp í kristinni trú. Hér er að finna bænabók fjölskyldunnar, leiðsögn um trúaruppeldi, skýringar á skírn og faðirvori, spurningar barna um sorg, Guð, Jesú, heiminn og þau sjálf og hugmyndir að góðum samverustundum. Þetta er bók sem styður við bakið á uppalendum í ánægjulegu en vandasömu starfi.

## **GEFÐU** GLEÐI OG HLÝJU




Bókin Orð í gleði hefur selst í þúsundum eintaka. **Fleiri orð í gleði** bætir enn í sjóðinn. Með örsögur, íhuganir, myndbrot og ljóð, spekiorð og bænir, glettni og alvöru.

*„Orð í gleði og Fleiri orð í gleði eru bækur sem hægt er að opna hvar sem er, hvenær sem er. Boðskapurinn á við í leik og starfi. Ég les bækurnar fyrir mig, börnin mín og mæli með þeim við alla sem vilja gleði, von og trú."*
Sigríður Arnardóttir, dagskrárgerðarmaður

## **GEFÐU** BÓK UM GÓÐU GILDIN




**Fyrirgefning og sátt.** Í þessa tímabæru bók skrifa 86 Íslendingar um fyrirgefningu og sátt út frá ýmsum sjónarhornum. Er alltaf hægt að fyrirgefa? Hvað er iðrun? Er reiði eðlileg tilfinning? Er hægt að lifa ósáttur? Höfundar koma víða að úr samfélaginu og túlka mismunandi lífsreynslu. Bókin var skrifuð á þessu ári.

**www.skalholtsutgafan.is**

Fást í Kirkjuhúsinu Laugavegi 31, sími: 528 4200, í verslunum Eymundsson og Pennans, í Hagkaupsverslunum og í verslunum víða um land






Formaður Frama segir marga liggja undir grun um nauðgun samkvæmt lýsingu:

# Yrði svartur blettur á stéttinni

**LÖGREGLUMÁL** „Þetta er mjög slæmt mál og við vonum að þessi einstaklingur finnist sem fyrst, hvort sem hann er löglegur í stéttinni eða ekki. Samkvæmt lýsingu lögreglu liggur fullt af mönnum undir grun.“

Þetta segir Ástgeir Þorsteinsson, formaður bifreiðastjórafélagsins Frama, um meint kynferðisbrot leigubílstjóra gagnvart konu sem var ofurölvi aðfaranótt 29. nóvember.

Ástgeir segir hafa borið á því að undanförnu að taxamerkjum sé stolið af bílum. Þarna gæti því hugsanlega verið á ferðinni einstaklingur sem sé ólöglegur í leigubílaakstri.



**LEIGUBÍLL** Talsvert er um að taxamerkjum sé stolið af leigubílum, að sögn formanns Frama.

„Við höfum fylgst með þessu að undanförnu og það er heilmikið um að menn séu að stunda akstur án leyfis, og þá á ómerktum bílum að sjálfsögðu. Dags daglega myndi fólk ekki nota svona þjónustu en að næturlagi um helgar er það í alls konar ástandi, hugsar fyrst og fremst um að komast heim og lætur því miður slag standa.“

Á höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesi eru 560 leyfishafar, að sögn Ástgeirs. Hann segir menn ekki vera mikið að kíkja í kringum sig þegar vitlaust sé að gera um nætur.

„En það yrði vissulega svartur blettur á stéttinni ef þarna reyndist vera um að ræða einstakling úr röðum leigubílstjóra.“

- jss



**FJÁRMÁLARÁÐHERRA** Steingrímur J. Sigfússon bindur vonir við að endurreisn sparisjóðanna verði komin vel á veg fljótlega eftir áramótin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sparisjóðirnir reistir við eftir áramótin

**Mikilvægur áfangi náðist í endurreisn Byrs á mánudag og mun ríkið leggja sparisjóðnum til tæpa ellefu milljarða króna. Óvíst er hvað verður um stofnfjáreigendur sparisjóðanna sem standa eftir með milljónaskuldir á bakinu.**

**VIÐSKIPTI** Ríkið mun að öllum líkindum leggja Byr til tæpa ellefu milljarða króna eiginfjárframlag, gangi eftir samkomulag sem fjármálaráðuneyti, stjórnendur Byrs, ráðgjafar Olivers Wyman og hluti fulltrúa erlendra kröfuhafa lögðu grunninn að í kringum miðnætti á mánudag. Drög að endurreisn sparisjóðsins lá fyrir á föstudag og var unnið að útfærslunni alla helgina.

„Þetta var mikilvægur áfangi og jákvætt að málið er komið á þetta stig. Við erum sæmilega vongóð,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra um niðurstöðuna en bætir við að málið sé á því stigi að hann geti ekki tjáð sig um það að öðru leyti.

Steingrímur segir ríkisstjórnina hafa bundið vonir við að þegar málum stóru bankanna yrði lokið gæti mannskapurinn einbeitt sér að sparisjóðunum. „Það reyndist mikið verkefni, en við erum sátt,“ segir hann.

Viðræðum við kröfuhafa er hvergi nærri lokið enda voru ekki fulltrúar allra þeirra viðstaddir samkomulagið á mánudag. Viðræður við kröfuhafa halda áfram eftir áramót og útilokar Steingrímur ekki að næsta stóra áfanga í endurreisn Byrs verði náð í byrjun árs. Í kjölfarið verður farið í að leggja nýjan fjárhagslegan grunn að hinum sparisjóðunum sjö sem hafa óskað eftir eiginfjárframlagi. Eins og áður hefur komið fram eru aðeins tólf sparisjóðir eftir í landinu og hafa fjórir ekki óskað eftir framlagi frá ríkinu.

Stofnfjáreigendur Byrs munu eiga síðasta orðið um endurreisn sparisjóðsins. Málið hefur ekki verið lagt fyrir þá og óvíst hvort þeir muni eiga nokkurn hlut í bankanum að loknu eiginfjárframlagi ríkisins.

Fjárhagsleg staða stofnfjáreigenda Byrs er óljós í dag. Margir þeirra bera milljónaskuldir eftir hlutafjáraukningu í sparisjóðnum haustið 2007. Einhverjir juku stofnfé sitt með sparifé en þeir sem tóku lán fyrir útgjöldunum standa margir illa. Þeir sem Fréttablaðið hefur rætt við segja svo kunna að fara að verði stofnfjáreignin að engu kunni einhverjir þeirra að fara í þrot.

jonab@frettabladid.is

## VIÐSKIPTANEFND Í SKUGGANUM

Lítið er vitað hvað endurreisn Byrs felur í sér. Samkvæmt upplýsingum frá Jóni Finnbogasyni sparisjóðsstjóra mun eiginfjárhlutfall verða í kringum sextán prósent að eiginfjárframlagi ríkisins meðtöldu. Hann segir kröfuhafa þurfa að gefa nokkuð eftir en vill ekki segja hvað það kunni að verða mikið. Heyrst hefur að það geti orðið allt að sextíu prósent krafna.

Jón segir stjórn Byrs hafa jafnframt lýst yfir eindregnum vilja sínum til þess, eftir að fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóðsins lýkur, að skoða allar mögulegar leiðir til að efla frekara samstarf sparisjóðanna með það að markmiði að þeir verði fjárhagslega öflugri og samkeppnishæfari fjármálafyrirtæki.

Guðlaugur Þór Þórðarson þingmaður sem sæti á í viðskiptanefnd Alþingi, segir engar upplýsingar um endurreisn sparisjóðanna hafa verið lagðar fyrir nefndina. Hann rak augun fyrst í drög að samkomulagi í netmiðlunum í gær. „Ég hafði ekki hugmynd um það. Það var einn fundur um þetta að okkar ósk fyrir nokkrum vikum,“ segir hann og hefur óskað eftir því að málið verði tekið upp hjá nefndinni. Hann bætir við að menn viti ekki hvernig sparisjóðirnir eigi að líta út í framtíðinni og sé spurning hvort borgi sig að styðja við þá. „Menn eiga það til að ofmeta afkomu sparisjóðanna. Þetta er spennandi hugmynd en gengur ekki upp,“ segir hann.

# Veiðileg Jól



**Scierra Sweep tvíhendupakki**
Glæsilegur tvíhendupakki frá Scierra. Fjögurra hluta stöng, vandað hjól, skotlína, undirlína, sökktaumur og kastkennsla á DVD.
**Fullt verð 65.885**
**Jólatilboð aðeins 49.995**



**Ron Thompson Travel Force flugustöng**
Vönduð flugustöng í fjórum hlutum. Poki og hólkur fylgja.
**Fullt verð 14.995**
**Jólatilboð aðeins 10.995**



**Ísbor á jólalegu tilboði**
Samanbrjótanlegur ísbor ásamt dorgveiðistöng, girni og 4 spúnum. Mjúk burðartaska fylgir og aukablöð í borinn.
**Fullt verð 17.385**
**Jólatilboð aðeins 14.995**



**Ron Thompson hnífasett**
Nauðsynlegt í veiðitúrinn. 3 góðir hnífar, stál og skurðarbretti. Öllu haganlega fyrirkomið í plasttösku. **Aðeins 5.995**



**Alklæðnaður í veiðina**
Neoprenvöðlur frá DAM í Þýskalandi. Áföst stígvél með filtbotni. Góður, vatnsheldur veiðijakki frá Ron Thompson.
**Ótrúlegt jólatilboð aðeins 28.980 fyrir alklæðanað í veiðina**



**Ron Thompson vöðlupakki**
Góðar öndunarvöðlur frá Ron Thompson ásamt skóm. Líklega besta verðið í bænum.
**Fullt verð 44.990**
**Tilboð aðeins 35.980**



**Simms Freestone vöðlupakki**
Simms Freestone öndunarvöðlur og Simms Freestone skór. Allir veiðimenn þekkja Simms gæðin.
**Fullt verð 59.800**
**Tilboð aðeins 48.980**



**Ron Thompson Nylo Stretch vöðlur**
Einhverjar vinsælustu vöðlurnar síðastliðið sumar. Áföst stígvél með gúmmísóla.
**Frábært verð. Aðeins 14.995**
**Og Ron Thompson Nylo Stretch klofstígvél aðeins 9.995**



**Okuma SLV fluguhjól**
Vinsæl fluguhjól frá Okuma. Létt álhjól með góðri bremsu. Margar stærðir. **Frábært verð.**
**Aðeins frá 9.795 á jólatilboði**



**Danvise**
Vinsælasti fluguhnýtingavæsinn síðastliðin 10 ár.
**Fullt verð 14.995**
**Jólatilboð aðeins 11.995**



**Veiðiflugur Íslands**
Tímalaus bók. Sannkölluð biblía fluguveiðimannsins. Allar helstu íslensku veiðiflugurnar.
**Aðeins 3.995**



**Fluguhnýtinganámskeið á DVD**
Lærðu að hnýta silungaflugur og Lærðu að hnýta laxaflugur. Gott íslenskt fluguhnýtinganámskeið á DVD.
**Aðeins 2.995 fyrir hvorn disk eða aðeins 4.995 fyrir báða diskana saman**



**Ron Thompson reyksuðuofn**
Sífelt fleiri komast á bragðið. Einfalt og fljótllegt að töfra fram veislu úr villibráðinni.
**3 stærðir. Verð aðeins frá 8.995**



**Gervigæsir**
Ódýru gervigæsirnar. Trúlega þær mest keyptu á Íslandi undanfarin ár. 12 í pakka ásamt festijárnum.
**Frábært verð. Aðeins 19.995**



**Gerviandasett**
12 gerviendur. Blandaðar stellingar, bæði kyn. Blý og bönd fylgja. Góður burðarpoki undir allt saman.
**Veglegur jólapakki skotveiðimannsins.**
**Aðeins 12.995 fyrir allt saman**



**ProLogic skotveiðihanskar**
Hlýir og vatnsheldir hanskar í felulitum fyrir skotveiðimanninn.
**Gott verð. Aðeins 4.995**



**Ron Thompson vöðlutaska**
Vinsæl taska fyrir vöðlur og skó. Vatnsheldur botn, loftun í loki og motta til að standa á þegar farið er í og úr.
**Verð aðeins 5.995**



SPORTBÚÐIN

VEIÐIHORNIÐ



***Munið vinsælu gjafakortin okkar***

**Sportbúðin - Krókhálsi 5 - 517 8050 - Sportbudin.is - Veiðihornið - Síðumúla 8 - 568 8410- veidihornid.is**



**HRAUNKVIKAN GLÓIR** Mannlífið í borginni Legazpi markast af nærveru við virkasta eldfjall Filippseyja. NORDICPHOTOS/AFP


VIÐ FRAMLENGJUM RISALAGERSÖLUNA TIL 23. DESEMBER

SIGRUN/DAVID

hönnun: skissa






ICE WEAR
íslensk hönnun

TILVALDAR JÓLAGJAFIR
FRÁBÆR VERÐ!

Í JANÚAR VERÐUR HÆGT AÐ SKIPTA VÖRUM SEM KEYPTAR ERU Á RISALAGERSÖLUNNI.

OPNUNARTÍMAR:
MÁNUDAGA-FÖSTUDAGA 12-18
LAUGARDAGA 10-16 – SUNNUDAGA 12-16

Drífa ehf. - Suðurhrauni 12c - Garðabæ - Sími 555 7400 - www.icewear.is


# Hraunfljótið ógnar íbúum

**Tuttugu þúsund íbúar í Albay-héraði á Filippseyjum rétt náðu að grípa með sér helstu nauðsynjar þegar eldjallið Mayon rumskaði í vikunni, rétt fyrir jólin.**

**FILIPPSEYJAR, AP** Mayon er virkasta eldfjallið á Filippseyjum. Fyrir fjórum árum þurftu þrjátíu þúsund manns að flýja að heiman þegar eldgos hófst í fjallinu. Annað eldgos árið 1993 kostaði 79 manns lífið.

Í gær þurftu tuttugu þúsund manns að flýja að heiman eftir að miklar öskusprengingar urðu í fjallinu á mánudagskvöld. Fljótandi hraunkvika fór síðan að streyma úr fjallinu í fyrrinótt og glóði á hana í myrkrinu.

Í næsta nágrenni fjallsins búa alls 50 þúsund manns, og þeir eru vanir því að þurfa að flýja þegar fjallið rumskar.

Þeir eru fluttir með herbílum til bæja og þorpa í nægilega mikilli fjarlægð, þar sem þeir fá inni í skólum og öðru bráðabirgðahúsnæði.

„Þetta er erfitt, sérstaklega fyrir börnin,“ segir Jukes Nunez, framkvæmdastjóri almannavarna í héraðinu, sem heitir Albay. „Það eru tíu dagar til jóla. Líklega mun fólkið dveljast í neyðarskýlum. Ef ekkert dregur úr virkninni í Mayon getum við ekki leyft þeim að snúa heim.“

Sum þorpin voru reyndar tæmd strax í síðasta mánuði þegar fjallið byrjaði að spúa ösku.

Lífið hélt þó áfram sinn vanagang í mörgum afskekktustu þorpunum næst fjallinu.

„Við erum tilbúin, en ekki beint hrædd,“ sagði Romeo Opiana, 66 ára þorpsleiðtogi í Maninila. Þar búa 249 manns, sem hafa pakkað fötum og helstu nauðsynjum niður í töskur, en bíða átekta. Herflutningabíll er til reiðu ef ástandið versnar.

Stjórnvöld eru staðráðin í að eldsumbrotin í fjallinu kosti engin mannslíf í þetta skiptið.

gudsteinn@frettabladid.is



**Á FLÓTTA** Börnin reyndu að bera sig vel þrátt fyrir umrótið. NORDICPHOTOS/AFP



Bækurnar okkar
KYNLÍF
heilbrigði ást og erótík
JÓNA INGIBJÖRG JÓNSDÓTTIR
Nauðsynleg bók fyrir alla þá sem vilja dýpka þekkingu sína á þessu sviði.
ELÍN PÁLMADÓTTIR
Fransí Biskví
Örlagasaga frönsku Íslandsfiskimann-anna er á köflum lyginni líkust.
Helgi Björnsson
JÖKLAR Á ÍSLANDI
ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN TILNEFNING
Mikið verk um magnað og heillandi ríki jöklanna á Íslandi.
Veislurnar í Neðsta
Saltfiskveisla eins og þær gerast bestar, með viðeigandi tónlist.
Erró mannlýsingar
Fáum er lagið að lýsa mönnum eins og meistari Erró.
SIGRÚN HELGADÓTTIR
JÖKULSÁRGLJÚFUR
Viðurkenning Hagþenkis 2008
2. prentun á þrotum
Leiðsögurit í sér-flokki um einstæða náttúruperlu.
Helga Sigurðardóttir
MATUR OG DRYKKUR
3. prentun komin
Réttilega nefnd matarbiblía Íslendinga og á erindi á öll heimili.
SAGA LISTAR INNAR
E. H. GOMBRICH
Vinsælasta myndlistarsagan opnar veröld listarinnar á heillandi hátt.
Á lygilegu tilboði í bókaverslunum:
Myndlist í þrjátíu þúsund ár
David Attenborough
MEÐ KÖLDU BLÓÐI
HIMIN GEIMINN
opna
Bókaútgáfan Opna - Skipholti 50b - 105 Reykjavík - sími 578 9080 - www.opna.is



**KVEIKT Í DEKKJUM** Verkamenn í skipasmíðastöð í Varsjá í Póllandi kveiktu í dekkjum þegar efnt var til mótmælafundar í gær. Verkalýðsfélagið Solidarnosc stóð að mótmælunum til að krefjast starfsöryggis. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Talið líklegt að boðað verði til kosninga á Bretlandi í mars á næsta ári:

# Forskot Íhaldsflokksins minnkar

**BRETLAND** Ný könnun sýnir að forskot breska Íhaldsflokksins á Verkamannaflokkinn hefur ekki verið minna í heilt ár. Breska blaðið The Guardian lét fyrirtækið ICM gera könnunina og kemur í ljós að forskot íhaldsmanna er aðeins níu prósent, en minni munur hefur ekki mælst í könnunum frá því í desember 2008.

Blaðið telur ljóst að þetta auki líkurnar á því að Gordon Brown forsætisráðherra Breta boði til kosninga fyrr en seinna.

Níu prósenta munur ætti að duga David Cameron og félögum hans í íhaldsflokknum til þess að ná naumum meirihluta en könnunin blæs Verkamannaflokknum samt von í brjóst um að ekki sé öll nótt úti enn fyrir flokkinn sem hefur hríðfallið í áliti almennings undanfarin misseri.

Íhaldsflokkurinn mælist nú með 40 prósent atkvæða, Verkamannaflokkurinn með 31 prósent og Frjálslyndir demókratar með 18 prósent. Fyrir tveimur mánuðum var bilið á milli stóru flokkanna tveggja 17 prósent.

Talið er líklegt að blásið verði til kosninga 25. mars á næsta ári en hingað til hefur verið talið að 6. maí yrði fyrir valinu.

Forsætisráðherrann ræður kjördeginum alfarið sjálfur, svo lengi sem kosningarnar dragast ekki fram yfir 3. júní 2010.



**FORSÆTISRÁÐHERRA BRETA** Forskot Íhaldsmanna mælist nú níu prósent en minni munur hefur ekki mælst í könnunum frá því í desember 2008. NORDICPHOTOS/AFP

Útflutningsráð Íslands:

# Safna saman útflytjendum

**VIÐSKIPTI** Skráning í Útflytjendahandbókina, Iceland Trade Directory, hefur staðið yfir undanfarið og eru allir þeir sem stunda viðskipti við útlönd hvattir til að nýta sér þessa leið til kynningar á erlendum mörkuðum.

Útflutningsráð Íslands vinnur að því að bæta skráningu í vöru- og þjónustuflokka fyrirtækja sem mun skila þeim mun betri árangri.

Iceland Trade Directory er upplýsingarit og gagnabanki sem í eru skráð fjölmörg íslensk útflutningsfyrirtæki og hátt í 400 vöruflokkar. Handbókin kemur út árlega. Bókin er gefin út af Heimi ehf. í samstarfi við Útflutningsráð. - shá




NÝKOMINN SENDING AF PLASTMÓDELUM, GJAFASETTUM , LÍMI OG MÁLNINGU.

TÓMSTUNDAHÚSIÐ

NETHYL 2, SÍMI 5870600, WWW.TOMSTUNDAHUSID.IS


# Milljarður frá ríki til samtaka bænda

**Bændasamtök Íslands fá háar fjárhæðir frá ríkinu samkvæmt búvörusamningi og vegna laga um Búnaðarsjóð og Framleiðnisjóð landbúnaðarins.**

**SKATTAR.** Bændasamtökin fá samkvæmt fjárlagafrumvarpi tæpan milljarð króna í tekjur frá ríkissjóði, annars vegar vegna samnings við ríkið og hins vegar vegna sjóða sem samtökin reka í umboði ríkisins og fá tekjur af gjöldum sem bændum er skylt að greiða samkvæmt lögum.

Bændur greiða 1,2 prósenta búnaðargjald af veltu búvöruframleiðslu sinnar. Gjaldið rennur í Búnaðarsjóð sem Bændasamtök Íslands varðveita. Úr þeim sjóði rennur gjaldið eftir ákveðnum reglum til ýmissa samtaka landbúnaðarins; bæði Bændasamtakanna sjálfra, búnaðarsambanda og búgreinasamtaka, auk Bjargráðasjóðs.

Fjárlagafrumvarp næsta árs áætlar að 320 milljónir innheimtist af búnaðargjaldi í Búnaðarsjóðinn. Það er sama fjárhæð og áætluð var á síðasta ári en talsvert hærri en 2008, þegar sjóðurinn fékk 277,4 milljónir króna til ráðstöfunar.

Bændasamtökin annast líka rekstur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Hann fær 148 milljóna króna ríkisframlag á fjárlögum 2010, fékk 158,9 milljónir í fjárlögum 2009 en 100,3 milljónir árið 2008. Sjóðurinn á að styðja búháttabreytingar og efla ný viðfangsefni í landbúnaði.

Loks gerir fjárlagafrumvarpið ráð fyrir að ríkið greiði bændasamtökunum 521,4 milljónir króna samkvæmt samningi um tiltekin verkefni sem ríkið felur Bændasamtökunum að sinna á sinn kostnað. Þetta eru m.a. ráðgjafaþjónusta og markaðsverkefni, sem hafa aukna sölu landbúnaðarafurða að markmiði. Í fjárlagafrumvarpinu segir að 521,4 milljóna króna útgjöld næsta árs séu 117,2 milljónum króna lægri að raungildi en framlag þessa árs. Meðal annars á að spara 70 milljónir í ráðgjafaþjónustu og 30 milljónir í þróunar- og markaðsverkefnum. Bændasamtökin fengu um 750 milljónir á þessu ári, samkvæmt samningum og ættu að fá 667,5 milljónir ef ekki kæmi til þessi skerðing.

Í samtölum Fréttablaðsins við Jóhann Guðmundsson, aðstoðarmann landbúnaðarráðherra, og Eirík Blöndal, framkvæmdastjóra Bændasamtakanna, kom fram að viðræður um endurnýjun samningsins voru hafnar þegar hrunið varð á síðasta ári. Þær hafa síðan legið að mestu niðri. Eiríkur kveðst vonast til að viðræður hefjist fljótlega á ný og kveðst þess fullviss að nýr samningur verði gerður.

peturg@frettabladid.is



**RÉTTIR** Ríkið hefur með samningi, sem rennur út á næsta ári, falið Bændasamtökum Íslands að sinna ýmsum verkefnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Karlmaður dæmdur fyrir að ganga berserksgang með hafnaboltakylfu:

# Hótaði og áreitti barnsmóður

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið dæmdur í fangelsi í þrjá mánuði, skilorðsbundið, fyrir að hóta og áreita barnsmóður sína í kjölfar sambandsslita, svo og annan mann.

Maðurinn var sakfelldur fyrir að hella kóki inn um glugga hjá barnsmóðurinni. Gusan lenti á tölvu og skrifborðsstól sem eyðilögðust.

Þá var maðurinn sakfelldur fyrir hótun. Hann hringdi í hinn manninn og sagðist myndu mæta heim til hans, „brjóta á honum báða fæturna, fara síðan í vinnuna til hans og klára hann“.

Síðar beindi maðurinn silfraðri skammbyssu, sem var loftbyssa, út um bílglugga að sama manni fyrir utan skemmtistað í Reykjavík.

Barnsmóður sinni sendi hann eftirfarandi sms: „Farðu til lögreglunnar og kærðu mig, ég mun meiða þig meira.“

Maðurinn lét ekki staðar numið þar því enn mætti hann á heimili fólksins og gekk berserksgang með hafnaboltakylfu sem hann lét vaða í ljós í innkeyrslu, blómaker fyrir framan húsið, blómapott á palli við húsið og fleiri lausamuni. Sama dag las hann inn á símsvara að barnsmóðirin og maðurinn „myndu deyja í dag“. - jss



**HAFNABOLTAKYLFA** Maðurinn braut og bramlaði með hafnaboltakylfu.


Miele




Sparaðu með Miele




Miele þvottavélar eru framleiddar til að endast í 10.000 klst.

Miele þvottavélar eru allar með íslensku stjórnborði, íslenskum leiðbeiningum, stóru hurðaopi

| | | TILBOÐ |
|---|---|---|
| Þvottavél W1634 | 1400 sn/mín/6 kg/ísl. stjórnborð | 179.950 |
| Þvottavél W1714 | 1400 sn/mín/6 kg/ ísl. stjórnborð | 194.950 |
| Þurrkari T7634 | f. barka/6 kg/m. rakaskynjara | 149.950 |
| Þurrkari T7644C | m. þétti/6 kg/m. rakaskynjara | 164.950 |

Opið í dag laugardag frá kl. 11:00-15:00

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

LAMBAKJOT.IS

# Lambalæri

## – MEÐ RAUÐVÍNSPERU & KARTÖFLUGRATÍNI



Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.



Lambalæri • 1 dl romm • 400 g hrásykur • 2 stk lime • 1 lítill ananas • 4 - 5 msk kókosmjöl

Rífið limebörk útí kókos og saxið myntu útí. Nuddið saman. Skerið ananas smátt og bakið í ofni í 25 mínútur á 150°C svo hann verði sætari. Lagið lög úr bræddum hrásykri, rommi og limesafa. Smyrjið lærið með leginum og kryddið með salti og pipar. Látið liggja í 2 klst. Bakið lærið í ofni við 160°C í 60 - 70 mín. Takið það út, hellið soðinu í pott. Látið kjötið hvíla í 20 mínútur. Hitið ofninn í 220°C. Smyrjið þá lærið aftur með leginum og bakið í 10 - 15 mín. Berið þá löginn aftur á lærið og stráið ananas, myntu og kókos yfir.

**Kartöflu- og sveppagratín**

6 bökunarkartöflur • 2 box sveppir • 2 skarlottulaukar • 4 hvítlauksrif • 1 búnt steinselja • 500 ml rjómi

Skrælið og skerið kartöflur niður í teninga, forsjóðið. Sneiðið sveppi og steikið í smjöri ásamt söxuðum hvítlauk og skarlottulauk. Kryddið með saxaðri steinselju, salti og pipar. Hellið rjómanum út á, setjið í eldfast mót og bakið í 15 - 20 mín við 170°C.

**Rauðvínssoðnar perur**

6 perur • 1 flaska rauðvín • 100 g sykur • 1 kanilstöng • 1 myntugrein • 1 negulnagli

Sjóðið allt saman og setjið svo afhýddar perurnar út í og eldið að suðu í u.þ.b. 20 mín. Kælið í vökvanum.

**Sósa**

Skerið gulrót, lauk og blaðlauk jafnt niður og steikið í potti með olíu og smjöri. Hellið soðinu af lærinu út í og sjóðið nokkra stund. Sigtið, bætið soðinu af perunum við. Sjóðið niður um $^{2}/_{3}$. Þeytið smjör út í og kryddið með salti og pipar.

H:N markaðssamskipti / SÍA

Lambakjöt

NÁTTÚRULEGA ... SAFARÍKT

SKIPULAG GÖMLU HAFNARINNAR OG ÖRFIRISEYJAR

# Sjóbað og sundlaug í Reykjavíkurhöfn

**Verðlaunatillögur að skipulagi Gömlu hafnarinnar og Örfiriseyjar gera ráð fyrir sundlaug á Ægisgarði, sjóbaðsaðstöðu við Ánanaust, svífandi garði sem liggur um þriðju hæð tollstöðvarbyggingarinnar, nýbyggingum og varðveislu gamalla húsa svo fátt eitt sé talið. Allar tillögurnar verða til sýnis í Víkinni – sjóminjasafni á Grandagarði til 20. desember en Fréttablaðið birtir hér nokkrar myndir af tillögum þeirra sem hlutu viðurkenningu dómnefndar.**



**Á GRANDATORGI** Í tillögu ASK arkitekta er gert ráð fyrir torgi við norðurenda Grandagarðs, sjá má Tónlistarhúsið risið, Sædýrasafn til vinstri og veitingahús til hægri.



**MIKIL UPPBYGGING** Sú tillaga sem fyrstu verðlaun hlaut gerir ráð fyrir talsverðri uppbyggingu sem sjá má á þessari mynd.



**ATHYGLISVERÐ TILLAGA** Í tillögunni sem dómnefnd þótti athyglisverð er gert ráð fyrir að grænt svæði sem hefjist við Arnarhól haldi áfram í svífandi göngubrú eða garði, Miðgarði sem tekur stefnu gegnum nýbyggingu á horni Lækjargötu og Tryggvagötu, liggi um þriðju hæð tollstöðvarbyggingarinnar og lendi vestan megin á Miðbakkanum.



**SUNDLAUG Á ÆGISGARÐI** Verðlaunatillagan gerir ráð fyrir sundlaug á Ægisgarði en heimsókn þangað gæti verið einstök upplifun að mati dómnefndar.



**VEITINGAHÚS VIÐ MIÐGARÐ** Á þriðju hæð tollstöðvarhússins er gert ráð fyrir veitingastöðum, kaffihúsum og þess háttar starfsemi.



## VERÐLAUNAHAFAR

- **1. verðlaun:**
  Höfundar: Graeme Massie Architechts Edinborg, Skotlandi

  Úr umsögn dómnefndar: *„Höfundar setja fram kraftmikla, myndræna og formfasta tillögu … lögð er áhersla á að göng undir hafnarmynnið losi umferð frá Geirsgötu/Mýrargötu þannig að miðbærinn fái að fljóta niður að hafnarsvæðinu.“*

- **2.-3. verðlaun:**
  Björn Ólafs arkitekt, Francois Perrot arkitekt

- **2.-3. verðlaun:**
  ASL Arkitektar ehf.

Þar fyrir utan voru sérstök verðlaun veitt fyrir athyglisverða tillögu sem unnin af arkitektunum Arkibúllunni ehf., Hjördísi Sóleyju Sigurðardóttur, Hólmfríði Jónsdóttur og Hrefnu Björgu Þorsteinsdóttur og landslagsarkitektunum Landslagi ehf. og Dagnýju Bjarnadóttur. Auk þeirra var haft samstarf við aðra landslagsarkitekta, myndlistarmenn, rithöfunda, ljósmyndara og heimspeking.




RAFVÖRU MARKAÐURINN
LJÓSADAGAR!
LÁGVÖRUVERÐS-VERSLUN
VIÐ FELLSMÚLA - REYKJAVÍK
1995
BORÐLAMPI
2495
BORÐLAMPI
1995
BORÐLAMPI
2495
BORÐLAMPI
4995
DRAGLJÓS
2995
DRAGLJÓS
2495
20W HALOGEN
3495
BORÐLAMPI
M/ SNERTIDIMMER
5995
HALOGEN DRAGLJÓS
3395
20W HALOGEN
M/ KLUKKU
2995
40W HALOGEN
17.995
GÓLFLAMPI
M/ SNERTIDIMMER
OG LESLJÓSI
3495
BORÐLAMPI
M/ SNERTIDIMMER
2495
BORÐLAMPI
2495
BORÐLAMPI
4995
BORÐLAMPI
5995
BORÐLAMPI
M/ DIMMER
2495
BORÐLAMPI
2495
BORÐLAMPI
Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
OPIÐ:
Mánud. til föstud. kl. 9-18
Laugard. kl. 10-16
Sunnud. kl. 12-16



**STOKKIÐ Í STÓRBORG** Úrslitakeppnin í hástökki kvenna í Austur-Asíuleikunum var haldin á milli háhýsanna í Hong Kong. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Metkaup á stærsta nauðungaruppboði í danskri viðskiptasögu:

# Fasteignajöfur lætur til sín taka á uppboði

**DANMÖRK** Auðmaður ryksugar upp eignir í stærsta nauðungaruppboði sögunnar segir í fyrirsögn vefútgáfu Berlingske Tidende í Danmörku í gær.

Vísað er til kaupa félags Mikaels Goldschmidt í samstarfi við BRFkredit á fasteignum í Klosterparken í Ringsted í Danmörku. Um er að ræða 310 íbúðir sem áður voru í eigu félags Steen Gudes, Stones Invest, sem varð gjaldþrota á árinu.

Stones Invest gerði tilraun til að kaupa Keops Development af íslenska félaginu Landic Property en stóð ekki við skuldbindingar sínar og því rifti Landic þeim samningum í ágústlok í fyrra.

Íbúðirnar sem milljarðamæringurinn og fasteignajöfurinn Goldschmidt tekur nú yfir eru á svæði þar sem lóðarmælingin telur 223 þúsund fermetra, en íbúðafermetrarnir eru um 27 þúsund.

Þessi sami Mikael Goldschmidt seldi í ársbyrjun 2006 félag sitt Atlas Ejendomme Landic Property (en þá hét félagið Stoðir) og gjörþekkir danskan fasteignamarkað.

Goldschmidt gerir ráð fyrir að hagnast á viðskiptunum öllum, að því er er fram kemur í viðtali Berlingske við hann. Hann tekur fram að leigja eigi út íbúðirnar þar til fasteignamarkaður í Danmörku tekur við sér á ný, en til standi að vinna að margvíslegum endurbótum á svæðinu þangað til. **- óká**



**HÖFUÐSTÖÐVAR KEOPS Í DANMÖRKU** Keops er eitt þeirra dönsku fasteignaþróunarfélaga sem komst í eigu Íslendinga, en sala félagsins til Stones Invest síðla árs í fyrra gekk ekki eftir vegna vanefnda danska félagsins.








**BÓLUSETNING** Læknir í Frakklandi sprautar í mann bóluefni gegn H1N1-veirunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Breskir og bandarískir vísindamenn sammála:

# Svínaflensan með mildari faröldrum

**BRETLAND, AP** Svínaflensan alræmda virðist ætla að verða einn mildasti heimsfaraldur sem sögur fara af. Um þetta eru breskir og bandarískir vísindamenn sammála.

Heilbrigðisyfirvöld í Bretlandi hafa birt samantekt um fjölda dauðsfalla af völdum H1N1-veirunnar í Bretlandi til þessa. Frá júlí til loka nóvember hafa um 26 af hverjum 100 þúsund, sem smitast hafa í Bretlandi, látið lífið af völdum veirunnar.

Þetta er um bil hundrað sinnum lægra dánarhlutfall en spænska veikin hafði í för með sér árið 1918, en hún varð að minnsta kosti 50 milljón manns að bana um heim allan.Flensufaraldrar þeir, sem gengu yfir á árunum 1957 til 1968, voru um tíu sinnum mannskæðari en svínaflensan til þessa.

Þá sendu bandarískir vísindamenn nýverið frá sér tölur um svínaflensufaraldurinn þar í landi, og sögðu hann geta orðið mildasta heimsfaraldur sögunnar.

Enn er þó ekki útséð um það hve illskeytt þessi flensa verður, því veiran gæti tekið upp á að stökkbreyta sér og gerast mannskæðari. **- gb**





ora
Ástríða í matargerð
Gleðileg jól
Veislumatur
með Ora meðlæti
www.ora.is
ora
GRÆNAR BAUNIR

## „ORÐRÉTT“

### *Takk fyrir kreditkortin*

**„Á tímabili var algengt að Íslendingar sem voru að koma heim væru það ölvaðir að þeir báðu starfsfólkið að fylla út ávísanir fyrir því sem keypt var.“**

AFMÆLISRIT FRÍHAFNARINNAR 1959 TIL 2009

### *Ríkissjóð í kjörþyngd?*

**„Þegar er verið að tala um að við þurfum að skera niður þá getum við gert það því við höfum bætt svo mikið við á undanförnum árum.“**

SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON ÞINGMAÐUR Á DV.IS„

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ÞÓRHILDUR ÓLAFSDÓTTIR BLAÐAMAÐUR

## *Nýgræðingur í piparkökubakstri*



„Það er rosalega mikið að gera hjá okkur. Vefritið fer mjög vel af stað og okkur hefur alls staðar verið tekið mjög vel,“ segir Þórhildur Ólafsdóttir, einn eigenda og blaðamaður á netritinu Miðjan.is, sem var ýtt úr vör fyrir tæpum þremur vikum.

Miðjan.is er hugarfóstur Bryndísar Ísfoldar og er í eigu fjögurra einstaklinga auk þeirra Bryndísar og Þórhildar.

Hún segir mjög gaman að vinna með fólki eins og Bryndísi, sem fái hugmynd og geri hana að veruleika. Allir þar sinni vinnunni af fullum krafti og snúist lífið um fátt annað hjá þeim þessa dagana.

Þrátt fyrir þetta segir Þórhildur að hátíð frelsarans verði ekki slegið á frest. Hún lagði lóð sitt á vogarskálarnar og gerði tilraun til þess að baka piparkökur. Það lukkaðist ekki betur en svo að ilmur jólanna tengist nú skaðbrunnum kökum.

„Ég reyndi að baka piparkökurnar á mánudag. Ég hef ekki lagt mig eftir því í gegnum tíðina og áttaði mig ekki á því hversu auðvelt það er að gleyma þeim inni í þessum ofni,“ segir Þórhildur og bendir á að af fimm skúffum sem hún setti í ofninn skaðbrunnu tvær og piparkökurnar á þeirri þriðju voru sem grjót undir tönn. „Ein skúffa heppnaðist vel. Piparkökunum af henni þarf ekki að dýfa í mjólk,“ segir Þórhildur og viðurkennir að hún sé nýgræðingur í eldhúsinu.

## FRÓÐLEIKUR
### AÐ GEFA Í SKÓINN



Árni Björnsson þjóðháttafræðingur fjallar um þennan skemmtilega jólasið í bók sinni Saga daganna: „Um miðja 20. öld fóru jólasveinarnir að gefa börnum í skóinn að norðurevrópskum sið en þetta varð hins vegar mjög hamslaust á Íslandi fyrst eftir 1950. Fóstrur og ömmur leituðu þó ráða hjá þjóðháttadeild Þjóðminjasafnsins, og af hennar hálfu var fjallað um málið í Ríkisútvarpinu. Árangurinn varð sá að upp úr 1970 tókst smám saman að innræta þá meginreglu að ekkert komi í skóinn fyrr en fyrsti jólasveinninn kemur til byggða 13 eða 9 nóttum fyrir jól, og ekki væri annað en smáræði í skónum.“

**TUNGUTAK**

## *Spannað á spani*

**„Span, förum á span/ framfyrir tímans tönn./Span, förum á span,/hraðar en ljósið,/ hraðar en liðin stund.“ Svo orti og söng Stefán Hilmarsson í laginu Span í flutningi Pláhnetunnar um árið. Eins og ráða má af textanum merkir nafnorðið span að vera á hraðri ferð, gan eða flas. Sögnin að spanna merkir aftur á móti að ná eða taka yfir, til dæmis: Bókin spannar hálfa öld.**

**Í ensku merkir orðið *span* aftur á móti það sama og íslenska sögnin að spanna, það er yfirgrip. Af því eru önnur orð dregin, til dæmis life span, sem merkir æviskeið, lífdagar eða lífshlaup.**

**Þessu virðist hafa slegið saman í fréttatilkynningu Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar borgarfulltrúa í vikunni. Þar talar hann um „lífsspan“ sitt á vettvangi borgarinnar, þegar hann á við starfsferil sinn hjá borginni eða þann tíma sem starf hans spannaði. Úr þessum misskilningi mætti búa til illkvittinn orðaleik í þá veru að ferill Vilhjálms í borgarmálum hafi verið samfellt gönuhlaup. Það var hann eflaust ekki en það borgar sig að flýta sér hægt þegar semja á fréttatilkynningu.** -bs

# Innhverf íhugun vinsæl

**Mörg hundruð manns hafa lært innhverfa íhugun hjá Íslenska íhugunarfélaginu síðan kvikmyndaleikstjórinn kunni David Lynch kom hingað til lands síðastliðið vor. Lynch niðurgreiðir námskeiðin.**



**ARI HALLDÓRSSON** Hvetur fólk til að kynna sér innhverfa íhugun að hætti David Lynch en í nýútkominni bók hans lýsir hann reynslunni af því að kafa inn á við og krækja íhugmyndir líkt og fiska. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslenska íhugunarfélagið hefur staðið fyrir námskeiðum hverja einustu helgi síðan í byrjun júlí til að anna eftirspurn óþreyjufullra Íslendinga til að læra íhugun. Mikill áhugi kviknaði á þessum námskeiðum í kjölfar heimsóknar David Lynch kvikmyndaleikstjóra sem hélt fjölsóttan fyrirlestur um íhugun síðastliðið vor á málþingi á vegum íslenska íhugunarfélagsin. „Það skráðu sig nokkur hundruð manns hjá okkur eftir að heimsókn hans lauk og höfum við haldið fimm daga námskeið sem hefjast á föstudögum og hafa gert hverja helgi síðan í byrjun júlí,“ segir Ari Halldórsson.

Þátttakendur greiða tíu þúsund krónur fyrir námskeiðið en David Lynch greiðir tíu þúsund og segir Ara þann stuðning koma til vegna þess að Lynch vildi ekki að Íslendingar í efnahagsþrengingum settu há skólagjöld fyrir sig. Auk þess að njóta stuðnings Lynch er Íslenska íhugunarfélagið á höttunum eftir öðrum leiðum til að fjármagna starfsemina og hefur í því skyni meðal annars gefið út bókina Fiskað í djúpinu: íhugun, vitund og sköpunarkraftur eftir Lynch.



Bókin kom úr prentsmiðju í gær og Ari vonast til þess að sem flestir festi kaup á gripnum en í bókinni veitir Lynch innsýn í aðferðir sínar sem listamanns, hvernig hann vinnur og hvernig innhverf íhugun hefur hjálpað honum í lífi og starfi.

Lynch hefur íhugað í 35 ár og segir íhugun mikilvægt hjálpartæki við listsköpun. Ari segir íhugun geta nýst hverjum sem er: „Ég hef sjálfur íhugað í 32 ár og finnst það mjög góður undirbúningur undir daglegt líf.“

Ari hefur undanfarið hálft ár sinnt störfum fyrir Íslenska íhugunarfélagið í fullu starfi en hverfur brátt aftur til síns fyrri starfa sem er kennslustjórn lista- og fjölmiðlasviðs Borgarholtsskóla.

sigridur@frettabladid.is

Helmingslíkur á hvítum jólum í höfuðborginni:

# Hvít jól á Norður- og Austurlandi

Útlit er fyrir hvít jól á Norður- og Austurlandi, að sögn Óla Þórs Árnasonar veðurfræðings á Veðurstofu Íslands. Óljósara er hvernig veður íbúar Suður- og Vesturlands hreppa, hvort jólin þar verði hvít eða rauð. Óli Þór segir líta út fyrir að lægð verði undir landinu á Þorláksmessu eða jafnvel á aðfangadag, henni fylgi úrkoma sem erfitt sé að fullyrða sem sakir standa hvort það verði snjór eða rigning. Helmingslíkur eru því á hvítum jólum á höfuðborgarsvæðinu nú þegar átta dagar eru til jóla.

Spáð er frosti um allt land um næstu helgi sem snjókoma mun fylgja fyrir norðan og austan. Allt í kortunum bendir til þess að sá snjór haldist til jóla. Frost og bjartviðri verður í Reykjavík og nágrenni næstu helgi og engin ofankoma í kortum fyrr en þá á Þorláksmessu eða aðfangadag sem fyrr segir.

Á vef Veðurstofu Íslands, www.vedur.is, er að finna nákvæmar upplýsingar um jólasnjó í Reykjavík aftur til ársins 1920 og nokkuð góðar upplýsingar aftur til ársins 1875. 37 sinnum hefur jörð verið hvít frá árinu 1920 þannig að hvít jól eru óalgengari en rauð sé litið yfir svo langt tímabil. Ef horft er tuttugu ár aftur í tímann þá eru hvít jól algengari en rauð. Síðustu tíu árin hafa fjórum sinnum verið hvít jól í Reykjavík, fjórum sinnum rauð og tvisvar flekkótt. - sbt

### OFTAR HVÍT EN RAUÐ JÓL Í REYKJAVÍK*

Frá árinu 1990 hefur sex sinnum verið auð jörð í Reykjavík, ellefu sinnum hefur jörð verið hvít, en snjór misdjúpur. Tvisvar sinnum hefur jörð verið flekkótt.

| Ár | snjór | Ár | snjór | Ár | snjór |
|---|---|---|---|---|---|
| 1990 | 17 cm | 1996 | alautt | 2002 | alautt |
| 1991 | 6 cm | 1997 | alautt | 2003 | 4 cm |
| 1992 | 5 cm | 1998 | 4 cm | 2004 | flekkótt |
| 1993 | 16 cm | 1999 | flekkótt | 2005 | alautt |
| 1994 | 4 cm | 2000 | alautt | 2006 | 1 cm |
| 1995 | 2 cm | 2001 | alautt | 2007 | 4 cm |
| | | | | 2008 | 1 cm |

*HEIMILD: WWW.VEDUR.IS


ÖRUGG JÓLAGJÖF



Full búð af nýjum og vönduðum vörum á frábæru verði!
Útivistarfatnaður frá Nazran fyrir mótorhjól, snjósleða, fjórhjól og snjóbretti. Fly mótorkross- og enduroföt.
Jólin vaxtalaus fyrsta afborgun í mars
Jólalán Hagkaups
50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár
GARÐABÆ - Sími 563 5411
Útivist og sport
Opið 10 til 22 til jóla



Fagor þvottavél



PIPAR\TBWA • SÍA
A Orkunýtni
A Þvottahæfni
A Þeytivinda
Fagor þvottavél
3F-1614
1400 snúninga þeytivinda. 6 kg hleðsla.
Tímaseinkun. Stillanleg vinda. 32 cm hurðarop.
Jólatilboð 89.900
Verð kr. 99.900
RÖNNING
Reykjavík · Skútuvogi 1 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200

Jólin koma · GÆÐAVÖRUR Á GÓÐU VERÐI

# Þú finnur jólagjöfina Í ORMSSON

FYRIR FJÖLSKYLDUNA OG HEIMILIÐ

## SMÁTÆKIN FRÁ AEG HAFA UNNIÐ DYGGILEGA FYRIR ÍSLENDINGA Í ÁRATUGI

*Veldu vandað – það borgar sig alltaf!*



**AEG**
AEG · HM 310
AEG HANDÞEYTARI
*Verð kr. 6.590,-*



**AEG**
AEG · STM 4200
AEG TÖFRASPROTI
*Verð kr. 6.990,-*



**AEG**
AEG · KF 3130
AEG KAFFIVÉL
*Verð kr. 5.990,-*



**AEG**
AEG · FM 4400
AEG MATVINNSLUVÉL
*Verð kr. 27.900,-*



**AEG**
AEG · AT 3130
AEG BRAUÐRIST
*Verð kr. 5.990,-*

SINBO · SMO-3620 S




**SINBO ÖRBYLGJUOFN**
HVÍTUR
700W · 17 L · Tíma og styrkstillir
Snúningsdiskur
Utanmál ofns: Hxbxd: 26,2 x 45,2 x 33,5
Innanmál ofns: Hxbxd: 19,8 x 31,5 x 29,4
*Verð: 14.900*

## NÝR OFN Í ELDHÚSIÐ

**Á TILBOÐSVERÐI**

*Mesta búbótin og minnsta fyrirhöfnin*

**AÐEINS EITT HANDTAK**

AEG OFN [E-3051-5-M]




**TILBOÐSVERÐ: 79.900,-**
LISTAVERÐ: 114.900,-
**ÞÚ SPARAR 35.000,- kr.**

AEG OFN [B-3051-5-M]

FJÖLVIRKIR BLÁSTURSOFNAR Á FRÁBÆRI VERÐI




**TILBOÐSVERÐ: 81.900,-**
LISTAVERÐ: 116.900,-
**ÞÚ SPARAR 35.000,- kr.**

AEG OFN [B-4101-5-M]




**TILBOÐSVERÐ: 110.900,-**
LISTAVERÐ: 157.900,-
**ÞÚ SPARAR 47.000,- kr.**

## NÝJAR ÓDÝRAR RAKVÉLAR

sinbo



SINBO SS-4027

**SNÚRULAUS FERÐARAKVÉL**
Fjaðrandi veltihaus · 60 mínútna notkunarhleðsla – hleðslutími 8 klukkustundir · Nákvæmur og fingerður veltihausinn tryggir þægilegan og góðan rakstur
Bursti fylgir · Rakvélin er í glæsilegri gjafösku
**VERÐ AÐEINS KR. 4.900,-**



sinbo
SINBO SS-4018

**SNÚRULAUS RAKVÉL**
Þriggja hausa hleðslurakvél með fljótandi hnífum og innbyggðum bartskera. Speed XL tvískiptir og sjálfstætt fjaðrandi hausar sem laga sig vel að hörundinu og gera allan rakstur mun þægilegri og betri auk þess að fara vel með húðina.
**VERÐ AÐEINS KR. 6.900,-**

SOLIS 921.16.1

Solis OF SWITZERLAND




**SOLIS SAFAPRESSA**
Hollir ávaxta- og grænmetisdrykkir með safapressu frá SOLIS.
*Verð kr. 27.900,-*

Solis OF SWITZERLAND



SOLIS 978.18

**SOLIS MÍNÚTUGRILL**
2200 wött · Jafnt álag á grillfleti · Stiglaus hitastýring
Bakki sem tekur við fitu · Litur: burstað stál
*Verð kr 20.990.-*




# ORMSSON

ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800 · ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900 · ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 · ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333 · ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 · ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 · ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 · ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 · ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 · ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160















## Loftslagsráðstefnan í Kaupmannahöfn



**BANDARÍKJAFORSETI** Barack Obama hefur gefið út að stefna Bandaríkjanna sé að árið 2020 hafi Bandaríkin dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda um 17 prósent miðað við árið 2005. Hér er hann á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. NORDICPHOTOS/AFP

# Bandaríkin segjast ekki munu gefa meira eftir

**Bandaríkin áréttuðu enn í gær afstöðu sína í loftslagsmálum og að þau ætluðu ekki að ganga lengra en lýst hefur verið yfir í samdrætti útblásturs. Eiga í viðræðum við Kína. Skotin ganga á milli Bandaríkjanna og Evrópusambandsins.**

„Ég á ekki von á neinum breytingum á afstöðu Bandaríkjanna,“ sagði Todd Stern, yfirmaður bandarísku sendinefndarinnar hér í Kaupmannahöfn. Varla er þó við öðru að búast en yfirlýsing um slíkt geti aðeins komið frá Obama sjálfum.

Á blaðamannafundi í gær eyddi hann löngum tíma í að sýna fram á að tillögur Bandaríkjanna gengju jafnlangt, ef ekki lengra, en tillögur Evrópusambandsins og annarra ríkja. Um það er deilt.

Obama Bandaríkjaforseti lýsti því yfir fyrir skemmstu að Bandaríkin myndu draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda um 17 prósent árið 2020, miðað við það sem hann var árið 2005. Þetta hefur Evrópusambandið gagnrýnt, sem heldur sig við viðmiðunarárið 1990, nokkuð sem náðist samstaða um árið 1992.

Todd sagði Bandaríkin ekki vera á móti því að önnur ríki notuðu enn það viðmiðunarár, þó að raunin væri sú að flest lönd, önnur en Evrópusambandið, notuðu annað viðmiðunarár. Miklu máli skiptir við hvaða ár er miðað, samdrátturinn sem Bandaríkin hafa boðað er til dæmis ekki nema 4 prósent ef miðað er við árið 1990, langt frá þeim 30 prósentum sem Evrópusambandið hefur lagt til.

Todd Stern minnti á að afstaða Bandaríkjastjórnar væri í samræmi við frumvarp sem lægi fyrir þinginu og því væri ólíklegt að út af henni yrði brugðið.

Mikið hefur verið pískrað hér í Bella Center um að Obama hafi lagt hönd á plóginn í samningaviðræðum við þróunarríkin á mánudag, en þá var upplýst að hann hefði hringt tvö símtöl tengd ráðstefnunni. Svo er ekki, forsetinn hringdi í starfsbræður sína í Eþíópíu og Bangladess, líklegast til að afla hugmyndum Bandaríkjanna stuðnings.

Yfirmaður bandarísku sendinefndarinnar sagðist hafa verið í miklum samskiptum við Kínverja undanfarna daga og átti von á fundum fram á nótt. Hann sagðist bjartsýnn á niðurstöður þeirra viðræðna, sem meðal annars snúast um alþjóðlega viðurkenningu á því hvernig ástandið er í raun í Kína í dag svo ljóst sé við hvað er miðað, en sagðist búast við erfiðum viðræðum.

Þá hafa Bandaríkjamenn ekki getað sætt sig við að Kína fái sérmeðferð sem þróunarland og njóti efnahagsstuðnings sem slíkt. Viðræður um það hafa staðið yfir og einnig um stöðu Indlands.

Þá fullyrti hann að hugmyndir Bandaríkjanna gengju lengra en Evrópusambandsins ef ýmsir aðrir mælikvarðar væru notaðir, svo sem að miða við höfðatölu.

Spurður hvort bandaríska stjórnin lægi undir þrýstingi frá kola- og olíuiðnaðinum, sagðist hann ekki vilja orða það svo. Lobbíismi væri partur af bandarísku samfélagi og ekkert athugavert við það.

Connie Hedegård þykir hafa náð góðum árangri í samningaviðræðum:

# Útkoman ræðst á morgun

Connie Hedegård, forseti loftslagsráðstefnunnar, þykir hafa haldið vel á spilum þegar hún náði samkomulagi um vinnuáætlun næstu daga. Afríkuríkin höfðu uppi mikla gagnrýni og Connie var sökuð um að draga taum iðnríkjanna. Hún fullvissaði þó alla um að ekkert yrði ákveðið fyrr en á föstudag og eru flestir sammála um að hún hafi staðið sig vel.



**MIKIÐ VERK** Forseti loftslagsráðstefnunnar hefur átt ófáa fundina til að tryggja að umræður sigli ekki í strand. FRÉTTABLAÐIÐ/KÓP

Connie fór þó ekki í grafgötur með að hver dagur skipti máli. „Næstu 48 tímar ráða úrslitum,“ sagði hún á blaðamannafundi í hádeginu í gær. Víst er að það hefur aukið á áhyggjur þróunarríkjanna, en sum þeirra hafa svo fámennar sendinefndir að þau geta ekki tekið þátt í öllum þeim fundum sem haldnir eru hér í Bella Center. Þau leggja því ríka áherslu á að ekki verði samið um neitt fyrr en þjóðarleiðtogarnir mæta á svæðið. Þeir byrja að streyma að í dag og á föstudag má reikna með að hér verði 120 leiðtogar.

Connie var spurð hvers vegna tíminn hafi ekki verið nýttur betur síðustu tvö árin, en þar voru línur lagðar fyrir ráðstefnuna árið 2007. Hún líkti stjórnmálamönnum í alþjóðlegum samningum við skólabörn sem nýttu alltaf frestinn til að skila ritgerð til fulls og fengju hann svo framlengdan. Skiluðu ekki fyrr en á allra, allra síðustu stundu.

Þá mætti ekki gleyma því að Bandaríkin hefðu verið treg í taumi undir forystu fyrrum forseta. Með komu Baracks Obama í Hvíta húsið hefðu orðið breytingar þar á og því væri útlitið allt öðruvísi nú.

Hún sagði menn þó fráleitt hafa setið auðum höndum síðustu tvö ár. „Hefði einhver sagt mér í Balí að eftir tvö ár myndu allir þessir þjóðarleiðtogar telja það svo mikilvægt að mæta hingað, hefði ég ekki trúað því.“

FRAMHALD Á SÍÐU 28



KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ
skrifar frá Kaupmannahöfn
kolbeinn@frettabladid.is

# Brjálaðir HP dagar

## í verslun Opinna kerfa Höfðabakka 9

## 20.000 - 30.000 kr. afsláttur af völdum fartölvum

Tölvurisinn HP ætlar að bjóða Íslendingum brjálæðislega góð verð á nýjum HP fartölvum dagana 16. og 17.desember í verslun Opinna kerfa.






Hér erum við




Verslun
Opinna kerfa
Höfðabakka 9
110 Reykjavík
Sími: 570 1000

www.ok.is Verslunin verður opin til kl. 22 báða dagana. www.ok.is

VERT markaðsstofa

# Evrópusambandið hvetur til 30 prósenta samdráttar

**Fulltrúar Evrópusambandsins reyna nú að fá önnur iðnríki til að samþykkja 30 prósent samdrátt í útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Óvíst um árangur. Ákalla Bandaríkin um að leggja meira af mörkum.**

„Hvernig er hægt að hafa mismunandi samninga um útblástur í þróuðu ríkjunum sem stýrast af pólitík?“ Svo spurði Stavros Dimas, framkvæmdastjóri umhverfismála hjá Evrópusambandinu, á blaðamannafundi í gær. Það duldist engum að hann beindi spjótum sínum að Bandaríkjunum og hann fórnaði höndum um leið og dæsti. Slík þreytumerki eru farin að sjást á ýmsum fulltrúum hér, en allt er enn á huldu með samninga.

Tillögur Evrópusambandsins eru mjög metnaðarfullar, en lagt er til að iðnríkin dragi úr útblæstri sínum um 30 prósent árið 2020, miðað við árið 1990. Sambandið hefur einhliða skuldbundið sig til að draga úr útblæstri um 20 prósent, en er tilbúið að fara í 30 prósent ef tekst að semja þar um. Þá vill sambandið að þróunarríki dragi að meðaltali úr útblæstri um fimmtán til þrjátíu prósent á sama tíma.

Andreas Calgren, umhverfisráðherra Svíþjóðar, en Svíar eru í forsæti Evrópusambandsins, sagði aðspurður að sambandið mundi ekki vera tilbúið að ganga lengra en uppgefin tuttugu prósent einhliða. Nota þyrfti þau auka tíu prósent, sem sambandið er tilbúið til að bæta við, til samninga og að beita önnur ríki þrýstingi. Annars væri verið að selja þennan aukaniðurskurð ódýrt.

Hann minnti á að lagasetning Evrópusambandsins hefði undanfarinn áratug tekið mið af Kyoto-bókuninni. Nú vildi sambandið ganga lengra.

Evrópusambandið hefur lagt mikla áherslu á að sömu reglur gildi um öll iðnríki. Svo er ekki nú, þar sem Bandaríkin og fleiri ríki hafa neitað að staðfesta Kyoto. Þá hefur sambandið lagt til að farið sé hratt í breytingar. Náist samkomulag hér í Kaupmannahöfn, hefjist löndin handa þegar í stað við að draga úr losun. Komið verði á fót sjóði til að styðja ríki strax af stað í því skyni.

Tillögur Evrópusambandsins gera einnig ráð fyrir að árið 2020 hafi minnkun regnskóga dregist saman um helming og algjörlega stöðvast í síðasta lagi tíu árum síðar.



**LÖGREGLUÞJÓNN FAÐMAÐUR** Tveir trúðklæddir mótmælendur reyndu sitt besta til að létta lund þessa lögregluþjóns í Kaupmannahöfn. NORDICPHOTOS/AFP




**VILJA SAMRÆMT MARKMIÐ** Andreas Calgren, umhverfisráðherra Svíþjóðar, og Stavros Dimas, framkvæmdastjóri loftslagsmála hjá ESB, lögðu áherslu að markmið allra iðnríkjanna þyrftu að vera sameiginleg. FRÉTTABLAÐIÐ/KÓP

## TILLÖGUR ESB

*Tillögum Evrópusambandsins má gróflega skipta í fernt:*

1. Komið verði í veg fyrir að hitastig verði meira en 2° hærra en fyrir iðnbyltingu. Til þess að það náist þurfa: a) iðnríkin að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um þrjátíu prósent árið 2020 miðað við 1990 og b) þróunarríkin að draga að meðaltali um fimmtán til þrjátíu prósent miðað við sömu forsendur. Koma verður upp sjóði til að styðja ríki í þessari viðleitni.
2. Þó ekki náist samningar í Kaupmannahöfn verður að leggja grunnlínurnar að nýju samkomulagi sem tekur við af Kyoto-bókuninni, en hún rennur út 2012. Setja verður markmið um losun, alþjóðleg viðmið í flutningum á landi, lofti og sjó og taka á skógarhöggi, svo dæmi séu tekin.
3. Hefjast verður handa strax að ráðstefnu lokinni. Alþjóðlegar stofnanir verða að leggja línurnar og eftirlitsstofnanir að setja upp kerfi.
4. Eitt kerfi fyrir heiminn. Sameina verður þær reglur sem ríki fara eftir, sem eru í dag mismunandi eftir því hvort Kyoto-bókunin hefur verið staðfest eður ei.

Allt of margir skráðir:

## Kennið mér um biðraðirnar

Yvo de Boer, yfirmaður loftslagsmála hjá Sameinuðu þjóðunum, reyndi ekki að koma sér undan ábyrgð þegar hann var spurður hverju langar biðraðir við skráningu sættu. „Kennið mér um,“ sagði hann.



**YVO DE BOER**

Enn biðu fjölmargir í gær eftir að geta staðfest skráningu sína og komist inn í Bella Center. Mun meira skipulag var þó á hlutunum en á mánudag. De Boer sagði að ákveðið hefði verið að leyfa mun fleirum að skrá sig en kæmust í höllina, búist hefði verið við að fólk kæmi og færi yfir vikurnar tvær. Það segir sig hins vegar sjálft að þegar reynt er að koma 46 þúsund manns inn í 15 þúsund manna höll verður eitthvað undan að láta.

Schwarzenegger vel tekið:

## Gore telur að drög verði til

**Al Gore, fyrrum varaforseti Bandaríkjanna, sagðist bjartsýnn á að í Kaupmannahöfn næðist að samþykkja drög að alþjóðasamningi sem yrði síðan undirritaður í Mexíkó á næsta ári, þegar 16. loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna verður haldin.**



**ARNOLD SCHWARZENEGGER**

**Gore sagðist vonast eftir að Bandaríkin samþykktu metnaðarfull lög í loftslagsmálum á 40 ára afmæli Earth Day, en það verður 22. apríl 2010. Skömmu áður hafði Arnold Schwarzenegger haldið tölu í Bella Center og verið tekið sem hetju, en hann hefur náð góðum árangri í umhverfismálum sem ríkisstjóri Kaliforníu. Hann lagði áherslu á að hreyfingar byrjuðu hjá fólki, ekki ríkisstjórnum, og einstaklingar myndu halda sínu góða starfi áfram, þrátt fyrir að ekki tækist að ná samkomulagi í Kaupmannahöfn.**

Framkvæmdastjóri SÞ:

## Tími málamiðlana er núna

Ban Ki-moon, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, minnti fulltrúa á loftslagsráðstefnunni á að nú væri þeirra að ná samkomulagi. Ekki gengi að vera með of harðar kröfur, tími þess að þrýsta á veikari aðila í samningaviðræðum væri liðinn og tími samkomulags runninn upp.



**BAN KI-MOON**

Í gær var haldin opnunarhátíð, þótt fulltrúar hér hafi setið á rökstólum síðan 7. desember. Þau tignarmenni sem tóku til máls voru öll sammála um eitt: samkomulag yrði að nást. Karl Bretaprins minnti viðstadda á að drykkjarvatn og loftgæði hefðu ekkert með þjóðerni að gera. Karl hefur stofnað sjóð til að koma í veg fyrir minnkun regnskóganna.

Þráðurinn tekinn upp að nýju við bólusetningu gegn inflúensufaraldrinum

Bólusetning gegn svínainflúensunni A(H1N1) hefst að nýju í dag, miðvikudaginn 16. desember, á heilsugæslustöðvum um land allt í kjölfar þess að nýrri sendingu bóluefnis var dreift til stöðvanna. Þeir ganga fyrir við bólusetningu sem skráð hafa sig á biðlista.

Jafnframt er tekið við nýjum pöntunum vegna bólusetningar á þeim heilsugæslustöðvum sem hafa ekki ráðstafað fyrir fram öllu bóluefninu sem barst þeim nú.

Því er beint til heilsugæslustöðva að gefa skýrar upplýsingar á heimasíðum sínum og við símsvörun á hverjum stað um gang bólusetningarinnar og helstu tímasetningar. Þetta er afar mikilvægt því staða mála er mismunandi á heilsugæslustöðvunum. Þannig verður unnt á sumum stöðvum að bólusetja fleiri í desember en eru þar á biðlista en á öðrum heilsugæslustöðvum dugar þessi nýjasta sending bóluefnis ekki til að bólusetja alla þá sem hafa skráð sig. Í einhverjum tilvikum kemur því röðin ekki að fólki á biðlistum fyrr en í janúar.

- Bóluefni verður næst dreift um landið 6. janúar 2010 og verður tekið við pöntunum í þá sendingu eftir áramótin.

Landlæknisembættið
sóttvarnalæknir

Ríkislögreglustjórinn
almannavarnadeild

Nánari upplýsingar um bóluefnið og bólusetningu vegna svínainflúensu A(H1N1) er að finna á *influensa.is*.
Tilkynningar og upplýsingar um viðbúnað vegna inflúensu A(H1N1) eru á *influensa.is* og á *almannavarnir.is*.

# Allt að 50% afsláttur

af völdum jólavörum

## 50% afsláttur

af öllum jólakúlum

## 40% afsláttur

af öllum útiseríum

# Jól í BYKO!

**50% afsláttur**

Verð frá **945**

Fullt verð: 1.890

Vnr. 88900769-88

**Innisería**

Innisería, 40/100/200 eða 300 díóðuljósa, rauðar, bláar, hvítar eða marglitar perur.

**ÓDÝRT**

**50% afsláttur**

Vnr. 88902956

**Jólasveinn**

Útijólasveinn
á skautum.

**2.495**

Fullt verð: 4.990

Verð frá **5.350**

125-150 cm.

Vnr. 41140110-16

**Lifandi jólatré**

Lifandi jólatré, Normannsþinur

| | |
|---|---|
| 125-150 cm | **5.350 kr.** |
| 150-175 cm | **6.550 kr.** |
| 175-200 cm | **7.850 kr.** |
| 200-250 cm | **8.950 kr.** |

**BYKO BÝÐUR EINGÖNGU UPP Á HÁGÆÐA SÉRVALIN JÓLATRÉ ÚR NORMANNSÞIN**

Jólatréssala BYKO er í timbursölu Breidd, Selfossi og Reyðarfirði

Í BYKO velur þú draumajólatréð við kjöraðstæður inni, þannig að þú getur getur gefið þér góðan tíma og vandað valið.

Hluti af söluandvirði af hverju jólatré fer til Hjúkrunarheimilis Sunnuhlíðar í Kópavogi.

**1.990**

Fullt verð: 2.990

**30% afsláttur**

**ÓDÝRT**

Vnr. 88949756

**Jólakúla**

Jólakúla, 32 ljósa, 28 cm.

Vnr. 88902999-3004

**Jólatré**

Ljósa jólatré grænt
90,150 eða 180cm.

88902999
Ljósa jólatré 90 cm
**7.190 kr.** ~~8.990 kr.~~

88903002
Ljósa jólatré 150 cm
**11.190 kr.** ~~13.990 kr.~~

88903004
Ljósa jólatré 180 cm
**12.790 kr.** ~~15.990 kr.~~

**20% afsláttur**

Verð frá **7.190**

Fullt verð: 8.990

**Við mælum með að úða öll útiljósatré með sílikonspreyi til að tryggja betri endingu.**

Vnr. 88968024-34

**Jólatré**

Gervijólatré, 90-240 cm.

| | |
|---|---|
| 90 cm | **1.590 kr.** |
| 120 cm | **3.590 kr.** |
| 150 cm | **5.490 kr.** |
| 180 cm | **8.690 kr.** |
| 210 cm | **10.990 kr.** |
| 240 cm | **15.990 kr.** |

**ÓDÝRT**

Verð frá **1.590**

BYKO

EXPO · www.expo.is

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Loftslagsráðstefnan í Kaupmannahöfn:

## Raunhæft og rót-tækt samkomulag

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Nú líður að lokum loftslagsráðstefnunnar í Kaupmannahöfn. Mikil ábyrgð hvílir á þátttakendum í ráðstefnunni enda er framtíðin í húfi. Enn er þó hvergi nærri ljóst hvort og þá hvaða árangri ráðstefnan skilar.

Loftslagsráðstefnur Sameinuðu þjóðanna hafa verið haldnar árlega síðan árið 1995 og taka nálægt 200 lönd þátt í ráðstefnunni. Brotið var blað á ráðstefnunni sem haldin var í Kyoto í Japan árið 1997 en þá tókst samkomulag um að 37 iðnríki drægju úr losun gróðurhúsalofttegunda fram til ársins 2012.

Klukkan tifar og nú er brýnt að þjóðirnar komi sér saman um framhaldið.

Nú liggur fyrir að hitinn á Grænlandi hefur hækkað meira en tvisvar sinnum meira en hitinn að meðaltali í heiminum. Afleiðingarnar eru að heimskautaísinn við Grænland bráðnar mun hraðar en áður var talið að raunin yrði. Sýnt hefur verið fram á að ef ekkert verður að gert muni bráðnun íshellunnar á Grænlandi leiða til fimm til tíu sentimetra hækkunar á yfirborði sjávar árið 2100.

Þessar staðreyndir tala sínu máli og sýna að það er ekki bara mikilvægt heldur lífsspursmál fyrir komandi kynslóðir að ríki heims taki höndum saman í því sameiginlega verkefni jarðarbúa að draga úr losun gróðurhúsaloftegunda.

Þetta verkefni krefst hins vegar nýrrar hugsunar og breytinga á lífsháttum í iðnríkjunum og auðugri löndum heimsins. Þess vegna er ekki aðeins mikilvægt að samkomulag náist á ráðstefnunni heldur einnig hitt að leiðtogarnir fari hver til síns heima ákveðnir í að framfylgja samkomulaginu og afla því fylgis meðal allra hagsmunahópa í heimalöndum sínum.

Í gær urðu þau tímamót að ákveðið var að Ísland yrði fullur þátttakandi í aðgerðum Evrópusambandsins til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þetta er til marks um að Ísland muni ekki sitja hjá þegar kemur að sameiginlegri ábyrgð heimsbyggðarinnar á því að skila jörðinni til niðjanna þannig að hún verði áfram byggileg. Af því eigum við að vera stolt.

Það er í hendi leiðtoga þeirra nærri 200 ríkja sem aðild eiga að Loftslagsráðstefnunni að sýna þann pólitíska stórhug sem nauðsynlegur er til þess að ná samkomulagi sem skiptir sköpum og er í senn raunhæft og róttækt. Hér duga ekki vettlingatök og máttlitlar yfirlýsingar um að stefnt skuli að.

Hluta byrðanna mun almenningur í hinum efnaðri hluta heimsins bera. Hann verður því að kenna til ábyrgðar. Það er afar mikilvægt að rík sátt verði um þær niðurstöður sem ráðstefnan birtir. Ekki er nóg að setja markmið til langs tíma heldur þarf samkomulagið að vera varðað til að tryggja að jafnt og þétt verði dregið úr losun gróðurhúsaloftegunda.

Í hinu stóra samhengi er þetta áreiðanlega brýnasta verkefni og ábyrgð þeirra kynslóða sem nú eru á dögum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

*Jólaskeiðin 2009*

Íslendingar hafa safnað Jólaskeiðinni frá GAM allar götur frá 1946.
Íslensk hönnun í 63 ár.
Það er aldrei of seint að bætast í hóp ánægðra safnara.




*Guðlaugur A. Magnússon*
Anno 1924
Skólavörðustíg 10 • Sími 562 5222 • www.gam.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Innihaldslausu yfirboðin**
Borgarstjórnarflokkur Samfylkingarinnar lagði fram tillögu í gær þess efnis að bann verði lagt við „innihaldslausum yfirboðum" í aðdraganda kosninganna í vor. Í tilkynningu frá flokknum segir að tillagan sé flutt „í ljósi erfiðrar fjárhagsstöðu borgarinnar". Já, ef það væri nú ekki fyrir fjandans kreppuna – þá væri innihaldslausu yfirboðunum ekkert til fyrirstöðu.

**Fangelsi til sölu**
Þá er búið að bjóða Hegningarhúsið við Skólavörðustíg til sölu. Verst að það var ekki boðið upp fyrir tveimur árum, á hinu alræmda ári 2007. Þá hefði einhver útrásarvíkingurinn eflaust séð sér leik á borði og keypt þessa sögufrægu byggingu. Svo hefði hann getað leigt ríkinu það til að hýsa sig þegar þar að kæmi og haldið áfram að maka krókinn bak við lás og slá.



**Út með sprokið**
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson tilkynnti á mánudag að hann myndi ekki bjóða sig fram í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Í tilkynningu leit hann yfir farinn veg og klykkti út með að kannski muni hann einhvern daginn segja frá ferli sínum í borgarmálum. Á sömu nótum voru lokaorð hans í uppgjörsgrein um REI-málið, sem birtist í Fréttablaðinu í ágúst. „Undirritaður ætlar ekki að þessu sinni að rifja upp framgöngu einstakra aðila í þessu máli, en mun gera það ef tilefni gefst." Vill Vilhjálmur ekki bara setjast niður og koma þessu frá?



bergsteinn@frettabladid.is

# Eru óvinir Íslands hér?



SIGURBJÖRG SIGURGEIRSDÓTTIR

**Í DAG** | Icesave-málið

IceSave málið og stjórnun þess er saga mistaka frá fyrstu dögum hrunsins. Með hruni íslensku bankanna og setningu neyðarlaganna verður IceSave að milliríkjamáli. Með yfirlýsingum íslenskra stjórnvalda um að „vinir hafi brugðist", að „leita verði nýrra vina", að Ísland „ætli ekki að greiða skuldir óreiðumanna", að Ísland muni leita úrskurðar dómstóla um réttmæti IceSave skuldbindinganna, verður IceSave málið að milliríkjadeilu. Meðan þau viðhorf sem hér birtast einkenna umræðuna um IceSave á Íslandi er ekki að furða þótt íslenskum stjórnvöldum sé mætt af mikilli tortryggni erlendis.

Á fyrstu dögum hrunsins tóku stjórnvöld á Íslandi sér stöðu með íslenska bankakerfinu og íslenskum innistæðueigendum. Séð frá stjórnvöldum erlendra ríkja tóku stjórnvöld á Íslandi sér stöðu með íslenskum bankamönnum, en gegn stjórnvöldum erlendra ríkja og viðskiptavinum íslensku bankanna erlendis. Í skammsýni og fáti tóku þau þá áhættu að brenna sig inni með IceSave og þjóðinni.

Á fyrstu dögum hrunsins var sá tónn sleginn sem gaf til kynna hvernig íslensk stjórnvöld myndu reynast í milliríkjasamskiptum. Sá tónn sagði til um það, að hve miklu leyti íslensk stjórnvöld taka ábyrgð á samningum sem opnuðu fyrir alþjóðavæðingu íslenska viðskiptalífsins, að hve miklu leyti Íslendingar eru tilbúnir til að viðurkenna lýðræðislega ábyrgð sína á starfsemi íslenskra einkafyrirtækja sem með leyfi íslenskra stjórnvalda starfrækja viðskipti sín á erlendri grund, að hve miklu leyti íslensk stjórnvöld eru tilbúin til samstarfs um lausnir á áhrifum hrikalegasta bankahruns sögunnar sem vissulega er ekki einkamál Íslendinga. Þau viðhorf sem enduróma frá Íslandi eru að skaða orðspor og samningsstöðu þjóðarinnar í alþjóðasamfélaginu meira en IceSave málið sjálft gefur tilefni til.

Orðspor Íslands og traust á stjórnvöldum landsins er laskað. Íslenska efnahagshrunið er nú notað sem kennslubókardæmi um hörmulegustu óstjórn í efnahags- og fjármálum einnar þjóðar. Neðar er ekki hægt að komast. Sögusagnir ganga um íslenska bankamenn og skilanefndir bankanna. Öllu slæmu virðist trúað um stjórnvöld landsins. Ómurinn af þeirri umræðu sem á sér stað í sölum Alþingis og framganga og gönuhlaup einstakra þingmanna gerir lítið annað en að staðfesta þann grun umheimsins að Íslendingar sjái ekki þátt Íslands í eigin hruni, heldur álíti að hrun íslenska fjármálakerfisins sé allt öðrum að kenna. Því lengur sem Alþingi hefur IceSave málið til meðferðar því verra fyrir þjóðina sem nú þarf að treysta á alþjóðlegt samstarf.

IceSave er ekki einkamál Íslendinga. IceSave snýst um siðferði og pólitík í samskiptum þjóða. IceSave er dæmi um það hvernig menn leyfa sér að ganga eins langt og hægt er og komast upp með það. Með IceSave gengu menn lengra en regluverkið hafði gert ráð fyrir að væri hugsanlegt. Íslendingar nutu frelsisins sem fylgdi EES samningnum á meðan allt lék í lyndi án þess að axla þá ábyrgð sem frelsinu fylgir. Nú þegar allt er hrunið, virðast þeir heldur ekki ætla að taka ábyrgð á aðild sinni að samningnum. Þess vegna er IceSave nú pólitísk milliríkjadeila. Sem pólitískt mál snýst IceSave um lýðræðislega ábyrgð. Stjórnvöld sem ekki gangast við ábyrgð sinni með hæfilegri auðmýkt og virðingu bregðast þjóð sinni. Nú er runninn upp tími sjálfskoðunar og heiðarleika. Stjórnvöld mega ekki láta þjóðina halda áfram að engjast í IceSave snörunni, heldur láta af afneitun og hefja nýja byrjun með nýjum tón. Hér þarf ríkisstjórnin að eiga frumkvæði.

Brátt fá íslensk stjórnvöld einstakt tækifæri til að vinna aftur traust þjóðarinnar og umheimsins. Þetta tækifæri felst í útgáfu skýrslu rannsóknarnefndar þingsins á aðdraganda og orsökum bankahrunsins. Hér þarf Alþingi Íslendinga að ganga fram fyrir skjöldu og lýsa því yfir gagnvart umheiminum að niðurstöður rannsóknarnefndarinnar verði nú notaðar til að gera upp fortíðina, hér verði engu undan skotið heldur allt gert til að byggja hér upp heiðarlegt siðmenntað samfélag sem umheimurinn geti treyst.

Í tengslum við útgáfu skýrslunnar þarf að boða erlendar og innlendar fréttastöðvar til fréttamannafundar og nota þá augnabliksathygli umheimsins sem þar gefst til að slá nýjan tón. Þannig hefst hin siðferðilega og pólitíska endurreisn Íslands.

Erlendis eiga Íslendingar marga góða vini. Óvinir Íslands standa okkur nær.

*Höfundur er stjórnsýslufræðingur.*

# Stjórnir fyrirtækja borgarinnar

**UMRÆÐAN**
Oddný Sturludóttir skrifar um borgarmál



ODDNÝ STURLUDÓTTIR

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir borgarfulltrúi skrifaði athyglisverða grein um stjórnkerfi borgarinnar á mánudag. Hún fjallar um hversu erfitt fámenn borgarstjórn á með að sinna hlutveri sínu. Virðist helsti vandinn vera að borgarfulltrúar bítast um sæti í nefndum og stjórnum með fégræðgi að leiðarljósi.

Þetta kannast ég reyndar ekki við en hef núna öðlast dýrmæta innsýn í þankagang borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Þau skilja ekki stjórnkerfisbreytingar síðasta kjörtímabils því þau nálgast breytingar nær eingöngu út frá launa- og starfsumhverfi borgarfulltrúa. Hið rétta er að stjórnkerfisbreytingarnar snerust um aukið lýðræði, nærþjónustu við íbúa úti í hverfum og minni miðstýringu.

Þorbjörg Helga víkur einnig að fyrirkomulagi í stjórnum fyrirtækja borgarinnar. Hér vil ég skoða málið í víðara samhengi og spyrja hvort eðlilegt sé að borgarfulltrúar sitji yfirleitt í stjórnum fyrirtækja? Það er andstætt nútímalegum stjórnarháttum í fyrirtækjum að sama fólk sinni bæði hlutverki stjórnarmanna og eigenda, borgarfulltrúar ættu að einbeita sér að því síðarnefnda. Í ofanálag er um starfandi stjórnmálamenn að ræða. Það er ekkert launungarmál að t.d. OR hefur liðið fyrir það allt of lengi að stjórnmálamenn noti hana sem pólitískan vígvöll. Það er varla til hagsbóta fyrir fyrirtækið. Borgarfulltrúar eru kjörnir fulltrúar íbúanna sem eiga jarðvarmann og vatnsbólin. Borgarfulltrúar eru því eins og hluthafar í fyrirtæki og koma að grundvallarstefnumótun fyrirtækisins; móta t.d. græna stefnu og fjárfestingarstefnu. Það gætu þeir hæglega gert í sérstöku orku- og auðlindaráði, sem hefði sama sess og önnur fagráð borgarinnar. Í stjórn fyrirtækisins ættu að sitja einstaklingar með víðtæka þekkingu til að veita stjórnendum fyrirtækisins aðhald, skipaðir af stjórnmálaflokkum til að ábyrgð þeirra sé skýr. Slíkt fyrirkomulag var viðhaft í 100 daga meirihlutanum með góðum árangri. Samfylkingin hefur ávallt staðið fyrir lýðræðislegum og gagnsæjum stjórnarháttum og að stjórnun fyrirtækja sé fagleg og hagsmunaárekstrar sem fæstir.

Það er því tímabært að Samfylkingin í Reykjavík fylgi í orði eftir lýðræðislegum stjórnkerfisbreytingum síðasta kjörtímabils. Þar eru fyrirtæki borgarinnar ekki undanskilin.

*Höfundur er borgarfulltrúi.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Það rýkur úr prentvélunum!

**Frábærar metsölubækur eftir ástsælar íslenskar skáldkonur**

## AUÐUR

Hrífandi saga um einn frægasta landnema Íslands, Auði djúpúðgu, eftir Vilborgu Davíðsdóttur.



ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
TILNEFNING
1989-2009




3. PRENTUN KOMIN

„... afbragðsgóð ... Sögusviðið spennandi og persónurnar lifandi og trúverðugar.“
Bryndís Símonardóttir / midjan.is




3. PRENTUN KOMIN

2. Sæti
Innbundin skáldverk og ljóðabækur 09.12.09
METSÖLULISTI EYMUNDSSON

## KARLSVAGNINN

Dásamleg frásögn um kynslóðabil og mikilvægi minninganna eftir Kristínu Marju Baldursdóttur.



★★★★

Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttablaðið

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

# Styrkur Orkuveitunnar

UMRÆÐAN
Guðlaugur Sverrisson skrifar um Orkuveitu Reykjavíkur


GUÐLAUGUR SVERRISSON

Í þeim hremmingum sem íslenskt efnahagslíf gengur í gegnum eru ekki mörg fyrirtæki sem hafa styrk til þess að ráðast í atvinnuskapandi fjárfestingar. Stór hluti atvinnureksturs í landinu hefur orðið fyrir þvílíkum áföllum að stjórnendur halda að sér höndum og fyrir vikið verður samdráttur meiri en ella.

Efnahagur OR varð vissulega fyrir ágjöf við hrun krónunnar. Fyrirtækið hefur engu síður styrk til að taka þátt í arðsömum fjárfestingum sem skapa þúsundum atvinnu og fyrirtækinu traustar gjaldeyristekjur næstu áratugi. Alþjóðleg fjármálafyrirtæki treysta OR til að fara skynsamlega með lánsfé. OR var fyrsti íslenski aðilinn sem tókst að endurvinna slíkt traust eftir hrun.

Þau verkefni, sem OR hyggst ráðast í, lúta að áframhaldandi uppbyggingu jarðhitanýtingar á Hengilssvæðinu. Á síðasta kjörtímabili R-listans var stefnan mörkuð um þessa uppbyggingu, sem nú er fylgt eftir. Lúta þær jafnt að öflun orku í formi heits vatns fyrir hitaveitu höfuðborgarbúa og framleiðslu raforku fyrir uppbygginguna á Grundartanga og í Helguvík. Þessar framkvæmdir eru ein af forsendum efnahagsáætlunar ríkisstjórnarinnar og hefur ríkt nánast einhuga samstaða innan stjórnar OR um þessi mál.

Þessar ákvarðanir, sem teknar voru á síðasta kjörtímabili, hafa kostað mikla fjármuni. Þeir komu úr rekstri OR og það sem a vantaði var tekið að láni á hagstæðum kjörum erlendis. Við gengishrun krónunnar hafa þessi lán hækkað umtalsvert í krónum talið. Á móti kemur vitaskuld, að þær erlendu tekjur, sem fjárfestingar afla, hafa líka hækkað verulega í krónum, m.ö.o. hafa eignirnar líka aukið verðmæti sitt í krónum talið.

Það er full ástæða til að taka stöðu fjármagnsfreks atvinnurekstrar hér á landi alvarlega. Hins vegar er ástæðulaust að níða niður þann rekstur sem þó hefur afl og þrótt til að byggja upp á þessum niðurskurðartímum. Þótt maður sé í framboði.

*Höfundur er stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur.*

# Vel heppnuð opin hús í hverfum borgarinnar

UMRÆÐAN
Júlíus Vífill Ingvarsson skrifar um skipulagsmál


JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON

Vinna stendur nú yfir við mótun nýs aðalskipulags fyrir Reykjavík sem nær til tímabilsins 2010 til 2030, með framtíðarsýn allt til ársins 2050. Mikil áhersla er lögð á samráð við íbúa og hagsmunaaðila í þessari vinnu og það er því einkar ánægjulegt að yfir 500 íbúar skuli hafa lagt leið sína í opin hús í öllum 10 hverfum borgarinnar á vegum Skipulags- og byggingasviðs Reykjavíkur, sem nú er nýlokið.

**Marktæk áherslubreyting**

Afrakstur þessara stefnumóta eru yfir 1.500 hugmyndir og ábendingar frá borgarbúum um það sem betur má fara í skipulagsmálum Reykjavíkur. Of langt mál væri að telja upp allar þær hugmyndir sem komu fram í opnu húsunum en almennt tel ég mig geta fullyrt að þar megi greina marktæka áherslubreytingu frá gildandi skipulagi, sem lýsir sér e.t.v. best í fráhvarfi frá stórborgarbrag yfir í þorpsbrag þar sem áhersla er lögð á nærumhverfið og fjölskylduog vinatengsl.

Almennt er lagt upp úr því að efla kjarnastarfsemi í hverju hverfi, tryggja umferð gangandi vegfarenda og hjólreiðafólks innan hverfa og efla aðstöðu til íþrótta og útiveru. Þá nefndu margir að efla þyrfti verslun í hverfunum og varð sumum tíðrætt um endurkomu kaupmannsins á horninu. Það kom líka ánægjulega á óvart hversu umhugað íbúum er almennt um að hlúa að, vernda og varðveita byggðina í borginni og skila henni með sóma til næstu kynslóðar.

**Tillaga að nýju aðalskipulagi á næsta ári**

Næstu skref í aðalskipulagsvinnunni eru að skipulagssérfræðingar borgarinnar og stýrihópur um endurskoðun aðalskipulagsins, skipaður fulltrúum allra flokka í borgarstjórn, skoða gaumgæfilega þessar hugmyndir og vefa úr þeim og öðrum áhugaverðum ábendingum tillögu að nýju aðalskipulagi, sem gert er ráð fyrir að kynnt verði formlega þegar líður fram á næsta ár. Þá gefst borgarbúum aftur tækifæri til að koma með athugasemdir og ábendingar, lögum samkvæmt, áður en tillaga að nýju aðalskipulagi fer til afgreiðslu borgaryfirvalda.

*Það kom líka ánægjulega á óvart hversu umhugað íbúum er almennt um að hlúa að, vernda og varðveita byggðina í borginni og skila henni með sóma til næstu kynslóðar.*

**Leggðu þitt af mörkum**

Hægt er að skoða allar hugmyndirnar sem fram komu í opnu húsunum eftir hverfum á verkefnavef aðalskipulagsins, www.adalskipulag.is. Þar geta líka íbúar sem ekki höfðu tök á því að sækja hverfafundina líka komið á framfæri hugmyndum sínum og ábendingum í skipulagsmálum.

Reykvíkingar, það er núna sem þið hafið tækifæri til að móta framtíðina!

*Höfundur er formaður skipulagsráðs og stýrihóps um endurskoðun aðalskipulags.*

Það er kalt á toppnum!

GRAM
Gram kæli- og frystiskápar.
Gram býður upp á notagildi, frábæra endingu og sígilt útlit sem stenst tímans tönn. Fullkomin eldhústækjalína í hvítu, áli eða stáli.
Fönix býður nú kæli- og frystiskápa frá Gram í meira úrvali en áður af öllum stærðum og gerðum.






FÖNIX
Hátúni 6a • 105 Reykjavík • Sími 552 4420 • www.fonix.is

# Úr veikindum í vinnu

UMRÆÐAN
Ingibjörg Þórhallsdóttir skrifar um starfsendurhæfingu


INGIBJÖRG ÞÓRHALLSDÓTTIR

Flestir fara aftur til vinnu eftir veikindafjarvist, án aðstoðar. Árlega fá þó um það bil þúsund nýir einstaklingar örorkubætur hjá Tryggingastofnun og lífeyrissjóðum. Með réttum stuðningi hefðu margir þessara einstaklinga aldrei orðið öryrkjar, en oft má rekja örorku til þess að eitthvað hafi farið úrskeiðis í leiðsögn eða ráðgjöf til einstaklingsins meðan á veikindum stóð, til umfverfisþátta eða til illa ígrundaðra laga og reglugerða.

**Starfsendurhæfingarsjóður**

Starfsendurhæfingarsjóður, VIRK, var stofnaður að frumkvæði aðila vinnumarkaðarins til að aðstoða þá sem eru veikir, oft eða lengi, við að vera í eða komast aftur í vinnu og minnka þar með nýgengi örorku. Fyrirmyndin er sótt bæði til Norðurlanda og annarra þjóða, en útfærslan er íslensk. Í stjórn sjóðsins sitja fulltrúar samtaka eins og ASÍ, BSRB og BHM, atvinnurekenda og ríkis.

Starfsendurhæfing er þverfaglegt ferli og byggir á samvinnu einstaklinga, ráðgjafa, atvinnurekenda, heilsugæslu og ýmissa fagaðila. Henni ætti ekki að rugla saman við læknisfræðilega endurhæfingu sem fer fram innan heilbrigðiskerfisins.

Atvinnurekendur, bæði í einkageiranum og þeim opinbera, greiða iðgjald í sjóðinn fyrir hvern launamann. Sjóðurinn er stefnumótandi fjármögnunaraðili í starfsendurhæfingu og greiðir fyrir fjölþætt úrræði sem ekki eru fjármögnuð af opinberum aðilum. Hugmyndafræði sjóðsins byggir á snemmbærri íhlutun, atvinnutengingu og jafnræði. Til að tryggja jöfnuð í aðgengi er þjónustan um allt land og notendum að kostnaðarlausu. Nú starfa 18 ráðgjafar í starfsendurhæfingu á vegum stéttarfélaga.

**Ráðgjafar í starfsendurhæfingu**

Fyrir flesta er endurkoma til vinnu eftir veikindi eftirsóknarverð, en margir upplifa heilsufarslegar, persónulegar eða félagslegar hindranir sem gera þeim það erfitt. Þessum einstaklingum er mikilvægt að hafa aðgang að ráðgjafa í starfsendurhæfingu. Hann vinnur með einstaklingnum í veikindum og hvetur hann til dáða, metur þarfir hans og tækifæri, fylgir málum eftir, samhæfir störf ólíkra úrræðaaðila og greiðir fyrir þjónustu þeirra. Fyrst og fremst er leitað að leiðum fram hjá hindrunum sem einstaklingurinn upplifir gegn því að fara aftur í vinnu.

Fyrir utan að byggja á einstaklingsbundnu mati er lögð áhersla á fjölþætt persónuleg, heilsutengd eða atvinnutengd úrræði sem hjálpa einstaklingnum að komast sem fyrst aftur til starfa og helst hjá sama atvinnurekanda. Þetta þarf að gerast í samvinnu allra hlutaðeigandi aðila og gerir kröfu um að brugðist sé fljótt við langtíma veikindafjarvistum og tíðum skammtíma fjarvistum.

**Tíminn skiptir máli**

Flestar rannsóknir sýna að því lengur sem einstaklingur er frá vinnu, því minni líkur eru á að hann komist nokkurn tíma aftur í vinnu. Samkvæmt breskum tölum eru langtíma fjarvistir (>28dagar) frá vinnu u.þ.b. 20% allra veikindafjarvista og eru þeir einstaklingar sem þar eru að baki í áhættuhópi um varanlegt brotthvarf af vinnumarkaði og í örorku. Undirbúningur að endurkomu til vinnu þarf því að hefjast samhliða nýtingu langtíma veikindaréttar hjá atvinnurekanda og í síðasta lagi við töku sjúkradagpeninga hjá stéttarfélagi. Ef fyrirsjáanlegt er að einstaklingur verði meira en fjórar vikur samfellt frá vinnu vegna veikinda, ætti hann að leita til ráðgjafa í starfsendurhæfingu.

Frá því í haust hafa meira en 400 einstaklingar notið þjónustu ráðgjafa hjá stéttarfélögunum og þeim einstaklingum fjölgar stöðugt sem nota þessa þjónustu til að auðvelda sér endurkomu til vinnu eftir veikindi.

Það er hagur okkar allra að gera allt sem hægt er til að fólk með skerta starfsgetu vegna heilsubrests eða fötlunar, geti samt verið í eða farið aftur í vinnu. Auk stuðnings ráðgjafa og sérfræðiþjónustu af ýmsu tagi leggur VIRK áherslu á úrræði sem tengjast vinnu einstaklinganna, enda skilar slíkt fyrirkomulag oft bestum árangri. Ef í ljós kemur að atvinnutenging er ekki vænleg er leitað annarra og oft tímafrekari úrræða. Aðeins þegar fullreynt er að starfsendurhæfing muni ekki bera árangur ætti að skoða möguleika á örorkubótum eða öðrum varanlegum framfærsluúrræðum.

Framtíðarsýn okkar er að meira rými verði á vinnumarkaði fyrir fólk með skerta starfsgetu og að viðhorf og reglur í samfélaginu breytist til að það verði mögulegt.

*Höfundur er sérfræðingur hjá Starfsendurhæfingarsjóði. Nánari upplýsingar má finna á virk.is.*

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki





BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
539
KR.KG.
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
BÓNUS
Kjúklingur
Bringur
1598
KR.KG.
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
ÍSLANDS NAUT
30%
AFSLÁTTUR
Í.N FERSKT UNGNAUTAHAKK
MERKT VERÐ 1498 KR.KG. 30% AFSLÁTTUR 1049 kr.kg.
100% NAUTAKJÖT
ÍSLANDS NAUT
4 stk. hamborgarar
30%
AFSLÁTTUR
Í.N FERSKIR UNGNAUTAHAMBORGARAR 4 STK M/BRAUÐI
MERKT VERÐ 798 KR.PK. 30% AFSLÁTTUR 559 kr.pk.
BÓNUS
FORSOÐNAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR
298
KR.PK
BÓNUS FORSOÐNAR KARTÖFLUR 900G
198
KR.STK
BÓNUS RÚGBRAUÐSKUBBUR 500G
698
KR.KG
K.S SALTFISKUR ÚTVATNAÐUR
878
KR.KG
F.O KÆST OG SÖLTUÐ SKATA
MERKT VERÐ 1098 KR.KG. 20% AFSLÁTTUR
Gríms Plokkfiskur
398
KR.PK
GRÍMS PLOKKFISKUR 400G
SPIDER-MAN
Hello Kitty
299
FYRIR JÓLASVEINANA
KR.STK
SPIDERMAN OG HELLO KITTY SOKKAR
NÝ SENDING ÓBREYTT VERÐ
779
KR. 2.3 KG
Robin
ROBIN KLEMENTÍNUR 2,3 KG KASSI 779 KR.
HINAR EINU SÖNNU JÓLAKLEMENTÍNUR
298
KR.KG
AMERÍSK RAUÐ JÓLAEPLI PÖKKUÐ
FYRIR JÓLASVEINANA
MIKIÐ ÚRVAL AF GLOW-VÖRUM
SJÁLFLÝSANDI SKRAUTI
98
FYRIR JÓLASVEINANA
KR.STK
BÓNUS LÍMMIÐAR 98 KR.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
VERÐTILBOÐIN GILDA FRÁ MIÐVIKUDEGI TIL SUNNUDAGS

# Opið bréf til heilbrigðisráðherra

UMRÆÐAN

Bylgja Kærnested skrifar um heilbrigðismál



BYLGJA KÆRNESTED

Boðaður er mikill niðurskurður í heilbrigðiskerfinu á næsta ári og vill hjúkrunarráð Landspítala vekja athygli heilbrigðisráðherra á áhrifum þess að skerða áfram fjárframlög til Landspítala (LSH). Ráðið hefur verulegar áhyggjur að frekari sparnaður komi niður á öryggi og þjónustu við sjúklinga. Landspítalinn er spítali allra landsmanna og er hann helsta öryggisnet alvarlega veikra einstaklinga á Íslandi. Þá kallar hjúkrunarráð eftir skýrari stefnu varðandi hvernig eigi að skera niður án þess að valda óafturkræfu tjóni á jafn viðkvæmu kerfi og heilbrigðiskerfið er.

Árum saman hefur Landspítalinn þurft að hagræða og á sama tíma að vernda þjónustu við sjúklinga. Landspítala er gert að draga saman um 9% árið 2010. Það er svipað og fyrir síðastliðið ár sem reynt hefur mjög á spítalann. Nú þegar hefur verið gripið til margvíslegra sparnaðaraðgerða og allra leiða hefur verið leitað til að láta þær ekki koma niður á öryggi og þjónustu við sjúklinga. Sólarhringsdeildum hefur víða verið breytt í dagdeildir og göngudeildarþjónusta aukin. Það er erfitt að sjá að hægt sé að ganga enn lengra á næsta ári án þess að skerða þjónustuna verulega. Annað áhyggjuefni er að þegar þjónusta er skert annars staðar í heilbrigðiskerfinu leita sjúklingar í auknum mæli á Landspítala. Hjúkrunarráð varar við þeim væntingum að þjónustan geti haldist óskert og hvetur til þess að opin umræða fari fram um það hvernig þjónustan verði og hvaða afleiðingar það muni hafa í för með sér.

Uppsagnir starfsfólks eru óumflýjanlegar eigi Landspítali að halda sig innan fjárheimilda. Það er mikið áhyggjuefni og varar hjúkrunarráð sérstaklega við því að fækka hjúkrunarfræðingum. Rannsóknir erlendis benda til að fækkun hjúkrunarfræðinga ógni öryggi sjúklinga þannig að fylgikvillum og dauðsföllum fjölgar. Vert er að benda á að sá árangur sem náðst hefur í heilbrigðiskerfinu er ekki síst vegna góðrar menntunar heilbrigðisstétta, mannauðurinn hefur skapað árangurinn. Hjúkrunarfræðingar eru lykilstarfsmenn þegar kemur að því að byggja upp göngudeildir, dagdeildir og sérhæfa heimahjúkrun. Meðal sparnaðaraðgerða á Landspítala er að endurnýja ekki tímabundnar ráðningar. Hópur nýútskrifaðra hjúkrunarfræðinga, sem hófu störf í vor, mun því brátt missa vinnuna. Þetta getur leitt til atgervisflótta úr stétt hjúkrunarfræðinga og sömuleiðis verður ekki nauðsynleg endurnýjun innan hennar.

Ráðherra hefur bent á það í ræðum að Landspítali hefur á tímum hagræðingar veitt góða þjónustu og í ljósi þess þá sé öryggi sjúklinga ekki ógnað nú. Nú er hins vegar svo komið að ekki verður lengra gengið í hagræðingu og því er óhjákvæmilegt að þjónustan skerðist. Íslenska heilbrigðiskerfið hefur komið vel út í alþjóðlegum samanburði. Harkalegur niðurskurður mun stefna þeim árangri í hættu. Öllum er ljóst að draga þarf úr útgjöldum ríkisins á þessum erfiðu tímum. Ekki má þó ganga svo nærri Landspítalanum að hann geti ekki sinnt verkefnum sínum sem spítali fjölmennasta svæðis landsins og eini spítalinn sem sinnir flóknari meðferðum fyrir allt landið. Mikilvægt er að tímabundnir erfiðleikar í íslensku efnahagslífi verði ekki til þess að stoðunum sé kippt undan Landspítalanum til lengri tíma. Leiðarljósið þarf að vera að tryggja gæði og öryggi þjónustunnar.

*Höfundur er formaður hjúkrunarráðs LSH.*

# Ráðstöfun Lottóhagnaðar

UMRÆÐAN

Hörður Þorsteinsson skrifar um Lottó



HÖRÐUR ÞORSTEINSSON

Eiður Guðnason, fyrrverandi sendiherra, heldur áfram að hamast gegn íþróttahreyfingunni í grein sinni í Fréttablaðinu 10. desember. Þar fullyrðir hann að undirritaður hafi ekki hrakið neitt af því sem fram komi í grein hans um sama málefni sem líka birtist í Fréttablaðinu. Enn og aftur snýr Eiður út úr.

Ekki var ætlun mín að hrekja nokkuð af því sem Eiður leggur til um skiptingu Lottóhagnaðar. Hann má hafa þá skoðun á skiptingu opinbers fjár, þar með talið skiptingu Lottóhagnaðar, sem hann vill. Þeirri skoðun deili ég ekki með honum og get ég eitt um það sagt, að ég er þakklátur fyrir að hann er ekki lengur á Alþingi, þar sem ákvarðanir um skiptingu opinberra fjármuna eru teknar.

Aftur á móti fannst mér ómerkilegt af honum að gefa í skyn að íþróttafélög landsins og Ungmennasamtök Íslands noti fjármuni sína til að greiða ofurlaun og stundi brask. Íþróttasamband Íslands og Ungmennasamband Íslands standa fyrir viðamiklu starfi við ræktun lands og lýðs og fullyrði ég að þeim fjármunum sem renna til íþróttahreyfingarinnar sé vel varið. Ég hafna því að þeir séu nýttir til að greiða íþróttamönnum ofurlaun. Eðli málsins samkvæmt fer stór hluti þess fjármagns sem rennur til íþróttahreyfingarinnar í launagreiðslur, sem deilist á þúsundir þjálfara, leiðbeinenda og stjórnenda sem sjá um að þjálfa og skipuleggja þá starfsemi sem í boði er.

Eiður lýsir þeirri skoðun sinni að golfíþróttin eigi ekki að njóta ríkisstyrkja eða Lottóhagnaðar. Ég er sammála Eiði um að Lottóhagnaðurinn sé ígildi beinna ríkisstyrkja. Get ég því með sama hætti sagt að þeir sem vilja hlusta á Sinfóníuhljómsveit Íslands og fara á tónleika þeirra geti borgað það úr eigin vasa, í stað þess að hljómsveitin fái framlag úr ríkissjóði sem er hærra en samanlagt framlag ríkisins til ÍSÍ og afrakstur ÍSÍ af Lottóhagnaði.

Framlög ríkisins til listastofnana og listamanna eru margföld á við framlög til íþróttahreyfingarinnar. Ef breyta á fyrirkomulagi á skiptingu Lottóhagnaðar er eðlilegt að útgjöld til þessara samfélagsverkefna séu endurskoðuð í heild. Jafnframt væri fróðlegt að spyrja sendiherrann fyrrverandi hvort ekki sé jafnframt skynsamlegt að endurskoða einkaleyfi til happdrættisreksturs og reksturs spilakassa sem eru lögverndaðar peningamaskínur og skapa handhöfum þeirra margfalt fjármagn á við það sem Lottó skilar.

Það er sannfæring mín að fjármunir úr almannasjóðum til íþróttahreyfingarinnar sé skynsamleg ráðstöfun fjármagns. Forvarnargildi íþrótta er mikið og eykur lífsgæði þeirra sem þær stunda. Jafnframt sýna margar rannsóknir að íþróttaiðkun sparar útgjöld til heilbrigðis- og félagsmála. Með öflugum stuðningi við íþróttahreyfinguna væri hægt að spara mikla fjármuni í opinberum rekstri, sem við gætum nýtt í aðra samfélagslega þjónustu eins og menningu og listir.

Ef skoðað er frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2010 er því miður horfið af þeirri braut að efla fé til íþróttamála og mikill niðurskurður er á þeim málaflokki á meðan listastofnanir búa við lítinn sem engan niðurskurð á sinni starfsemi. Það er ekki okkar háttur í íþróttahreyfingunni að gagnrýna fjárveitingar til annarra aðila, við samgleðjumst með listastofnunum og listamönnum. Aftur á móti þurfum við í íþróttahreyfingunni að vera duglegri í að láta í okkur heyra og upplýsa ráðamenn um gildi íþróttastarfs fyrir samfélagið og hversu mikill þjóðhagslegur sparnaður er af því að hér á landi sé rekið öflugt íþróttastarf.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Golfsambands Íslands.*




# Skattastefnan og jöfnuður

UMRÆÐAN

Björgvin Guðmundsson skrifar um skattamál



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Atvinnurekendur ráku upp mikið ramakvein vegna hugmynda ríkisstjórnarinnar um að leggja á orku- og auðlindaskatt. Upphaflega var gert ráð fyrir því í fjárlagafrumvarpinu, að slíkur skattur gæti gefið 16 milljarða í ríkissjóð en ekki var að finna í frumvarpinu neina útfærslu á slíkum skatti. Síðar var horfið frá svo háum skatti og ákveðið að hafa hann mikið lægri. Sérstaklega var kvartað mikið vegna nýja skattsins af hálfu álfyrirtækjanna eða talsmanna þeirra. Hugmyndin er sú, að skatturinn verði lagður á orkusölu til þeirra. Ekki var rætt um það háan skatt, að hann myndi íþyngja álfyrirtækjunum um of. Umhverfið hér hefur verið þessum fyrirtækjum mjög hagstætt að undanförnu m.a. vegna lágs orkuverðs og mikils gengisfalls krónunnar. Þau hafa hagnast mikið á hagstæðu gengi.

**Meira réttlæti í skattamálum**

Ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna er ákveðin í því að koma á meira réttlæti í skattamálum, leggja hærri skatta en áður á hátekjumenn og fyrirtæki en lægri skatta en áður á lágtekjufólk. Ríkisstjórnir Sjálfstæðisflokks og Framsóknar höfðu þveröfuga stefnu í skattamálum. Þær léttu sköttum af hátekjufólki og atvinnurekendum en þyngdu skatta á lágtekjufólki. Þessi stefna jók ójöfnuð í landinu og var mjög óréttlát. Kominn er tími til að leiðrétta hana. Álagning orku- og auðlindaskatts er liður í því svo og að hækka verulega fjármagnstekjuskatt. Hann var 10%, sennilega sá lægsti á byggðu bóli. Margir fjármagnseigendur hafa ekki greitt neinn tekjuskatt eða útsvar heldur aðeins 10% fjármagnstekjuskatt á sama tíma og launafólk hefur greitt 37% skatt. Ríkisstjórnin hyggst minnka þetta bil og fara með fjármagnstekjuskatt hærra. Það er rétt skref. Jafnframt hyggst ríkisstjórnin setja frítekjumark fyrir ákveðnar sparifjárupphæðir, sem fólk á í banka, svo það þurfi ekki að greiða fjármagnstekjuskatt af tiltölulega lágum sparifjárupphæðum.

**Hækka verður skattleysismörkin meira**

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu verða skattar hækkaðir mikið, bæði beinir og óbeinir skattar. Það er óhjákvæmilegt vegna mikils halla á ríkissjóði. Það þarf að minnka hallann verulega. Fjármálaráðherra segir að skattar í heild verði svipaðir sem hlutfall af landsframleiðslu og þeir voru fyrir nokkrum árum. Ég fagna því, að ríkisstjórnin í ætli að leggja skattana þannig á einstaklinga að þeir komi léttar niður á lágtekjufólki og þyngra á hátekjufólki. En fréttir um að ekki verði staðið við hækkun skattleysismarka eins og lofað hafði verið eru ekki í samræmi við fyrri stefnu ríkisstjórnarinnar. Þau verða þó hækkuð nokkuð. Skattleysismörkin verða ekki hækkuð meira. Það er besta leiðin til þess að bæta kjör láglaunafólks og eldri borgara. Verkalýðshreyfingin hefur þegar mótmælt því að ríkisstjórnin sé að falla frá ráðgerðri hækkun skattleysismarka og krefst þess að staðið verði við það fyrirheit. Það var ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks sem ákvað að skattleysismörkin skyldu hækkuð í áföngum á nokkrum árum og það var síðan ítrekað í stöðugleikasáttmálanum. Núverandi ríkisstjórn er

*Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu verða skattar hækkaðir mikið, bæði beinir og óbeinir skattar. Það er óhjákvæmilegt vegna mikils halla á ríkissjóði.*

aðili að sáttmálanum. Hún verður að standa við hann. Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks áttu skattleysismörk að hækka um 20 þús. (á mánuði) árlega í 3 ár. Skattleysismörkin áttu í ár að hækka um 20 þús. á mánuði.

**Sköttum dreift réttlátlega**

Stefnan í skattamálum segir mikið til um það hvert stjórnvöld vilja stefna. Núverandi ríkisstjórn Samfylkingar og VG vill kenna sig við félagshyggju og velferðarkerfi. Stefnan í skattamálum segir mikið til um það hvort ríkisstjórnin stendur undir nafni. Það er eðlilegt að félagshyggjustjórn noti skattastefnuna til þess að jafna tekjur í þjóðfélaginu. Og það er hún nú að reyna að gera með því að hækka skatta á fyrirtækjum, fjármagnseigendum og háum tekjum og létta skatta láglaunafólks. Það er tími til kominn eftir að láglaunafólk hefur árum saman verið skattpínt af ríkisstjórnum Sjálfstæðisflokks og Framsóknar. Ég skora á ríkisstjórnina að halda fast við þessa stefnu þrátt fyrir háværi mótmæli samtaka atvinnurekenda og fulltrúa álverksmiðja.

Samkvæmt skýrslu,sem OECD birti um skattamál á Íslandi í fyrra hækkuðu skattar hér á tímabilinu 1990-2006 úr 38% af landsframleiðslu í 48%. Á sama tíma hækkuðu skattar á lágtekjufólki um 15 prósentustig. Þessi skýrsla talar sínu máli um áhrif íhalds og framsóknar á skattamálin hér á landi.

*Höfundur er viðskiptafræðingur.*



4BLS BÆKLINGUR
TILBOÐ TIL JÓLA
FRÁBÆR TILBOÐ ALLA DAGA TIL JÓLA
NÝ TILBOÐ
2 VERSLANIR STÚTFULLAR AF OPNUNAR- AFMÆLIS- OG JÓLATILBOÐUM :)
VÍRUS VÖRN
INTERNET SECURITY 2010 VÍRUSVÖRN
3.990
TREND MICRO
Internet Security
ÍS FYRIR ALLA
LJÚFENGUR EMMESS ÍS Í BOÐI MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
emmessís
NÝ VERSLUN
Í DAG KL. 10 OPNUM VIÐ GLÆSILEGA NÝJA VERSLUN Í UNDIRHLÍÐ 2 Á AKUREYRI
TÖLVUTEK
Borgartún 31 Reykjavík
Undirhlíð 2 Akureyri
TILBOÐ GILDA DAGANA 16-23 DESEMBER EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST • BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL



# SPILARI

**MARGMIÐLUNARSPILARI**

- Tengist beint í sjónvarp/græjur
- Spilar kvikmyndir, tónlist, ljósmyndir
- 720P upscaling fyrir meiri gæði
- Spilar beint af minniskortum
- Spilar beint af USB minnislyklum
- Spilar beint af USB flökkurum

**9.990**

HVERGI BETRA VERÐ!



SPILAR & TEKUR UPP

# 1TB

**UPPTÖKUSPILARI 1080i**

- Tengist beint í sjónvarp/græjur
- Spilar kvikmyndir, tónlist, ljósmyndir
- Tekur upp beint úr sjónvarpi
- Spilar efni beint yfir net
- Spilar af öðrum USB flökkurum
- HDMI, RCA, RGB, USB, LAN, ofl.

**44.900**

500GB AÐEINS KR. 39.900

AÐEINS 100 STK

100% ábyrgð á pixlum í nýjum skjám – 100% PIXLAR – Fylgir öllum nýjum skjám í Tölvulistanum



BenQ



HDMI 1080i NÆSTA KYNSLÓÐ SJÓNVARPSFLAKKARA

# 1TB

**HDMI EDITION 1080i**

Nýi Argosy HDMI margmiðlunarspilarinn er með 1080i upscaling sem skilar enn betri myndgæðum á venjulegum kvikmyndum og hægt er að læsa möppum með lykilorði.

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- Hágæða kvikmynda afspilun
- Spilar ljósmyndir í slide show
- Spilar og geymir alla tónlist
- Er einnig handhægur flakkari
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- HDMI, SCART, RCA, HDTV ofl. tengi

**34.900**

500GB AÐEINS KR. 29.900



AÐEINS 20 STK

# 500GB

**LACIE FLAKKARI**

- 500GB LACIE hágæða flakkari
- 33% meiri hraði með USB boost
- Glansandi hönnun frá Sam Hecht
- Örsmár í lófa og aðeins 195gr
- Útdraganleg USB snúra
- Þarf ekki straumbreyti
- Öryggis og afritunar hugbúnaður

**19.900**

320GB LACIE KR. 16.900



## RS120 ÞRÁÐLAUS

Hágæða þráðlaus heyrnartól með innbyggðri NiMH hleðslurafhlöðu ásamt hleðslustöð. Supra Aural tækni tryggir hljómgæðin

**9.990**

SENNHEISER HEYRNARTÓL

AÐEINS 100 STK



## M7000 FARTÖLVUMÚS

Gigabyte M7000 optical fartölvumús fyrir örvhenda og rétthenda, stillanlegt dpi

**1.990**

GIGABYTE HÁGÆÐA MÚS

ÁBRENNT ÍSLENSKT LETUR

AÐEINS 100 STK



## ÞRÁÐLAUST SETT

Vandað þráðlaust lyklaborð með fjölda flýtihnappa og þráðlaus mús frá GIGABYTE

**4.990**

KM7500 ÞRÁÐLAUST SETT

AÐEINS 100 STK



## LEIKJA HEYRNARTÓL

Glæsileg og vönduð Life-Chat leikjaheyrnartól með einstökum hljómgæðum og sveigjanlegum MIC. Frábært fyrir harða leikjaunnendur.

**4.990**

Microsoft HEYRNARTÓL

AÐEINS 100 STK



## i-TRIGUE 3000 KERFI

Glæsilegt og öflugt 24W RMS 2.1 hljóðkerfi frá Creative með öflugu bassaboxi og Neo Titanium hátölurum sem eru með einstaklega tæran hljóm.

**11.900**

CREATIVE HLJÓÐKERFI

TÖLV

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 690



**KÓMEDÍULEIKHÚSIÐ** sýnir jólaleikritið Jólasveinar Grýlusynir í Arnardal við Ísafjörð helgina 19. og 20. desember. Þetta eru þriðju jólin í röð sem leikritið er sýnt og hefur notið mikilla vinsælda. Þetta er sprellfjörugur leikur um gömlu íslensku jólasveinana og ýmsum spurningum reynt að svara um þessa skrítnu karla.




**Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447









Í pólsku höllinni sem Líf og fjölskylda gistu í var einungis boðið upp á kampavín og vodka til drykkjar. Það átti líka við um veitingastaði bæjarins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Blóðblettir á veggjunum

**Ferðalag Lífar Magneudóttur til Póllands fyrir rúmlega áratug er henni eftirminnilegt. Hótelið bauð upp á kartöflur, biluð salerni og hol sjónvörp, og í ofanálag var fjölskyldan rukkuð um mútur á heimleiðinni.**

„Ein eftirminnilegasta ferð sem ég hef farið í var til Póllands með foreldrum mínum árið 1996. Við bjuggum þá í Danmörku og auðsótt var að heimsækja nágrannalöndin fyrir spottprís," segir Líf Magneudóttir vefritstjóri, þegar hún er spurð um eftirminnilegt ferðalag.

Foreldrum Lífar bauðst pakkaferð til bæjar rétt fyrir utan borgina Stettín fyrir einungis fimm hundruð danskar krónur. Innifalið í því var ferja, rúta, matur og gisting í höll. Líf segir alla hafa verið glaða og spennta þar til rútubílstjórinn villtist. „Við enduðum á kornakri við einhvern sveitabæ og það var ekki hægt að snúa við. Við þurftum því að bakka til baka. Um það leyti bilaði salernið í rútunni mönnum til mikils ama. Þegar við komum loksins að höllinni var hún að hruni komin og líktist ekkert þeirri glæsibyggingu sem við héldum að biði okkar."

Í herbergjum niðurníddu hallarinnar voru sturtur en ekkert vatn, skotgöt á veggjum eftir stríðið og sums staðar mátti greina blóðbletti á veggjum. Sjónvörpin voru hol að innan, en Líf segir það ekki hafa komið að sök þar sem flest herbergin hafi verið rafmagnslaus.

Eitt salerni var í höllinni, en það var bilað. Í matsalnum var einungis boðið upp á kartöflur og svínakótelettur, og sömu sögu var að segja af flottasta veitingastað bæjarins. „Nokkrir af þeim allra svengstu fengu sér pylsu hjá götusala og fengu eftir það væga matareitrun," segir Líf og glottir við minninguna. „Svona var öll ferðin. Alls staðar var maturinn óætur og hvergi var hægt að fá mjólk. Rómantíska vatnið sem höllin stóð við og glampaði á í tunglskininu var eini ljósi punkturinn í ferðinni þar til að eina nóttina kom flutningabíll sem á stóð TOXIC og sturtaði torkennilegum vökva í vatnið."

Að sögn Lífar kórónaði heimferðin þó allt saman. „Á landamærunum stöðvuðu tollverðirnir okkur til að rukka mútur og vændu okkur um að vera með of mikið af sígarettum. Ein úr hópnum, sem var orðin langþreytt, sagðist ætla að taka þetta á sig. Tollvörðurinn benti henni á að hún reykti of mikið því þetta væru tvö þúsund karton. Þá kom í ljós að hótelstjórinn í höllinni góðu hafði eytt nóttinni í að hlaða smygli í rútuna," segir Líf og skellir upp úr.

„Þegar við náðum loksins áfangastað, Kaupmannahöfn, beið danska lögreglan þar og vildi að við biðum í rútunni þar til glæponanir kæmu til að ná í góssið. Þá vorum við búin að fá meira en nóg og afþökkuðum. Ég hef aldrei verið jafn fegin að koma heim. Eftir á að hyggja er þetta samt eitt skemmtilegasta ferðalag sem ég hef farið í, þar sem ég verð ætíð kát þegar ég rifja upp sögurnar úr því," segir Líf. *kjartan@frettabladid.is*





Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið



**STAFURINN X** stendur fyrir Krist á grísku. Þaðan er komið enska orðið X-mas.






# Krosssaumur á tölvutæku formi

**Þjóðleg, íslensk jólakort og merkimiðar með áprentuðum krosssaumsmyndum eru heimilisiðnaður Þorbjargar Helgu Ólafsdóttur sem er grafískur hönnuður hjá auglýsingastofunni ENNEMM. Hún segir lítið mál að sauma krosssaumssporið í tölvunni.**

„Ég dútlaði við það í fyrra að gera merkimiða í tölvunni þegar ég var í fæðingarorlofi en var búin að ganga svolítið með þessa hugmynd í maganum. Ég er óskaplega léleg þegar kemur að útsaumi, prjóni og öðrum slíkum hannyrðum en ég kann á tölvu og langaði að gera eitthvað maddömulegt,“ segir Þorbjörg Helga Ólafsdóttir um krosssaumskortin og merkimiðana sem nýlega komu frá henni á markað.

Hún kveðst hafa byrjað á að útbúa fimm merkimiða og í ár bætt fleirum við, ásamt jólakortum. Til að byrja með hafi hún bara selt framleiðsluna „beint frá býli“ eins og hún orðar það og einnig í Melabúðinni. Nú hafi Safnabúðin í Þjóðminjasafninu og Mál og menning bæst við sem sölustaðir. En skyldu svona maddömuleg kort falla vel í kramið? „Já, heimilisiðnaður og handverk vekur lukku á vorum dögum svo þetta gengur voða vel,“ segir hún ánægjulega.

Þorbjörg Helga segir lítið mál að sauma sporið í tölvunni. „Ég fann bara litla krossa og raðaði saman,“ segir hún og bætir við hlæjandi: „Ég saumaði nú lítið kerti á grenigrein með krossspori þegar ég var í Ísaksskóla sex ára gömul og slíkt gleymist ekkert þó árin líði.“ *- gun*



Jólakortin eru einföld en smekkleg.



Nokkrar gerðir eru til af merkimiðunum.



Jólaköttur í krosssaumi hjálpar til að koma pakkanum til skila.



Þorbjörg Helga segir krosssaumskortin hafa selst vel, enda minni þau á handíðir þótt þau séu gerð í tölvu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA















Sérstaklega jólalegt er um að litast hjá Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Jól í útjaðri Hafnarfjarðar

**Leikskólabörn í Hafnarfirði leggja leið sína í Skógræktarfélag Hafnarfjarðar og næla sér í alíslenskt jólatré fyrir jól. Það sama gildir um fjölmargar fjölskyldur sem koma þangað í jólaleiðangur ár eftir ár.**

Hjá Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar ríkir mikil jólastemning og leggur greniilminn yfir allt. Félagið er með aðstöðu við Kaldárselsveg í upplandi Hafnarfjarðar og státar af fjórum útivistarskógum.

„Jólatréssalan okkar verður opin fram á sunnudag og bjóðum við upp á fyrsta flokks stafafuru- og rauðgrenijólatré ásamt furugreinum, könglum, hurðakrönsum, jólavöndum, borðskrauti og leiðisgreinum en skreytingarnar eru unnar af Steinari Björgvinssyni, fyrrverandi Íslandsmeistara í blómaskreytingum, sem er ræktunarstjóri gróðrarstöðvarinnar okkar,“ segir Hólmfríður Finnbogadóttir, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Hafnarfjarðar. „Þá er hægt að fá jólatré á rót en þau má hafa í potti utandyra og gróðursetja síðan með vorinu,“ bætir hún við.

Hólmfríður segir sömu fjölskyldurnar koma í jólaleiðangur ár eftir ár enda sé sérstaklega jólalegt um að litast hjá skógræktarfélaginu. „Síðan bjóðum við leikskólabörnum bæjarins í heitt súkkulaði og með því og fá þau að svipast um og leita að rétta trénu fyrir leikskólann.“ *vera@frettabladid.is*



Frostið bítur könglana.



Hólmfríður Finnbogadóttir og Steinar Björgvinsson ásamt fríðum hópi leikskólabarna.



Börnin búin að velja rétta jólatréð fyrir leikskólann.









# Rafmagnsgítarinn er klárlega besta jólagjöfin

**Tónlistarmaðurinn Davíð Berndsen fékk jólagjöf þegar hann var sextán ára sem olli straumhvörfum í lífi hans. Á rafmagnsgítarinn spilaði hann meðal annars jólalagið Last Christmas við góðan róm.**

„Besta jólagjöf sem ég hef fengið er klárlega rafmagnsgítarinn sem ég fékk þegar ég var sextán ára. Það voru foreldrar mínir sem létu þetta eftir mér þó þau hefðu nú sínar efasemdir fyrst,“ segir Davíð sem steig með þessum gítar fyrstu skrefin á tónlistarbrautinni. „Ég hafði aldrei verið neitt í tónlist áður en fannst kominn tími til að prófa eitthvað nýtt. Ég hlustaði mikið á rokk á þessum tíma og dreymdi um að spila í rokkhljómsveit en það varð nú ekkert af því. Hins vegar sat ég tímunum saman með heyrnartólin og æfði mig og var algerlega í mínum eigin heimi.“

Davíð neitar því að jólapakkinn hafi valdið honum miklum heilabrotum á aðfangadagskvöld. „Ég fékk að velja gítarinn sjálfur svo það var enginn leyndardómsfullur gítarlaga pakki undir trénu en ég fékk hins vegar ekki að stinga í samband fyrr en á aðfangadagskvöld.“ Gítarinn hefur síðan yfirgefið fórur Davíðs og farið í næstu hendur. „Ég á þennan gítar ekki lengur því ég gaf frænda mínum hann sem hefur líka mikinn áhuga á gíturum. Nú er þessi gítar orðinn ættargripur, fyrsti gítar allra í fjölskyldunni. En kannski á hann eftir að seljast dýrum dómum á eBay þegar ég er orðinn heimsfrægur,“ segir Davíð og skellihlær.

Gítarinn góði tengist jólunum enn í huga hans enda fluttu Þeir saman mörg jólalög. „Uppáhaldsjólalagið mitt er Last Christmas með Wham og það kom mjög vel út á þennan gítar og fékk að dúndrast í magnaranum.“

Davíð er að senda frá sér plötuna Lover in the dark með frumsömdu efni en neitar því að þar sé að finna nokkur jólalög. „Nei, ég hef aldrei lagt í að semja jólalag en þegar grannt er hlustað má heyra áhrifin frá Wham í tónlistinni minni og einhverjir naskir hlustendur heyra jafnvel óminn af Last Christmas í bakgrunninum.“ *- bb*



Davíð skilur gítarinn vart við sig um jólin og spilar Last Christmas fyrir alla sem heyra vilja. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


VÖNDUÐ FÓÐRUÐ DÖMUSTÍGVÉL ÚR LEÐRI Í ÚRVALI
Til dæmis:



Misty skór
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is



Sparibuxur
Brúnar og svartar
Str. 36 - 56
Rita
Bæjarlind 6 - Eddufelli 2
Sími 554-7030 Sími 557-1730
www.rita.is

TÍSKA
Fimmtudaga

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

20% afsláttur af buxum
www.hjahrafnhildi.is
hjá Hrafnhildi
Engjateigur 5 - 105 Reykjavík - s: 581 2141

MAXIWELL II NUDDARINN
• LÍTILL OG ÞÆGILEGUR
• HÆGT AÐ NOTA Á ALLAN LÍKAMANN
• LOSAR UM VÖÐVABÓLGU OG HARÐSPERRUR
• ENDURNÆRIR HÁLS, AXLIR, BAK OG FÆTUR
• STERKUR OG ENDINGARGÓÐUR
• TVEGGJA ÁRA VERKSMIÐJUÁBYRGÐ
WWW.LOGY.IS



LOGY EHF - SÖLUVAGN 1. HÆÐ KRINGLUNNI BEINT Á MÓTI VÍNBÚÐINI - SÍMI. 661 2580



Jólagjöfin hennar fæst hjá okkur
Flott föt fyrir flottar konur, stærðir 40-60.
belladonna
Munið gjafabréfin!
Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460 • Fax: 517-6465
www.belladonna.is

Ný sending af hring- og hettutreflum.
Margar gerðir og litir
Mikið úrval af ullargrifflum og vettlingum



SKARTHÚSIÐ • LAUGAVEGI 44 • SÍMI 562 24 66

HÖNNUNARHÚSIÐ 2004/11



Sígræna jólatréð
— eðaltré ár eftir ár
Sígrænt eðaltré í hæsta gæðaflokki frá skátunum prýðir nú þúsundir íslenskra heimila.
- 10 ára ábyrgð
- 12 stærðir, 90 - 500 cm
- Stálfótur fylgir
- Ekkert barr að ryksuga
- Truflar ekki stofublómin
- Eldtraust
- Þarf ekki að vökva
- Íslenskar leiðbeiningar
- Traustur söluaðili
- Skynsamleg fjárfesting

550 9800
www.skatar.is
Sölustaður:
Skátamiðstöðin Hraunbæ 123
Bandalag íslenskra skáta

## Fasteignir



# Fasteignasala fólksins

Starfsfólk Heimilis óskar viðskiptavinum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

**heimili** FASTEIGNASALA
Skipholti 29a • Sími: 530 6500 • www.heimili.is

---

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is



KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

### Klapparhlíð 30, íbúð 304






99,9 fm, 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í 3ja hæða fjölbýli við Klapparhlíð 30 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, gang, 3 svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, opið eldhús og stofu. Einnig fylgir íbúðinni sérgeymsla. Stutt í skóla, leikskóla, sund/líkamsrækt og golf.
**Eignin er laus til afhendingar strax! V. 21,5 m. 3576**

**OPIÐ HÚS Í DAG MIÐVIKUDAG FRÁ KL. 17:30 TIL 18:00 Í KLAPPARHLÍÐ 30, ÍBÚÐ 304**

### Súluhöfði 25 - Neðri sérhæð






139 m2, 4ra herbergja, sérhæð á fallegum stað við Súluhöfða í Mosfellsbæ. Húsið er staðsett rétt við golfvöll Mosfellsbæjar. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, þrú svefnherbergi, eldhús, stofu baðherbergi, geymslu og þvottahús. Sér bílastæði sem fylgir íbúðinni er hellulagt og er gönguleið að íbúðinni hellulögð. Íbúðinni fylgir einnig sérafnotaréttur af lóð. **Eignin er laus til afhendingar strax! V. 23,0 m.** 4773

**OPIÐ HÚS Í DAG MIÐVIKUDAG FRÁ KL. 17:30 TIL 18:00 Í SÚLUHÖFÐA 25**



**Hæðagarður - 2ja herbergja 60 ára og eldri.**
65 m2, 2ja herbergja íbúð á jarðhæð í lyftuhúsi við Hæðargarð 35 í Reykjavík. Íbúðin skiptist í hol, rúmgott baðherbergi með sturtu, gott svefnherbergi, stofu, eldhús og geymslu. Öll sameign og lóð er frágengin og vel viðhaldið. **Eignin er laus til afhendingar! V. 25,5 m.** 4716



**Hvassaleiti - 5-6 herbergja**
169,7 m2 5-6 herbergja íbúð á efstu hæð í fjögura hæða fjölbýli með bílskúr við Hvassaleiti 30 í Reykjavík. Íbúðin sjálf, sem er 128 m2, skiptist í forstofu, eldhús, stóra stofu, svefnherbergisgang, fjögur svefnherbergi og baðherbergi. Íbúðinni fylgir 13,6 m2 herbergi í kjallara og 7,4 m2 geymsla í kjallara, auk 22,2 m2 bílskúrs.
**V. 29,7 m.** 4566



**Vesturberg - 3ja herbergja**
Mikið endurbætt 3ja herbergja, 85,3 m2 íbúð á 4. hæð með miklu útsýni við Vesturberg í Reykjavík. Íbúðin skiptist í forstofu, hjónaherbergi m/fataskáp, barnaherbergi m/fataskáp, eldhús með fallegri innréttingu, flísalagt baðherbergi með sturtuklefa og bjarta stofu. Íbúðin hefur verið mikið endurbætt, m.a. er nýtt plastparket á íbúðinni, hún nýmáluð, nýjar innihurðar, raflagnir í íbúð jarðtengdar og nýir tenglar og rofar. **Eignin er laus til afhendingar! V. 17,8 m.** 4714

### Bugðulækur - 105 Reykjavík





Mjög falleg 5 herbergja 119 m2 íbúð á efstu hæð í góðu fjölbýlishúsi við Bugðulæk 14 í Reykjavík. Íbúðin er mikið endurnýjuð m.a. öll gólfefni, eldhúsinnréttingar og tæki, baðherbergi, raflagnir og tafla, neysluvatnslagnir ofl. **Eignin er laus til afhendingar V. 32,9 m.** 4766

### Krossalind - Parhús





Mjög glæsilegt og vandað parhús á 2 hæðum með innbyggðum bílskúr við Krossalind í Kópavogi. Efri hæð: forstofa, gestabaðherbergi, eldhús, stofa og borðstofa. Mikil lofthæð er á efri hæðinni og glæsilegt útsýni. Bílskúrinn er 26,6 m2. Neðrihæð: hjónaherbergi,3 rúmgóð barnaherbergi, gott vinnuherbergi, þvottahús og baðherbergi. **V. 54,8 m.** 4765

### Langalína - 3ja herbergja





Sérlega falleg og vel innréttuð 116,1 fm útsýnis íbúð á annari hæð í lyftuhúsi, tvennar svalir og stæði í bílageymslu við Löngulínu 7 í Garðabæ. Íbúðin skiptist í forstofugang, 2 svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, stofu, borðstofu og eldhús. **Eignin er laus til afhendingar! V. 31,5 m**. 4768

## Atvinna

Framtakssjóður Íslands slhf. er samlagshlutafélag lífeyrissjóðanna. Markmið félagsins er að taka þátt í fjárhagslegri og rekstrarlegri endurreisn íslensks atvinnulífs í kjölfar falls fjármálakerfisins. FSÍ mun fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum, sem lent hafa í fjárhagserfiðleikum vegna yfirstandandi þrenginga en eiga sér vænlegan rekstrargrundvöll. Markmið lífeyrissjóðanna er að ná vænlegri arðsemi á fjárframlög sjóðanna. Gert er ráð fyrir að starfrækslutími sjóðsins geti orðið allt að 11 ár með möguleika á framlengingu í 2 ár til viðbótar og verður FSÍ þá slitið.

# Framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands slhf.

Leitað er eftir öflugum einstaklingi sem hefur umtalsverða reynslu af fjárfestingum. Viðkomandi þarf að vera talnaglöggur, hafa til að bera frjóa hugsun og ríka ábyrgðartilfinningu. Skilyrði er að umsækjandi eigi auðvelt með að greina viðskiptatækifæri og rekstur fyrirtækja og hafi hæfni til að greina framtíðarmöguleika þeirra. Einnig er lykilatriði að viðkomandi búi yfir góðum samskiptahæfileikum og samningatækni.

**Helstu verkefni**
- Ábyrgð á rekstri og fjárfestingum
- Taka þátt í mótun fjárfestingastefnu
- Meta viðskiptatækifæri og greina samkeppnishæfni og framtíðarmöguleika þeirra
- Undirbúa og leggja tillögur fyrir stjórn um fjárfestingar
- Samningaviðræður um fjárfestingar
- Seta í stjórnum hlutdeildarfyrirtækja og samskipti við forsvarsmenn þeirra
- Þátttaka og frumkvæði í stefnumótun hlutdeildarfyrirtækja
- Leggja tillögur fyrir stjórn um sölu hlutabréfa í eigu sjóðsins

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, á sviði verkfræði, viðskiptafræði og/eða lögfræði eða tengdra fræðigreina
- Umtalsverð reynsla af fjárfestingum
- Hæfileiki til að greina styrkleika og veikleika í rekstri fyrirtækja og framtíðarmöguleika þeirra
- Þekking og reynsla af yfirtökum og sameiningu fyrirtækja
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Frjó og skapandi hugsun
- Rík ábyrgðartilfinning
- Góðir samskiptahæfileikar

**Nánari upplýsingar veitir:**
Þórir Þorvarðarson,
thorir@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 30. desember nk.**

**Umsóknum óskast skilað á netfangið thorir@hagvangur.is eða á skrifstofu Hagvangs.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

# 24"LCD

## BENQ FULL HD LCD SKJÁR

Stórglæsilegur 24" LCD FULL HD skjár frá Benq með 1920X1080 upplausn ásamt Senseye tækni sem tryggir ótrúlega skerpu og litadýpt á ótrúlegu tilboðsverði.

- 24" FULL HD 1080P 16:9 LCD skjár
- 40000:1 skerpa og Senseye tækni
- 2ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Senseye tækni tryggir myndgæðin
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**34.900**

AÐEINS 100STK Á ÞESSU VERÐI




# 4GB

## ADATA C902 MINNISLYKILL

- Vandaður minnislykill frá Adata
- Super thin mini minnislykill
- Hægt að hengja á lyklakippu
- Nóg pláss fyrir öll gögnin
- Aðeins 2mm þunnur og 3cm stuttur
- Ótrúlega léttur aðeins 2gr

**1.990**

AÐEINS 1 STK Á MANN




# 8GB

## COBY MP4 SPILARI

- 2" LCD hágæða litaskjár
- 8GB minni, hleðslurafhlaða
- LED baklýst snertistjórnborð
- Spilar MP3, WMA ofl tónlist
- Spilar kvikmyndir, myndir og texta
- FM útvarp, heyrnartól og hulsa

**14.900**

MAGNAÐUR MP4 SPILARI




# 1TB

## PACKARD BELL FLAKKARI

- 1TB Carbon hágæða flakkari
- Glæsileg stílhrein hönnun
- Meiri hraði með Extra Fast USB2
- Nær hljóðlaus viftulaus hönnun
- Meiri ending með PowerSave
- Sparar orku og slekkur á sér sjálfur
- Afritunarhugbúnaður fylgir

**16.900**

HVERGI BETRA VERÐ!




# 20"

## SKJÁR OG SMÁTÖLVA

Stórglæsileg borðtölva frá Asus sem er innbyggð í glæsilegan 20" HD PLUS skjá með þráðlausu lyklaborði og mús.

- Intel Atom N330 Dual Core örgjörvi
- 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 320GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 20" HD Plus 16:9 1600x900 skjár
- 256MB Nvidia ION HD skjástýring
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.0MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium

**119.900**

GLÆSILEG ASUS BORÐTÖLVA




# MP490 ALL IN ONE

Mögnuð fjölnota græja frá Canon sem bæði ljósritar, prentar og skannar

**16.900**

FJÖLNOTAGRÆJA



# VX5000 LIFECAM

- 1.3 Megapixla upplausn
- Sjálfvirkur 3x Zoom aðdráttur
- Sjálfvirk öflug birtustilling
- Innbyggður stafrænn MIC
- Video FX til að breyta útliti þínu
- Létt álgrind passar á alla skjái

**6.990**

Microsoft VEFMYNDAVÉL



# 8"

## MYNDARAMMI

- 8" Vandaður TFT LCD skjár
- Birtir JPEG og BMP myndir
- Spilar MPEG kvikmyndir
- 800x600 myndaupplausn
- 128MB minni, kortalesari&USB
- Svartur glans og viðarrammi

**14.900**

FJARSTÝRING FYLGIR

# VUTEK

0 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900




# VX800 LIFE CAM

- Vefmyndavél á ótrúlegu verði
- Einstaklega einföld í notkun
- Sjálfvirkur 4x Zoom aðdráttur
- Innbyggður stafrænn MIC
- Hnappur fyrir Videospjall
- Glæsileg hönnun og gæði

**1.990**

Microsoft VEFMYNDAVÉL




# 7"

## MYNDARAMMI

- 7" Vibrant TFT LCD skjár
- Birtir JPEG og BMP myndir
- 720x480 hágæða upplausn
- 128MB minni, kortalesari&USB
- 1100 mAH hleðslurafhlaða
- Snertihnappar og svartur rammi

**9.990**

STAFRÆNN MYNDARAMMI

4BLS BÆKLINGUR

CU224A

# TJ65

## FARTÖLVA Á TILBOÐI

Ein öflugasta fartölvan í dag með öflugu GeForce G105 Hybrid-SLI leikjaskjákorti, 15.6" HD LED skjá og alla nýjustu tækni

- Intel Dual Core T4300 2.1GHz
- 4GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED DiamondView 1366x768
- 512MB GeForce G105M skjákort
- 300Mbps þráðlaust net og Bluetooth
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

SENDUM FRÍTT ALLAR FARTÖLVUR

Sendum fartölvuna strax hvert á land sem er. Komur næsta virka dag ef pantað er fyrir 12:00

packard bell

**139.900**

ÖFLUG FARTÖLVA Í LEIKINA

HVERGI BETRA VERÐ

CU-245

packard bell

# LJ65

- Intel Dual Core T4300 2.1GHz
- 3GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 320GB diskur (pláss fyrir auka disk)
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17.3" HD+ LED DiamondView 1600x900
- 512MB ATI Radeon HD4570 skjákort
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium

**159.900**

17" MEÐ LEIKJASKJÁKORTI

HD 1366X768 SPILAR ALLAR HELSTU HD MYNDIRNAR 720P HD AFSPILUN

ANC229

packard bell

# DOT.m

- Athlon 64 L110 Single Core HT
- 2GB DDR2 533MHz vinnsluminni
- 250GB SATA 5400RPM diskur
- 11.6" HD LED DiamondView 1366x768
- 512MB ATI Radeon X1270 skjást.
- 54Mbps þráðlaust net
- Glæný rafhlöðutækni allt að 5 tímar
- 0.3MP vefmyndavél og Digital MIC
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**99.900**

ÖFLUG FISTÖLVA • AÐEINS 1.3KG

AÐEINS 50 STK

VERÐ VÖRN

Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur þá lækkum við okkar verð á staðnum

ÖRÞUNN OG FISLÉTT

acer

5410

# 5534

## FARTÖLVA Á TILBOÐI

Örþunn, fislétt og stórglæsileg fartölva frá Acer með alla nýjustu tækni og 15.6" HD LED Cinema skjá fyrir enn betri mynd.

- AMD Athlon TF-20 1.6GHz
- 3GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 250GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED CineCrystal 1366x768
- 512MB ATI Radeon HD3200 skjást.
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium

**99.900**

ÖRÞUNN OG FISLÉTT FARTÖLVA

20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

1005EBK

# EEEPC

- Intel Atom N270 1.6GHz örgjörvi
- 1GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 10.1" LED WSVGA 1024x600 skjár
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Glæný Rafhlöðutækni allt að 5 tímar
- Windows XP Home og fjöldi forrita
- Ótrúlega nett og fislétt aðeins 1.1KG

ASUS

**49.900**

FARTÖLVUR Á BETRA VERÐI

20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

2913

# 5230

- Intel Celeron 900 2.2GHz - 1MB
- 3GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 250GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA LCD skjár, 1280x800
- 512MB Intel X4500HD skjástýring
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

acer

**79.900**

LANDSINS MESTA ÚRVAL

50 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

11J

# L500D

- AMD Turion X2 Dual Core 2.2GHz
- 4GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 500GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD TrueBrite skjár, 1366x768
- 512MB ATI HD4570 skjákort
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 2.0MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

TOSHIBA

**119.900**

AÐEINS 20 STK Á ÞESSU VERÐI

OPNUNARTÍMAR

ALLA DAGA TIL JÓLA

10:00 - 19:00

AÐFANGADAG

LOKAÐ

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# Bréf til stjórnar ÍTR

**UMRÆÐAN**
Félagsmálakennarar í Árbæjarskóla skrifa um spurningakeppni

Við viljum mótmæla harðlega þeirri ákvörðun ÍTR að fella niður spurningakeppni grunnskólanna, Nema hvað. Það er eitt að fella hana niður og annað að gera það þegar allur undirbúningur úti í skólunum er kominn á fulla ferð. Við hér í Árbænum erum búin að vera með forkeppni og velja hóp sem hefur verið mjög duglegur við æfingar. Það er grátlegt að þurfa að tilkynna krökkunum þessa ákvörðun þar sem þau hafa lagt á sig mikla vinnu.

Ef það á að viðhalda þeirri hefð sem skapast hefur í kringum keppnina og þeim metnaði sem nemendur hafa lagt í verkefnið þá teljum við það ranga ákvörðun að fella hana niður og kolranga að gera það á þessum tímapunkti, rétt rúmum mánuði fyrir venjubundinn keppnistíma.

Í fyrra var allt í einu ákveðið að sleppa ræðukeppninni en þá tóku framtakssamir einstaklingar sig til og héldu keppnina. Það var þeim skólum ómetanlegt sem tóku þátt í henni. Hvað verður næst? Getum við búist við að hætt verði við Skrekk 2010 í október á næsta ári?

Við höfum skilning á að það þurfi að spara í þessu árferði en að senda þetta bréf núna rétt fyrir jól er að okkar mati lítilsvirðing gagnvart nemendum grunnskólanna í Reykjavík.

Við skorum á ÍTR að endurskoða þessa ákvörðun.

*Páll Guðmundsson, Ragnar Hilmarsson, Margrét Sara Guðjónsdóttir, Ingunn Björg Arnardóttir, Þór Jóhannesson.*


RES Orkuskólinn




Námsstyrkir til meistaranáms í endurnýjanlegum orkugjöfum með sérhæfingu í vatnsafli.

Nú getum við í boðið námsstyrki til meistaranáms í endurnýjanlegum orkugjöfum (MSc in Renewable Energy Science). Styrkirnir eru veittir af Landsvirkjun og nema fullum skólagjöldum þeirra sem hyggja á sérhæfingu á vatnsaflsbraut við RES skólaárið 2010 - 2011.

RES býður upp á eins árs alþjóðlegt meistaranám (90 ECTS) í vistvænni orkunýtingu og endurnýjanlegum orkugjöfum. Námið er ætlað nemendum sem hafa lokið BSc námi í verkfræði, raungreinum eða sambærilegum greinum. Nánari upplýsingar eru að finna á slóðinni: www.res.is

Boðið er upp á meistaranámið í nánu samstarfi við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri, sem útskrifa nemendur skólans.

Háskólinn á Akureyri HÁSKÓLI ÍSLANDS Landsvirkjun

RES THE SCHOOL for RENEWABLE ENERGY SCIENCE

res.is



Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



512 50 50 Auglýsingasími

– Mest lesið



PIPAR\TBWA • SÍA • 92242




SENDU JÓLAPAKKA HVERT Á LAND SEM ER

800 KR. PAKKINN EF ÞÚ GETUR BORIÐ HANN*

*Hámarksstærð pakka er 0,5 x 0,5 x 0,8 m. Hámarksþyngd 50 kg. Á ekki við um kæli- eða frystivöru. Greiða verður fyrir pakkann á upphafsstað.

Viðkomustaðir um allt land. Kynntu þér afgreiðslutíma og síðustu ferðir fyrir jól á vefnum www.flytjandi.is.

Sími 525 7700 www.flytjandi.is

EIMSKIP Flytjandi

# Aðskilnaður ríkis og kirkju

**UMRÆÐAN**
Svanur Sigurbjörnsson skrifar um þjóðkirkjuna


SVANUR SIGURBJÖRNSSON

Í desemberblaði Þjóðarpúls Gallup 2009 var greint frá niðurstöðum nýrrar könnunar á afstöðu landsmanna gagnvart aðskilnaði ríkis og kirkju. Mælingin var unnin úr netkönnun sem gerð var dagana 12.-25. nóvember 2009. Svarhlutfall var 70,8% og úrtaksstærð 2.403 manns. Úrtakið er tilviljunarúrtak úr viðhorfahópi Capacent Gallup og eru í því einstaklingar af öllu landinu, 18 ára og eldri.

Niðurstaðan var sú að tæplega 60% segjast hlynnt aðskilnaði ríkis og kirkju, 20% eru hvorki hlynnt né andvíg og 20% andvíg. Af því fólki sem tók afstöðu með eða á móti, segjast því 74% vera hlynnt aðskilnaði en aðeins 26% andvíg.

Meirihlutastuðningur við aðskilnaðinn hefur verið stöðugur á bilinu 58-67% þar til að hann féll í desember 2007 og náði þá tæpum meirihluta, 51%. Niðurstaða könnunarinnar nú er því stórt stökk upp í stuðningi við aðskilnaðinn og hefur hann náð sögulegu hámarki í 74%. Þetta vekur spurningar um orsakir þess.

Ljóst er að eldra fólk vill halda frekar í óbreytta hefðina, en samt er meirihluti fyrir aðskilnaði í elsta hópnum. Í hópnum 18-29 ára er ákaflega lítil andstaða við aðskilnað og verður það að teljast athyglisvert m.t.t. framtíðarhorfa í málinu. Ekki kemur á óvart að nær allt fólk utan trúfélaga, eða 99%, eru hlynnt aðskilnaði. Annað sem vekur athygli í þessari könnun er að sá hópur í úrtakinu, sem er í Þjóðkirkjunni, er hlynntur með drjúgum meirihluta (70%) aðskilnaði ríkis og kirkju.

Hver er skýringin á þessu aukna fylgi við aðskilnað? Eftirfarandi eru mögulegar ástæður:

• Fólk skilji nú í auknu mæli að trúarbrögð eigi ekki að vera fjárhagslega tengd ríkinu. Trúmál séu einkamál sem ríkið eigi ekki að hafa afskipti af.

• Fólk geri sér grein fyrir að prestar eru hálaunastétt og kirkjan kostar mikið, ekki síst nú á tímum fjárhagsþrenginga og er álíka dýr og Háskóli Íslands í rekstri árlega.

• Fólk sjái að samningur ríkisins við Þjóðkirkjuna um launagreiðslur til presta hennar og starfsfólks Biskupsstofu út á jarðeignir út í hið óendanlega er óeðlilegur og ber að binda endi á.

• Fólk skilji að mismunun sé í kerfinu þar sem Þjóðkirkjan fær gríðarlega peninga, önnur trúfélög svolítið, en veraldleg lífsskoðunarfélög ekkert.

• Fólk vilji forgangsraða þannig að trúfélög þeirra séu ekki í forgangi og verði utan ríkisreksturs. Í netkönnun CG dagana 11.-29. júlí 2008 þar sem 65% af 2.102 manns 18-75 ára af öllu landinu svöruðu spurningunni; Hver eftirtalinna atriða eru að þínu mati það mikilvæg að þau séu verð þess að taka áhættu og færa fórnir fyrir?, kom í ljós að 69% völdu mannréttindamál, en í 9. sæti völdu aðeins 11% „trúarbrögðin mín“. (sjá graf hér við hliðina).

• Fólk treysti minna Þjóðkirkjunni. Skv. Þjóðarpúlsi Gallup um traust til stofnana, var traustið 55% í feb. 2006, 52% í feb. 2008, en dalaði í 41% eftir hrunið í feb. 2009. Ýmsar aðrar stofnanir misstu einnig traust, en á sama tíma hélt heilbrigðiskerfið sínu trausti á bilinu 68-73% og lögreglan á bilinu 78-80%. Endurtekin hneykslismál og vangeta Þjóðkirkjunnar til að greiða fljótt og örugglega úr siðferðislegum brotamálum innan hennar hafa minnkað traustið.

• Fólk vilji ekki að ríkið láti Þjóðkirkjuna draga úr framförum í gerð hjúskaparlaga fyrir alla, líkt og hún hefur gert endurtekið. Fólk vilji ekki að börn séu sjálfkrafa skráð í trúfélag móður.

• Fólk innan Þjóðkirkjunnar vilji að hún standi algerlega sjálfstæð.

• Aukin umræða í bloggheimum og á vettvangi stjórnmálanna um aðskilnað ríkis og kirkju.

Það verður með hverjum degi ljósara að Þjóðkirkjan getur aldrei orðið sameiningartákn allra landsmanna og það er hvorki sanngjarnt né æskilegt að ætlast til að hún þjónusti alla. Fólk annarrar trúar eða trúlaust, á rétt á því að byggja upp sína eigin valkosti og þurfa ekki að flýja opinberar stofnanir (t.d. leikskóla og grunnskóla) vegna yfirgangs eins trúfélags þar með trúboði eða trúarlegri starfsemi.

Vonandi er þessi jákvæða útkoma nú merki um að smám saman sé það að lærast að það er ekki eðlilegt að ríkið reki eitthvert útvalið trúfélag, þó að saga þess sé löng með þjóðinni. Rekstur lífsskoðunarfélaga, trúarlegra eða veraldlegra, á í mesta lagi að hafa tengsl við ríkið gegnum sóknargjaldakerfið, en því sukki og þeirri mismunun sem þessi málaflokkur hefur einkennst af verður að ljúka. Tökum höndum saman og mótmælum Þjóðkirkjufyrirkomulaginu sem svo augljóslega er rangt og á skjön við vilja meirihluta þjóðarinnar.

*Höfundur er læknir og stjórnarmaður í Siðmennt.*




# Lífsspursmál

**UMRÆÐAN**
Steinar Rafn Garðarsson skrifar um lengdan útkallstíma slökkviliðs


STEINAR RAFN GARÐARSSON

Slökkvilið Hveragerðis hefur um langa hríð sinnt klippu-útköllum vegna umferðarslysa á Suðurlandsvegi og Hellisheiði ásamt öðrum vegum í Ölfusi. Slökkvilið Hveragerðis er ákaflega sterkt á þessu sviði og á mjög öflugan og góðan búnað til þessara starfa, búnað í hæsta gæðaflokki. Slökkvilið Hveragerðis hefur einna mesta þekkingu og reynslu af klippu-störfum af slökkviliðum á Suðurlandi vegna fjölda alvarlegra umferðarslysa á þeirra svæði, auk þess eru slökkviliðsmenn liðsins með mikla reynslu og menntun á þessu sviði. Hefur liðið haft á sér mjög gott orð fyrir fagleg, snögg og góð störf á vettvangi.

Suðurlandsvegur er einn fjölfarnasti og jafnframt einn hættulegasti vegur landsins. Á síðustu árum hefur fjöldi alvarlegra umferðarslysa orðið á vegkaflanum frá Litlu kaffistofunni að Ingólfsfjalli. Á árunum 2007 og 2008 var slökkvilið Hveragerðis kallað út um 24 sinnum með klippur til björgunar á fólki úr bílflökum og voru flest þessara útkalla á þessum hluta Suðurlandsvegar, en af þessum 24 útköllum voru 5 banaslys.

Um síðustu áramót sagði sveitarfélagið Ölfus upp þjónustusamningi sem sveitarfélagið hafði gert við Hveragerðisbæ um rekstur slökkviliðsins, þjónustu sem slökkvilið Hveragerðis hefur séð um í sveitarfélaginu Ölfusi fram til þessa. Sveitarstjórn Ölfuss undirritaði nú á dögunum samning við Brunavarnir Árnessýslu um að BÁ taki við öllum þeim verkefnum sem slökkvilið Hveragerðis hefur séð um í sveitarfélaginu Ölfusi. Nánar tiltekið hefur slökkvilið Hveragerðis séð um öll klippu-störf í Ölfusinu og um allar brunavarnir á því svæði sem nær hefur verið Hveragerði en Þorlákshöfn.

Um næstu áramót taka Brunavarnir Árnessýslu (BÁ) Selfossi við þessari þjónustu og kemur það til með að lengja útkallstíma vegna umferðarslysa á þjóðvegi 1 verulega. Svæðið nær allt frá Ingólfsfjalli að Litlu kaffistofunni, Þrengslunum og öllum öðrum vegum í Ölfusi. Viðbragðstími slökkviliðs Hveragerðis er með því besta sem gerist í hlutastarfandi slökkviliðum og hefur það í mörgum tilvikum verið á undan bæði lögreglu og sjúkraliði á vettvang. Kemur útkallstími til með að lengjast verulega og sem dæmi má nefna að þegar þörf verður á að kalla til klippur vegna alvarlegs umferðarslyss á Hellisheiði tekur það slökkvibíl frá BÁ allt að 15 til 20 mínútum lengur að komast á vettvang heldur en slökkvibíl frá Hveragerði. Þetta er tími sem ekki má missa þegar um alvarleg umferðarslys er að ræða og fólk er í bráðri lífshættu því þá skiptir hver mínúta miklu máli og getur undirritaður vart til þess hugsað hvaða afleiðingar þessi aukna bið getur haft í för með sér.

Undirritaður er starfandi sjúkraflutningamaður og þekkir því vel hvað lengri bið eftir aðstoð getur þýtt þegar kemur að björgun mannslífa. Er það von mín, og margra annarra, að yfirstjórn Brunavarna Árnessýslu og sveitarstjórn Ölfuss taki þessa hluti til skoðunar og láti til hliðar alla samkeppni og hrepparíg og hugsi fyrst og fremst um hag þeirra einstaklinga sem munu þurfa á þessari aðstoð að halda. Tryggjum vegfarendum áfram öruggustu og fljótusu þjónustuna með samningi við slökkvilið Hveragerðis á þeim svæðum sem slökkvilið Hveragerðis er fljótara á vettvang. ÞAÐ ER LÍFSSPURSMÁL!

*Höfundur er EMT-I og formaður Brunavarðafélags Hveragerðis.*

# Fyrirmyndarlottó

**UMRÆÐAN**
Ágúst Guðmundsson skrifar um lottó


ÁGÚST GUÐMUNDSSON

Bretar halda því gjarnan fram að þeirra lotterí sé það árangursríkasta í Evrópu, og ýmislegt bendir til þess að það sé ekki fjarri lagi. Frá upphafi hefur það varið 23 milljörðum punda í „góð málefni“, sem svo kallast, en það reiknast á okkar ótrúlega gengi 4.662 milljarðar íslenskir.

Á síðasta ári skiptist féð í stórum dráttum þannig á milli góðu málefnanna:

Heilbrigðismál, menntun, umhverfis- og góðgerðarmál 50%
Íþróttir 16,67%
Listir 16,67%
Þjóðararfur 16,67%

Það sem Íslendingum kann að virðast athyglisvert er að þarna standa listirnar jafnfætis íþróttunum. Þjóðararfleifðinni eru gerð sömu skil, enda kostar ekki lítið að halda við höllum og skrúðgörðum, sem síðan skilar sér að einhverju leyti aftur með ferðamannastraumnum.

Á þetta er bent svo að fólki sé ljóst að íslenska fyrirkomulagið, að stærsti hluti lottópeninganna fari í að styrkja íþróttir, telst til undantekninga í okkar heimshluta. Víðast hvar eru þessar tekjur einnig notaðar til að styrkja menningarlífið, bæði innviði þess og einstaka viðburði.

Einn kosturinn við lottóið felst í því að unnt er að bregðast við af örlæti þegar mikið liggur við. Þegar stór átaksefni koma upp getur þessi öflugi sjóður komið að verulegu liði. Í Bretlandi má nefna sem dæmi fyrirhugaða Ólympíuleika, og þar er verið að tala um háar upphæðir. En margvíslegir menningarviðburðir hafa einnig notið góðs af lottóinu, jafnt stórir sem smáir.

Vitaskuld er auðvelt að benda á verðug verkefni innan íþrótta hérlendis, en þau er líka að finna í menningunni. Nefna má bókastefnuna í Frankfurt, þar sem Ísland verður í heiðurssæti árið 2011, nú eða bara Listahátíð, sem hefur misst umtalsverðan stuðning frá einkageiranum, rétt eins og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Það er vissulega rétt að íþróttirnar hafa misst af stuðningi margra fyrirtækja, en það sama má ekki síður segja um menningarmálin. Um árabil var reiknað með því að einkageirinn sæi um vöxtinn í ýmsum listgreinum, og líklega er þar að finna ástæðu þess að víða stillti ríkisvaldið hækkunum á framlagi sínu í hóf á meðan best áraði. Með hruninu fór botninn úr þessu annars ágæta fyrirkomulagi, rétt eins og það gerði hjá fleiri aðilum, m.a. íþróttahreyfingunni.

Kannski það sé ekki svo ósanngjarnt að hafa þessa helmingaskiptingu á milli íþrótta og lista, þegar kemur að lottóinu. Það virðist gefast vel í Bretlandi. Því ekki líka hér á Íslandi? Öfugt við Íslendinga eru Bretar ófeimnir að upplýsa í hvað peningarnir fara og nota það stöðugt í auglýsingum fyrir lottóið. Áður en dráttur fer fram eru kynnt málefni sem notið hafa stuðnings, og er þar af ýmsu að taka. Þeir sem unna listum og menningu vita að þeirra hugðarefni njóta góðs af þessari starfsemi ekki síður en þeir sem unna íþróttunum. Og það held ég að efli þessa fjáröflunaraðferð og eigi sinn þátt í vinsældum hennar og velgengni í Bretlandi.

*Höfundur forseti Bandalags íslenskra listamanna.*

# Fyrirmyndarsamband?

UMRÆÐAN
Þorvaldur Víðisson skrifar um KSÍ


ÞORVALDUR VÍÐISSON

Um þriggja milljóna króna úttekt fjármálastjóra KSÍ af korti sambandsins á nektarstað í Zürich hefur verið til umræðu í fjölmiðlum síðustu vikur. Málið er án efa erfitt fyrir þá sem því tengjast og hefur sjálfsagt legið þungt á fjármálastjóranum og öðrum. Þessi orð eru ekki skrifuð til að auka á þjáningarnar sem málið hefur haft í för með sér, en nokkrum atriðum finnst mér þó mikilvægt að velta upp í umræðunni.

Athyglisvert er að málið fékk enga umfjöllun á Íslandi fyrr en erlendir dómstólar höfðu það til meðhöndlunar og erlendir fjölmiðlar vöktu máls á því. Spurningin vaknar hversu mörg sambærileg mál á vegum KSÍ hafa fengið meðferð þöggunar? Er mál fjármálastjórans einsdæmi? Er hugsanlegt að fjármagn KSÍ og aðildarfélaga þess sé og hafi verið notað í svipuðum tilgangi? Auk framkominnar afsökunarbeiðni stjórnar KSÍ vegna málsins hlýtur stjórnin að vilja taka af öll tvímæli um að fleiri sambærileg mál sé um að ræða.

**Knattspyrnan og forvarnir**

Knattspyrna var að mestu karlasport þar til fyrir nokkrum áratugum síðan. Miklar breytingar hafa orðið á iðkendahópnum síðustu áratugi og hefur þátttaka í kvennaboltanum aukist mikið. Árangur kvennalandsliðsins hefur náð hæðum sem þjóðin hefur ekki þekkt áður á þessum vettvangi og er það vel.

Knattspyrna er skemmtileg íþrótt sem fyrst og fremst er stunduð og iðkuð á Íslandi undir merkjum forvarna- og uppeldisstarfs. Krafa er gerð til leikmanna meistaraflokks að þeir séu öðrum til fyrirmyndar innan vallar sem utan og eru margir í þeim hópi sem taka hlutverk sitt alvarlega. Íþróttahreyfingin sinnir starfinu af alúð og elju hvarvetna um landið og hafa aðildarfélög KSÍ unnið gríðarlega öflugt starf víða. Mótshald er í miklum blóma og leggja sjálfboðaliðar starfinu mikið til á hverju ári. Sparkvellirnir um landið hafa einnig stuðlað að almennri hreyfingu og lýðheilsu.

**Ríkir sátt um afgreiðslu málsins?**

Hvernig sem á umrætt mál er litið þá er það og afgreiðsla þess á skjön við hið góða starf sem unnið er í aðildarfélögum KSÍ um land allt.

Ég sakna þess að heyra ekki í stjórnum aðildarfélaga sambandsins sem og foreldrum barna sem stunda knattspyrnu innan sambandsins varðandi mál fjármálastjórans og afgreiðslu stjórnarinnar. Samræmist afgreiðsla málsins þeirra væntingum til stjórnar KSÍ? Ef svo er þá þarf væntanlega ekki að ræða þetta mál frekar. Ég efast hins vegar um að sátt ríki um málið og niðurstöðu þess. En ef engar raddir heyrast frá foreldrum, iðkendum, stjórnum aðildarfélaga og öðrum má sjálfsagt túlka þögnina sem samþykki.

Að kaupa sér aðgang að nekt og líkama annarrar manneskju á ekki að viðurkennast í vinnu- eða frítíma starfsfólks knattspyrnusambands sem kennir sig við uppeldi, forvarnir og æskulýð.

Það er forkastanlegt af fjármálastjóranum, sem var fulltrúi KSÍ og á vissan hátt fulltrúi þjóðarinnar á erlendri grundu, að blanda vinnuferð sinni saman við veru á strípistað og nektarbúllu. Svo ekki sé talað um að veifa korti sambandsins í því samhengi.

**Ályktun Prestastefnu 2006**

Afsökunarbeiðni stjórnarinnar og fyrirhuguð gerð siðareglna er í besta falli skref í rétta átt, en í samhengi þessa máls útúrsnúningur og leið til að takast ekki á við málið. Prestastefna kirkjunnar 2006 ályktaði um hugsanleg tengsl vændis og HM í knattspyrnu sem haldið var í Þýskalandi það ár. Þarlendir aðilar staðfestu grun um innflutning vændiskvenna frá fyrrum A-Evrópu til að svara þeim „markaði“ sem fylgdi knattspyrnuveislunni. Prestastefna skoraði þá á stjórn KSÍ að tala skýrt gegn slíkum tengslum opinskátt og á sínum vettvangi og hvatti um leið sambandið til dáða í sínu mikilvæga starfi. Svör fyrrum formanns KSÍ, Eggerts Magnússonar, við áskoruninni og hvatningunni einkenndust af litlu öðru en skætingi. Mál fjármálastjórans sýnir fram á nauðsyn þess að taka af festu á málum sem þessum.

**Endurskoðun á starfsvettvangi**

Ef stjórn KSÍ og einstaklingar í æðstu embættum sambandsins eru ekki færir um að axla þá ábyrgð sem starfinu fylgir í sínum vinnutíma og einkalífi, til dæmis með því að vera þær fyrirmyndir sem sambandið getur stólað á, hljóta þeir aðilar að þurfa að endurskoða sinn starfsvettvang.

*Höfundur er prestur og fótboltaáhugamaður.*

# Jafnrétti í atvinnulífinu

UMRÆÐAN
Bergur Sigurðsson skrifar um atvinnumál


BERGUR SIGURÐSSON

Eins og kunnugt er var hlutur karla afgerandi mikið stærri en hlutur kvenna í aðdraganda hrunsins. Stjórnir fjármálastofnana voru þétt setnar karlmönnum og tiltölulega fáar konur var að finna í forystusveit fjármála- og atvinnulífs. Kynin eiga margt sameiginlegt en að sama skapi eru þau að mörgu leyti ólík. Eitt það sem aðgreinir þau er að karlmenn eru almennt áhættusæknari en konur. Ekki verður framhjá því horft að einsleitni og áhættusækni forystusveitarinnar hafi orðið þess valdandi að hér fór allt á annan endann.

En þrátt fyrir ríkan hlut karla í aðdraganda hrunsins hafa komið fram vísbendingar um að konum í stjórnum fyrirtækja hér á landi hafi enn fækkað nú eftir hrunið. Hvað ber þá til bragðs að taka?

**Norska leiðin**

Með það að markmiði að stuðla að jafnari hlutföllum kvenna og karla í áhrifastöðum í atvinnulífinu liggur fyrir tillaga um breytingar á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög. Viðskiptanefnd Alþingis hefur í umfjöllun sinni um málið horft til Noregs sem stendur öðrum þjóðum framar er kemur að jafnræði kynjanna í stjórnum fyrirtækja. Nefndin leggur því til að lögfesta að bæði kyn skuli eiga fulltrúa í stjórnum fyrirtækja sem hafa 50 starfsmenn eða fleiri. Séu fleiri en þrír í stjórn fyrirtækis skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki minna en 40%. Atvinnulífið hefur fjögur ár til þess að laga sig að þessari nýju löggjöf þar sem lagt er til að ákvæðin taki gildi í september 2013.

Nái frumvarpið fram að ganga blasir við að hlutur kvenna og áhrif þeirra í atvinnulífinu munu fara mjög vaxandi á næstu árum. Sú breyting er líkleg til þess að bæta hag og draga úr áhættu í rekstri fyrirtækja.

**Bættur hagur**

Samkvæmt niðurstöðum rannsókna í Finnlandi og Danmörku skila fyrirtæki sem hafa kvenkyns forstjóra eða blandaðar stjórnir meiri arðsemi en þau félög sem hafa einsleitar stjórnir. Í nýlegri rannsókn sem gerð var hér á landi þar sem 101 fyrirtæki var skoðað koma sams konar vísbendingar fram. Rannsóknin leiddi í ljós að arðsemi eigin fjár er betri í fyrirtækjum með blandaðar stjórnir en þar sem karlmenn eru einir við völd.

Auk betri áhættustýringar og aukinnar arðsemi eigin fjár er líklegt að aukið vægi kvenna í stjórnum fyrirtækja muni leiða til þess að kynbundnum launamun verði loks útrýmt. Þar með næðist sigur í einu helsta baráttumáli jafnréttissinna til margra ára.

*Höfundur er framkvæmdastjóri þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.*

Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!




Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.




Allt sem þú þarft...

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán. til lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára.
Heimild: Blaðakannanir Capacent maí-okt. 2009.

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

# EINSTÖK SKEMMTUN



## ÞÞ – Í FORHEIMSKUNARLANDI

Síðara bindi ævisögu ÞÓRBERGS ÞÓRÐARSONAR eftir PÉTUR GUNNARSSON. Frábær bók um merkan mann þar sem snilldin skín í gegn á hverri síðu.

★★★★

„Þetta er ein skemmtilegasta bók sem ég minnist þess að hafa lesið um íslenskan rithöfund.“

*Jón Viðar Jónsson / DV*

★★★★★

„Ítarleg og skýr, falleg og frábærlega hugsuð ævi- og hugmyndasaga ofvitans úr Suðursveit.“

*Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttablaðið*







**2. PRENTUN KOMIN**



## KONA ÞRIGGJA EYJA

Makalaus lífssaga Ásu Guðmundsdóttur Wright – stoltrar konu og brautryðjanda sem batt ekki bagga sína sömu hnútum og aðrir – eftir INGU DÓRU BJÖRNSDÓTTUR.

„... lifandi og skemmtileg.“

*Silja Bára Ómarsdóttir / eyjan.is*

„Flott bók um merkilega konu.“

*Jenný Anna Baldursdóttir bloggari*



**LUDWIG VAN BEETHOVEN (1770-1827) FÆDDIST ÞENNAN DAG.**

*„Gott skáld er dýrmætasti gimsteinn þjóðar.“*

***Beethoven var þýskt tónskáld. Hann var í fararbroddi umskiptatímabils klassíkur og rómantíkur í tónlistinni. Meðal þekktra verka hans er Tunglskinssónatan.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 16. DESEMBER ÁRIÐ 1963

## *Kópavogskirkja vígð*

Þennan dag árið 1963 var Kópavogskirkja vígð af Sigurbirni Einarssyni þáverandi biskupi. Kirkjan, sem er í Borgarholti í vesturbæ Kópavogs, oft nefnt Kirkjuholt af íbúunum, er elsta kirkja Kópavogs. Grunnur hennar var helgaður 16. ágúst árið 1958 og hornsteinn lagður 20. nóvember 1959.

Kirkjan var reist eftir teikningum frá embætti húsameistara ríkisins sem Hörður Bjarnason veitti forstöðu á þeim tíma en Ragnar Emilsson, arkitekt hjá embættinu, kom ásamt húsameistara mikið að teikningu hennar.

Bogadregnar línur gera kirkjuna mjög sérstaka auk þess sem steindir gluggar listakonunnar Gerðar Helgadóttur setja á hana sterkan svip. Kirkjan hefur lengi verið tákn Kópavogs og er mynd af henni á merki Kópavogsbæjar.



## MERKISATBURÐIR

**1879** Ingibjörg Einarsdóttir, kona Jóns Sigurðssonar, deyr í Kaupmannahöfn 71 árs að aldri, aðeins níu dögum eftir andlát Jóns. Þau voru jarðsungin í Reykjavík 4. maí 1880.

**1653** Oliver Cromwell gerist einvaldur á Englandi.

**1916** Framsóknarflokkurinn er stofnaður.

**1917** Einn mesti loftþrýstingur hér á landi mælist í Stykkishólmi, 1054,2 millibör.

**1942** Utanþingsstjórn undir forsæti Björns Þórðarsonar tekur við völdum.

**1971** Bangladess fær sjálfstæði frá Pakistan.

**1991** Kasakstan fær sjálfstæði frá Sovétríkjunum.

## AFMÆLI



**LIV ULLMANN** leikkona er 71 árs í dag.



**EGILL FRIÐLEIFSSON** tónmenntakennari og kórstjóri er 69 ára.



**BENNY ANDERSON** tónlistarmaður er 63 ára í dag.



**BENJAMIN BRATT** leikari er 46 ára í dag.



**MIRANDA OTTO** leikkona er 42 ára í dag.



**ÓLAFUR STÍGSSON** knattspyrnumaður er 34 ára.



†

*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Attla Arnar Jensen**

Strikinu 10, Garðabæ,

sem lést mánudaginn 30. nóvember sl. Þökkum sérstaklega starfsfólki St. Jósefsspítala fyrir sérlega hlýja og góða umönnun.

| | |
|---|---|
| Árni Valur Atlason | Eydís Lúðvíksdóttir |
| Markús Þór Atlason | Katrín Yngvadóttir |
| Jens Pétur Atlason | Kristín Sigurbjörnsdóttir |

barnabörn og barnabarnabörn.




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík

Sími 587 1960 www.mosaik.is


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**AFKASTAMIKILL** Bækur Hugins hafa fengið góðar viðtökur hjá ungu kynslóðinni og eru mikið í útláni á bókasöfnum landsins. Hér er hann með dóttur sinni Ísabellu Sól. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**HUGINN ÞÓR GRÉTARSSON:** HEFUR GEFIÐ ÚT SJÖ BARNABÆKUR Á EINU ÁRI

# Er með yfir 100 bækur í vinnslu

Rithöfundurinn Huginn Þór Grétarsson hefur gefið út einar sjö barnabækur á síðastliðnum tólf mánuðum og er þótt ótrúlegt sé með yfir hundrað í vinnslu. „Þetta hlýtur að vera Íslandsmet,“ segir Huginn Þór glaður í bragði en bækurnar gefur hann út hjá Óðinsauga sem er hans eigin bókaútgáfa.

Íslensk börn hafa tekið framtakssemi Hugins Þórs vel og eru flestar bækurnar nær uppseldar auk þess sem þær hafa verið vinsælar á bókasöfnum. „Nammigrísinn er samkvæmt útlánum vinsælasta barnabókin sem kom út árið 2008 bæði á bókasöfnum á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri,“ segir Huginn Þór.

Fimm bóka Hugins Þórs komu út fyrir rétt tæpu ári og tvær fyrir þessi jól. Í fyrra voru það Nammigrísinn, Þjófaland, Riddarinn ógurlegi, Græni loftbelgsstrákurinn og Blómlegt fjölskyldulíf en sögurnar fela allar í sér sterkan boðskap. „Þjófaland er til að mynda ádeila á græðgi og efnishyggju og hvernig sumir hrifsa til sín eins mikið og þeir geta á meðan aðrir eiga ekki neitt. Bókin er eins konar spegilmynd af Íslandi, græðginni og efnishyggjunni fyrir hrun en er jafnframt skrifuð með hliðsón af ástandinu í Perú þar sem mikil þjófahræðsla er viðloðandi og veldur fólki hugarangri.

Nýjustu bækur Hugins Þórs heita Litaleikurinn og Og þau lifðu hamingjusöm allt til æviloka, eða hvað? „Litaleikurinn er eins konar fjölskylduspil þar sem leikið er með liti og ýtt undir hugarflug barna en bókin gengur út á að nefna eins marga hluti og fólki dettur í hug sem bera ákveðinn lit. Og þau lifðu hamingjusöm allt til æviloka... eða hvað? gerir síðan gys að sígildum ævintýrum sem enda í eintómum blóma. Í bókinni fáum við að sjá raunsærri mynd af veruleikanum á gamansaman hátt en prinsinn gengur í gegnum sprenghlægilegar hremmingar og þó allt fari vel að lokum þá kemst til skila boðskapurinn um að taka örlögin í sínar hendur og að það skiptist á skin og skúrir í lífinu.“

Bækur Hugins þórs eru allar ríkulega myndskreyttar en hann vinnur með listamönnum frá löndum þvers og kruss um heiminn. Einn þeirra er Phil Nibbelink en hann hefur til að mynda unnið með Steven Spielberg að Casper-draugamyndinni frá Disney.

Huginn Þór er með eindæmum afkastamikill og er að eigin sögn með 101 bók í vinnslu á ýmsum stigum. Þær bíða þess ýmist að verða fullunnar, myndskreyttar eða gefnar út. Sögurnar hefur Huginn Þór að miklu leyti skrifað í frítíma sínum og þá meðal annars á meðan hann var í mastersnámi í viðskiptafræði í Svíþjóð. „Þetta er í raun áhugamál sem hefur heltekið mig.“

Huginn Þór segir nokkrar nýjar bækur væntanlegar á næsta ári og eru tvær þeirra langt komnar í myndvinnslu. Þær fela eins og fyrri bækur hans í sér ákveðinn boðskap „Ein bókin er uppeldissaga sem ber á gamansaman hátt saman uppeldi ungs stráks í Evrópu og stráks sem býr í Suður-Ameríku og annarri er ætlað að ýta undir umhverfisvitund barna.“

**vera@frettabladid.is**

# Bolvískt jólaútvarp í fjórða sinn

Útsendingar bolvísku jólaútvarpsstöðvarinnar Lífæðarinnar nást að þessu sinni ekki einungis í Bolungarvík, heldur einnig á Ísafirði og um allan heim í gegnum Netið. Þetta kemur fram í frétt á fréttavef Bolvíkinga, Víkari.is.

Þetta er í fjórða sinn sem Lífæðin sendir út í jólamánuðinum. Stefnt er að því að senda út fjölbreytta dagskrá fram yfir áramótin. Lífæðin sendir út á tíðninni FM 92,7 í Bolungarvík og FM 101,1 á Ísafirði auk þess sem heyra má útsendingar stöðvarinnar á Netinu á slóðinni mms://lifaedin.netheimar.com.



**JÓLAÚTVARP** Elvar Logi Hannesson fjallar um menninguna og listir á Lífæðinni.

# Flug á Íslandi í ýmsum myndum




Flugáhugamennirnir Dagbjartur Einarsson og Snorri Bjarnvin Jónsson hafa gefið út DVD-disk sem nefnist Skýjum ofar. Þar fjalla þeir félagar um grasrótina í fluginu á Íslandi og taka viðtöl við gamlar kempur sem enn lifa og hrærast í því. Strákarnir sýna listflug, prófa mótordreka, láta hífa sig upp úr sjónum í þyrlu og fara til Grænlands svo aðeins sé stiklað á stóru um efni disksins.

Snorri og Dagbjartur eru frændur og báðir með flugpróf. Diskurinn þeirra er unninn upp úr þáttum sem sýndir voru á sjónvarpsstöðinni ÍNN á vormánuðum þessa árs. Auk þess er þar mikið magn af aukaefni.

Skýjum ofar fæst í Kosti og á nokkrum fleiri stöðum. **- gun**



**FLUGMENNIRNIR** Dagbjartur og Snorri Bjarnvin hafa upplifað margt skemmtilegt á ferðum sínum og miðla því til áhorfenda.

MYND/GUÐNI ÞORBJÖRNSSON.



**GJÖF** Jón Oddgeir Guðmundsson tók við styrknum fyrir hönd Hjálparstarfsins af þeim Halldóri Jóhannssyni, framkvæmdastjóra KEA, Erni Arnari Óskarssyni, yfirmanni Byrs á Akureyri, og Guðmundi Lárusssyni, sparisjóðsstjóra Sparisjóðs Þingeyinga.

# Styrkja Hjálparstarf kirkjunnar

KEA og Sparisjóðir á Norðurlandi afhentu í gær Hjálparstarfi kirkjunnar á Akureyri að gjöf hálfa milljón króna sem ætluð er til kaupa á matvælum til styrktar skjólstæðingum hjálparstarfsins. Með þessari gjöf vilja samstarfsaðilar létta undir með þeim sem þurfa á aðstoð að halda fyrir jólin.

Í framhaldi af útgáfu KEA-kortsins hófst samstarf á milli KEA og sparisjóðanna á félagssvæði KEA. Sparisjóðirnir hófu útgáfu á KEA debet- og kreditkortum til félagsmanna og nú hafa aðilar samstarfsins ákveðið að styrkja gott málefni á svæðinu.

---



✝

*Eiginkona mín,*

**Brynhildur Friðbjörnsdóttir Billa**

Túngötu 13b, Grenivík,

lést 9. desember. Útför hennar fer fram frá Grenivíkurkirkju föstudaginn 18. desember kl. 13.30.

**Ernst Ingólfsson**

---



✝

*Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Bjargar Sigvarðsdóttur**

Brekkuseli 12, Reykjavík,

sem lést hinn 7. desember. Sérstakar þakkir til starfsfólks deildar 2, Hjúkrunarheimilinu Sólvangi Hafnarfirði. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Smári G. Snædal** **Sigþrúður Ingimundardóttir**
**Ásrún Snædal** **Svavar Björnsson**
**Óttar G. Snædal**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Hermann Helgason**

Hólmgarði 53, Reykjavík,

lést á Landspítala Fossvogi sunnudaginn 13. desember. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 21. desember kl. 13.00.

**Oddný Jónasdóttir**
**Sigríður Helga Hermannsdóttir** **Ian David McAdam**
**Guðbjörg Edda Hermannsdóttir**
**Helga Solveig, Davíð Þór og Oddný Sjöfn.**

---



✝

*Elskulegur faðir minn, afi og langafi,*

**Guðbrandur Loftsson**

fyrrum skipstjóri og bóndi
frá Hveravík, Aðalbraut 4, Drangsnesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Hólmavíkur föstudaginn 11. desember. Útförin fer fram frá Drangsneskapellu laugardaginn 19. desember kl. 14.00.

**Linda Guðrún Lilja Guðbrandsdóttir**
**Berglind Björk Bjarkadóttir** **Jón Ingibjörn Arnarson**
**Guðbrandur Máni Filippusson**
**Kolbrún Lilja Jónsdóttir**

---



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Haraldur Óli Valdimarsson**

kjötiðnaðarmeistari,

sem lést föstudaginn 4. desember, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 17. desember kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

**Ólína Lilja Sigurjónsdóttir**
**Ragnheiður Haraldsdóttir** **Haukur Jóhannsson**
**Þórunn Anna Haraldsdóttir** **Örn Jóhannsson**
**Erla Margrét Haraldsdóttir** **Gunnlaugur Þráinsson**
**afabörn og langafabörn.**

---



✝

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gísli Sveinsson**

Aflagranda 40, Reykjavík,

lést á Landspítalanum þann 13. desember síðastliðinn. Útför auglýst síðar.

**Auður Guðmundsdóttir**
**María Anna Gísladóttir**
**Guðríður Jóhanna Gísladóttir**
**Sveinn Gíslason**
**tengdabörn, barnabörn og barnabörn.**

---



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Ó. Guðmundsdóttir**

Hraunbæ 94, Reykjavík,

er látin. Útför hennar fer fram frá Árbæjarkirkju fimmtudaginn 17. desember kl. 15.00.

**Hólmfríður Jónsdóttir** **Sveinn Pétursson**
**Grétar Jónsson** **Steinunn Ragnarsdóttir**
**Guðmundur Jónsson** **Ásgerður Jensdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



✝

*Elskulegur faðir okkar, sonur, unnusti, afi, bróðir og tengdafaðir,*

**Karl Karlsson**

Til heimilis í Gol Noregi,

lést 22. nóvember. Kveðjuathöfn verður frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 17. desember kl. 13.00.

**Hafrún Alda Karlsdóttir** **Hjalti Þór Sverrisson**
**Adam Levy Karlsson** **Neníta Margrét Antonio Aguilas**
**Hergerður Zakaríasdóttir**
**Helga Grönseth**
**Erpur Hjaltason**
**og systkini hins látna.**

---



✝

*Ástkær maður minn, faðir okkar, sonur, bróðir og frændi,*

**Kristmundur Harðarson**

rafverktaki, Hrannarstíg 14,
Grundarfirði,

lést á heimili sínu laugardaginn 12. desember. Útförin fer fram frá Grundarfjarðarkirkju þann 19. desember klukkan 14.00.

**Kolbrún Haraldsdóttir**
**Berglind Ósk Kristmundsdóttir**
**Birna Kristmundsdóttir** **Rúnar Sveinsson**
**Brynjar Kristmundsson**
**Hörður Pálsson** **Guðlaug Guðmundsdóttir**
**systkini, frændsystkini og vinir.**

---



✝

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Rannveig Júlíana Baldvinsdóttir**

Öldugerði 18, Hvolsvelli,

lést á heimili sínu laugardaginn 12. desember. Útför hennar fer fram frá Stórólfshvolskirkju laugardaginn 19. desember kl. 14.00.

**Ólafur Ólafsson**
**Ólafur Ólafsson** **Jakobína Vilhelmsdóttir**
**Baldvin Guðni Ólafsson** **Praparat Ólafsson**
**Ásta Halla Ólafsdóttir** **Garðar Gunnar Þorgilsson**
**Ingibjörg Ýr Ólafsdóttir** **Oddur Árnason**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



✝

*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Björn Marinó Dúason**

Hornbrekku, Ólafsfirði,

lést að Dvalarheimilinu Hornbrekku mánudaginn 14. desember. Útför hans fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju föstudaginn 18. desember kl. 13.30.

**Sigríður Vilhjálms** **Kristinn Gíslason**
**Helga Björnsdóttir** **Halldór Jónsson**
**Sigurður Björnsson** **Margrét Sigurgeirsdóttir**
**Birna Björnsdóttir** **Reynir Jónsson**
**Herdís Björnsdóttir** **Guðmundur Guðmundsson**
**Edda Bragadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




# Hin sameiginlega von

**BAKÞANKAR**
**Kolbeins Óttarssonar Proppé**



Þú gengur fram hjá kílómetra langri röð, fólkið er fráleitt þolinmótt enda hefur það staðið tímunum saman en þú ert skráður inn og getur gengið inn í geiminn sem virðist gleypa allt sem inn í hann fer. Beltið af, tölvan úr töskunni og smakka allan vökva áður en inn er farið, sem er þó minna en í Keflavík. Sameinuðu þjóðirnar treysta þér betur við hlið Obama og Schwarzenegger en eftirlitið á Leifsstöð á leið þinni úr landi. Biðröð til að komast í gegnum öryggiseftirlitið, biðröð til að tölvuskrá þig inn í höllina og biðröð til að geyma fötin þín. Biðröð á klósettin, biðröð eftir mat. Skiljanlega, hér eru 15 þúsund manns. Hafirðu ekki skilið að þú ert sonur þessarar jarðar og fólk hennar er ein heild skilst þér það nú. Í einni biðröðinni spjallar þú við konu frá Úsbekistan, næstu við mann frá Japan. Sómalska parið skilur lítið í ensku en ykkur tekst að tjá sameiginlega von ykkar um að ráðstefnan skili nú árangri. Nú verði hreinlega eitthvað að fara að gerast. Þú ert í miðri Kaupmannahöfn en ert í raun í nafla alheimsins. Hattar, vefjarhettir, slæður, jakkaföt, pils, dragtir og alls kyns klæðnaður sem þú kannt engin skil á en veist bara að það er stórkostlegt að vera kominn í námunda við. Og þótt allt angi af danska eldislaxinum sem var í hádegismat er eins og undir sé angan úr öllum heimshornum.

Þér finnst þú vera staddur á markaðstorgi heimsins. Gott ef ekki lyktin á klósettinu ber með sér að hér er suðupottur þjóðanna. Ef þjóðir eru þá til. Slík hugmynd virðist hjákátleg þegar þú hlustar á mann segja að ef ríkisstjórnir einstakra landa hætti ekki að hugsa um eigin hag hverfi land hans af heimskortunum. Bókstaflega.

**BELLA** Center er þessa dagana vettvangur fulltrúa ríkja heimsins til að véla um loftslagsmál. Í lokuðum herbergjum semja fulltrúar ríkjanna. Nú streyma þjóðarleiðtogar að og reyna að loka málinu. Allt er óvíst með niðurstöðu og heyra má á sumum að þeir eru svartsýnir. Bandaríkin gefa ekki eftir. Kína verður ekki með. Ríku löndin svíkja þau fátæku.

**EN** þegar gengið er um ganga ráðstefnuhallarinnar má finna að eitthvað er í loftinu. Sjóuðum blaðamönnum af átakasvæðum finnst þetta ekki merkilegt og rétt umbera bjartsýni hins íslenska nýgræðings, en fáðu þér kaffi með fulltrúum þróunarríkja, þá skynjarðu það sem undir niðri býr í öllum hér, þrátt fyrir kaldhæðnislegt yfirbragð sumra og ofurraunsæi annarra.

**HÉR** vona nefnilega allir að ríkjum heimsins takist saman að bjarga heimili sínu. Og vonin er falleg kennd.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




@ HARÐIR PAKKAR
ALLT TÖLVUTENGT Á BETRA VERÐI
8GB MINNISLYKILL
SanDisk
Sandisk Cruzer
Vandaður 8GB Micro Skin minnislykill.
4.750
LOKUÐ HEYRNARTÓL
SENNHEISER
Sennheiser HD 201
Létt og þægileg lokuð heyrnatól með skörpum hljómi og þéttum bassa.
3.750
LEIKJAMÚS
Logitech
Logitech MX518
Optical tölvumús. Pottþétt í leikina.
6.450
HARÐDISK FLAKKARI
WD Elements
1TB flakkari með hljóðlátum WD Green Power disk. USB 2.0. Windows og Mac.
WD 1TB
19.750
UNITED MARGMIÐLUNARSPILARI
WD
500GB DISKUR
UNITED
3.5" HDD Multimedia Player
United HD MMP 9530
- 720P/1080i HD 3.5" spilari
- 500GB WD Greenpower diskur
- SD/MMC kortalesari
- HDMI og USB Uplink ofl.
720/1080i
HDMI
24.950
PRENTARI OG SKANNI
Epson SX110
Prentari og skanni sem prentar A4 í 5760 x 1440 punkta upplausn og skannar 600 x 1200. Prentar allt að 30 bls á mín. USB. Windows og Mac.
EPSON
10.950
AMD TURNTÖLVA 3
COOLER MASTER
AMD tölva 3
Athlon II 250 3,0GHz
4GB DUAL DDR3 1333MHz minni, 640GB SATA2 WD harðdiskur, Geforce N220GT 1GB skjákort, 22X +/- DVD skrifari , 8 rása Dolby D. 7.1 hljóðkort, 10/100/1000 netkort, Windows 7 Home Premium ofl.
119.950
AMD TÖLVUPAKKI 1
TÖLVU PAKKI 19"
- Coolmaster Elite turn
- AMD Sempron X140
- 1GB DUAL DDR2 667MHz Corsair
- 320GB SATA II WD
- Geforce 6100 skjástýring
- 19" Acer breiðskjár 5ms
- 22xDVD+/- DL skrifari / 48x CD
- Windows Vista Home Basic SP2
99.950
TOSHIBA FARTÖLVA
15,6"
Toshiba Sat L500-142
- Intel Pentium Dual-Core T4300
- 3GB DDR2 800MHz minni
- 320GB harðdiskur
- 15,6" WXGA breiðskjár
- ATI Mobility Radeon HD 4570 skjákort
- Þráðlaust 802.11agn netkort
- 8xDVD±RW Dual Layer skrifari
- VGA vefmyndavél
- Windows Vista Home Premium
129.950
@tt.is Allt tölvutengt á betra verði
SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • www.att.is
@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

**! ath. á morgun kl. 21.**

*Jólafuglabúr í Fríkirkjunni með Gunnari Þórðarsyni og Svavari Knúti. Þá mun hirðtónskáld þjóðarinnar, Gunnar Þórðarson, og trúbadorinn vinalegi, Svavar Knútur, leiða saman hesta sína og flytja ásamt strengjasveit sérlega hátíðardagskrá í einum besta tónleikasal landsins. Áhorfendum verður gefinn kostur á að kynnast list þessara listamanna í afslöppuðu umhverfi. Fríkirkjan opnar kl. 20 en tónleikarnir hefjast stundvíslega kl. 21. Athugið að takmarkaður fjöldi sæta er í boði.*

**> Ekki missa af**

Leitinni af jólunum – nýju aðventuævintýri eftir Þorvald Þorsteinsson, með tónlist Árna Egilssonar í Þjóðleikhúsinu. Jólasveinavísur Jóhannesar úr Kötlum fléttast inn í ævintýrið. Tveir skrítnir og skemmtilegir náungar taka á móti litlum leikhúsgestum við aðalinngang Þjóðleikhússins. Með þeim í för eru tveir hljóðfæraleikarar og saman leiða þeir börnin með leik og söng um leikhúsið.

# menning

menning@frettabladid.is



**BÓKMENNING** Helgi Björnsson tekur við viðurkenningu frá tveimur þaulvönum bóksölukonum, Kristínu Gísladóttur frá Bóksölu stúdenta og Bryndísi Loftsdóttur frá Eymundsson Pennanum, á Aragötunni í gær. MYND FRETTABLADID/GVA

# Harmur englanna bestur

**Niðurstöður í árlegri verðlaunaveitingu starfsfólks í bókaverslunum voru tilkynntar í gær og er það í tíunda sinn sem starfsmenn bókaverslana safna saman áiti sínu um mikilvægustu útgáfuverk, ekki aðeins í einum flokki heldur sjö.**

Verðlaunin eru veitt í flokkunum íslensk skáldverk, þýdd skáldverk, íslenskar barnabækur, þýddar barnabækur, ævisögur, ljóð og fræði- og handbækur.

Sextíu bóksalar tóku þátt þetta árið og var mjótt á munum í mörgum flokkum, til dæmis skildu tvö atkvæði að fyrsta og annað sætið í skáldsögunum. Verðlaunaféð er 0 kr. og hefur ekkert breyst frá upphafi. Hins vegar láta aðstandendur prenta límmiða sem gjarnan skreyta þær bækur sem valdar eru. Verðlaunabækur bóksölufólks hafa oft reynst hafa sterkari stöðu er frá líður en þau verk sem tilnefnd eru eða verðlaunuð í verðlaunarekstri Félags íslenskra bókaútgefenda og embættis forseta Íslands, til dæmis völdu bóksölumenn Öxina og jörðina og Himnaríki og helvíti bestu bækur sinna útgáfuára – en hvorug þeirra var tilnefnd eða hlaut hin Íslensku bókmenntaverðlaun.

Upplýsingar um hvaða bækur bóksalar hafa valið síðastliðin níu ár má nálgast á vef Borgarbókasafnsins: http://www.borgarbokasafn.is/desktopdefault.aspx/tabid-3449//5529_read-13458/.

Í dálknum hér til hliðar má sjá hvernig tókst til um valið, ekki aðeins hvaða titlar settust í fyrstu sætin, heldur líka hverjir komu þar á eftir, í nokkrum flokkum allt að fimm titlar. Skáldsaga Jóns Kalmans, Harmur englanna sem Bjartur gefur út er talin besta skáldsagan, en Leikur engilsins eftir Carlos Ruiz Zafón besta þýdda skáldsagan, en útgefandi er Mál og menning – Forlagið. Í fræðiritum var Jöklasaga Helga Björnssonar í mestum metum, en hún er frá forlaginu Opnu. Gyrðir Elíasson er talinn hafa sent frá sér markverðustu ljóðabókina, Nokkur orð um kulnun sólar sem Uppheimar gefa út. Besta barnabókin er talin vera útgáfa Máls og menningar á úrvali Silju Aðalsteinsdóttur á sögum, þjóðsögum og ævintýrum, úr safni Jóns Árnasonar og fleiri, en bókina myndskreytir Halldór Baldursson. Besta þýdda barnabókin er valin Hver er sterkastur eftir Mario Ramos sem Bjartur gefur út. Af góðu úrvali ævisagna velja bóksölumenn ævisögu Vigdísar sem Páll Valsson skráði.

pbb@frettabladid.is

## BESTU BÆKUR ÁRSINS AÐ VALI STARFSFÓLKS BÓKAVERSLANA



### BESTA ÍSLENSKA SKÁLDSAGAN

1. **Harmur englanna** *Jón Kalman Stefánsson*
2. **Síðustu dagar móður minnar** *Sölvi Björn Sigurðsson*
3. **Karlsvagninn** *Kristín Marja Baldursdóttir*

4-5. **Auður** *Vilborg Davíðsdóttir*
4-5. **Svörtuloft** *Arnaldur Indriðason*

### BESTA ERLENDA ÞÝDDA SKÁLDSAGAN



1. **Leikur engilsins** *Carlos Ruiz Zafón* *Þýðing: Sigrún Á. Eiríksdóttir*

2-3. **Kirkja hafsins** *Ildefonso Falcones* *Þýðing: María Rán Guðjónsdóttir*
2-3. **Loftkastalinn sem hrundi** *Stieg Larsson* *Þýðing: Halla Kjartansdóttir*

4. **Ummyndanir** *Óvid* *Þýðing: Kristján Árnason*
5. **Málavextir** *Kate Atkinsson* *Þýðing: Elísa Björg Þorsteinsdóttir*

### BARNABÆKUR ÍSLENSKRA HÖFUNDA



1. **Köttur út í mýri** *Þjóðsögur valdar af Silju Aðalsteinsdóttur*
2. **Ef væri ég söngvari** *Ragnheiður Gestsdóttir valdi*
3. **Bókasafn ömmu Huldar** *Þórarinn Leifsson*
4. **Finnur finnur rúsínu** *Sigrún Eldjárn*
5. **Aþena** *Margrét Örnólfsdóttir*

### BARNABÆKUR ÞÝDDAR Á ÍSLENSKU



1. **Hver er sterkastur?** *Mario Ramos* *Þýðing: Guðrún Vilmundardóttir*
2. **Gullgerðarmaðurinn** *Michael Scott* *Þýðing: Guðni Kolbeinsson*
3. **Aftur til Pompei** *Kim M. Kimselius* *Þýðing: Elín Guðmundsdóttir*
4. **Húsið á Bangsahorni** *A. A. Milne* *Þýðing: Guðmundur Andri Thorsson*
5. **Stórskemmtilega stelpubókin** *Andrea J. Buchanan og Miriam Peskowitz.* *Þýðing: Halla Sverrisdóttir*

### ÆVISÖGUR



1. **Vigdís** *Páll Valsson*
2. **Mynd af Ragnari í Smára** *Jón Karl Helgason*
3. **Snorri** *Óskar Guðmundsson*
4. **Söknuður** *Jón Ólafsson*

5-6. **Jón Leifs** *Árni Heimir Ingólfsson*
5-6. **Sjóddirarí rei** *Sólmundur Hólm*

### FRÆÐIRIT



1. **Jöklar á Íslandi** *Helgi Björnsson*
2. **Sagan** *Adam Hart-Davis* *Þýðing: Karl Emil Gunnarsson og Guðni Kolbeinsson*
3. **Heitar laugar á Íslandi** *Jón G. Snæland og Þóra Sigurbjörnsdóttir*
4. **Allir í leik** *Una Margret Jónsdóttir*
5. **Ísland í aldanna rás – 18. öld** *Bjarki Bjarnason*

### LJÓÐABÆKUR



1. **Nokkur orð um kulnun sólar** *Gyrðir Elíasson*
2. **Hundgá úr annarri sveit** *Eyþór Árnason*
3. **Komin til að vera, nóttin** *Ingunn Snædal*

## NÝ TÍMARIT

Saga – tímarit Sögufélagsins er nýkomið út og efnið er fjölbreytt að vanda. Ritstjóri er Sigrún Pálsdóttir. Hvaða lærdóm má draga af hagþróun og hagstjórn á Íslandi á 20. öld, er spurning heftisins og svara henni þréttán sérfræðingar. Erla Hulda Halldórsdóttir ræðir við Judith M. Bennett. Guðni Th. Jóhannesson skrifar um landráð í sögulegu samhengi og Svanur Kristjánsson skrifar um kvennahreyfinguna 1907-1927. Guðni Elísson skrifar um hrunið, Már Jónsson um textaútgáfur eða öllu heldur skort á þeim, Guðmundur Hálfdánarson um „okkur" og „hin" í umræðunni, Þór Whitehead heldur áfram deilu þeirra Jóns Ólafssonar um hreyfingar kommúnista hér á landi. Helgi Skúli Kjartansson birtir ítardóm um útgáfur tengdar Sigurði Helga Magnússyni, en að auki eru tíu aðrir ritdómar í heftinu sem skartar forsíðumynd af Stjörnu stórriddarakross hinnar íslensku fálkaorðu en Goddur gerir grein fyrir því fyrirbæri. Heftið er 148 síður.











**OMEGA**
Veggsamstæður
á tilboði:
**79.900,-**
Verð áður 104.500,-
mál: b.208 cm; h.190 cm

**Hirzlan**
Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040
www.hirzlan.is

TÝNDA TÁKNIÐ EFTIR DAN BROWN

# DÚNDUR!



Langþráð spennusaga eftir **Dan Brown**, höfund **Da Vinci lykilsins.**

„Robert Langdon er alltaf sama frábæra hetjan, bókelskur menntamaður, yfirvegaður á ögurstundum og snar í snúningum ... táknin eru máttug, sögusviðið heimsþekktir staðir í nýju ljósi, og Brown heldur manni við efnið.“ – **Entertainment Weekly um Týnda táknið**




**1. SÆTI**
**METSÖLULISTA NEW YORK TIMES Í 7 VIKUR!**

Spennan er slík að ég var hvað eftir annað við það að fá hjartaáfall ... Uppbygging **Týnda táknsins** er jafn fullkomin og byggingar Washington-borgar sem sagan leiðir okkur um.
– **SUNDAY EXPRESS**

Það er bara einn Dan Brown

BJARTUR

DYNAMO REYKJAVÍK

# Stjörnur eitt augnablik

Sýningin Stjörnur eitt augnablik, heitir eftir samnefndri myndröð ljósmyndarans Laurents Friob sem hann tók á Íslandi, nánar tiltekið af Goðafossi árið 2008. Nú opnar Friob sýningu á verkum úr röðinni á Ljósmyndasafni Reykjavíkur í Grófarhúsi. Um sýningu og viðfangsefnið segir Friob: „Ljósmyndun er oft skilgreind sem vélræn eftirmynd raunveruleikans. Ljósmyndin er bútur sem er tekinn úr tíma og rúmi, pappírsbrot af óendanlegri dýpt. Myndavélin starfar líkt og stundaglas úr ljósi sem flöktir milli heima. Í ljósmyndun eru myndir baðaðar ljósi, ekki efni. Myndin frystir eitt augnablik af tímans óendanlega flæði. Það er eitthvað við myndatöku sem truflar tímans takt; spenna milli skilnings og skynjunar. Ljósmyndun er því fyrir mér svipuð og aðrir gagnslausir en þó ævarandi hlutir. Hún sýnir þörf okkar fyrir eitthvað sem glitrar innra með okkur; hvernig ljósið ljómar, slokknar, titrar og springur.“

Laurent Friob er fæddur í Lúxemborg, hinni gömlu vinaborg Íslendinga, en hann býr og starfar í Brussel. Hann er eðlisfræðingur og hljóðverkfræðingur að mennt en hefur ekki formlega listmenntun að baki. Laurent hefur tekið þátt í sýningum víðs vegar og var til að mynda fulltrúi Lúxemborgar í European Month of Photography – ljósmyndahátíðinni árið 2006 og hafa myndir hans einnig birst í virtum ljósmyndatímaritum.

Sýningin hefst 17. desember og er opin virka daga frá 12-19 og frá 13-17 um helgar. Hún verður uppi í Ljósmyndasafninu til 9. febrúar.



**LJÓSMYNDIR** Ein mynda Friobs á sýningu hans frá Goðafossi.
MYND LAURENT FRIOB/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR









Tónlist ★★★★

**Easy Music for Difficult People**
Kimono



## Flottar pælingar

Easy Music for Difficult People er þriðja plata Kimono ef endurvinnsluplatan með Curver er undanskilin og fyrsta plata sveitarinnar með nýju efni síðan hin frábæra Arctic Death Ship kom út árið 2005. Í millitíðinni hætti Halldór bassaleikari. Flestar hljómsveitir hefðu lagt ofuráherslu á að ráða nýjan bassaleikara, en þeir Alex, Gylfi og Kjartan ákváðu að taka slaginn þrír og sleppa bassanum.

Aðalsmerki Kimono hefur alltaf verið frábært gítarsamspil Alex og Gylfa og þannig er það enn þá á Easy Music. Það eru níu lög á plötunni og þau sækja í djúpan brunn rokksögunnar, til dæmis í amerískt jaðarrokk og breskt post-pönk, en Kimono gerir hlutina á sinn hátt og þó að lögin séu nokkuð fjölbreytt þá er Kimono-stimpillinn á þeim öllum. Það eru bara góð lög á Easy Music en maður nær þeim misfljótt. Það sem einkennir tónlist plötunnar eru flottar pælingar í hljóðfæraleik og útsetningum. Gítararnir taka upp á einhverju skemmtilegu í öllum lögunum og svo er Kjartan líka hugmyndaríkur trommuleikari. Einn af skemmtilegustu rokktrommurum sinnar kynslóðar. Loks er vert að geta textanna sem eru fínir – aðallega í hversdagspælingadeildinni.

Platan myndar nokkuð þétta heild og eins og áður segir er ekkert slæmt lag á henni, en mín uppáhaldslög eru Kente, Wire, Vienna og sérstaklega lokalagið Tomorrow. Það er eitt af þessum lögum sem maður verður að hækka vel í og spila alla vega þrisvar í röð.

Á heildina er Easy Music fín Kimono-plata og auðveldlega ein af bestu plötum ársins.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Traust rokkplata sem hefur allt það sem góð Kimono-plata þarf að hafa – fínar lagasmíðar og flottar pælingar.



**JÓNSI** Nýtt lag Jónsa fær mjög góða dóma á síðunni Pitchfork.
MYND/LILJA BIRGISDÓTTIR

# Upplífgandi skýjaborg

Nýtt lag Jóns Þórs Birgissonar, Boy Lilikoi, af væntanlegri sólóplötu hans fær mjög góða dóma á bandarísku tónlistarsíðunni Pitchfork, eða 8 af 10 mögulegum. Laginu er líkt við tónlist úr Disney-teiknimyndum á borð við Konung ljónanna og Litlu hafmeyjuna þar sem glaðværðin ræður ríkjum. „Strengjahljóðfæri, flautur, gítarar, bakgrunnsraddir, trommur og ýmislegt fleira byggja fullkomna skýjaborg og rödd Jónsa kryddar útkomuna. Hérna er enginn bölmóður til staðar,“ segir gagnrýnandinn og bætir við að lagið sé mjög upplífgandi. „Það kemur heldur ekki á óvart að textarnir eru afar einfaldir á sama tíma og lagið sjálft er mjög flókið.“

# Sopranos í Hafnarborg

Sopranos verða með jólatónleika í Hafnarborg í kvöld kl. 20. Tríóið Sopranos er landsmönnum að góðu kunnugt en það skipa söngkonurnar Hörn Hrafnsdóttir, Margrét Grétarsdóttir og Svana Berglind Karlsdóttir. Á tónleikunum verður bland af hátíðlegum gullmolum og léttum og skemmtilegum jólalögum í útsetningu Sopranos og Egils Gunnarssonar og eins og stelpunum einum er lagið verður ekki langt í grínið.

Gestasöngvarinn kemur heitur af fjölum íslensku óperunnar og er stórsöngvarinn Bjarni Thor Kristinsson sem hefur glatt landsmenn undanfarið í Ástardrykknum. Hólmfríður Sigurðardóttir mun fara fimum fingrum um flygilinn þetta kvöld og Örnólfur Kristjánsson strýkur sellóið af sinni alkunnu snilld.

„Við erum upp að eyrum í söng á milli þess sem við gerum jólakonfektið og sinnum börnunum,“ segir Svana Berglind. „Ég á lítinn sjö vikna engil sem hlýtur að verða mikið jólabarn því að hún hlustar stóreygð á söngæfingar Sopranos og segir gúú annað slagið. Svo verðum við að sjálfsögðu í jólaþorpinu í Hafnarfirði næstkomandi sunnudag og hlökkum mikið til þess enda jólin komin þegar þorpið opnar. Við höfum verið að grínast með það undanfarið að hér eftir bjóðum við bara söngvurum að syngja með okkur ef þeir eru „búnir að meika það“. Fyrsti gestasöngvarinn okkar var Gissur Páll Gissurarson tenór, þá óþekktur og óskrifað blað á Íslandi en skaust upp á stjörnuhimininn stuttu eftir að hann söng með okkur. Sá næsti í röðinni var Hrólfur Sæmundsson barítón, sem er að slá í gegn í Þýskalandi í vetur og fyrir þessa jólatónleika okkar var löngu ákveðið að gestasöngvarinn yrði Hafnfirðingurinn og útvarpsmaðurinn góðkunni Ásgeir Páll Ágeirsson sem hefur verið í útlandinu í söngnámi undanfarin misseri. Nema hvað að það er eins og við manninn mælt að þegar Ásgeir Páll var búinn að melda sig til okkar þá er honum boðinn samningur í Þýskalandi og meira virðist vera í pípunum þessa dagana hjá honum. Svo að Bjarni Thor er góður fengur því að hann er nú þegar með yfir 600 óperusýningar að baki, löngu búinn að slá í gegn eins og alþjóð veit og er þar að auki jólasveinalegur með afbrigðum og yfirmáta skemmtilegur, svo að þetta verður bara tóm gleði.“

Menningarmálanefnd Hafnarfjarðar styrkir tónleikana. **- pbb**



**TÓNLIST** Tríóið Sopranos í jólabúningnum: Margrét Grétarsdóttir, Svana Berglind Karlsdóttir og Hörn Hrafnsdóttir.
MYND SOPRANOS

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 16. desember 2009**

### → Sýningar

Sjöfn Eggertsdóttir hefur opnað sýninguna „Ein heima“ í Menningarmiðstöðinni Sláturhúsið við Kaupvang á Egilsstöðum. Opið virka daga kl. 14-22 og um helgar kl. 14-18.

**Marta María Jónsdóttir** hefur opnað sýningu á málverkum og teikningum í Listasal Mosfellsbæjar í Kjarna við Þverholt. Opið mán.-fös. kl. 12-19 og lau. kl. 12-15.

Á veitingastaðnum **Horninu** við Hafnarstræti 15, hefur verið opnuð sýning á málverkum Önnu Gunnlaugsdóttur. Opið alla daga kl. 11-24.

### → Upplestur

**12.00** Sigurður Gylfi Magnússon, Jón Karl Helgason og Oddný Eir Ævarsdóttir lesa úr bókum sínum í húsnæði ReykjavíkurAkademíunnar að Hringbraut 121 (4. hæð). **Allir velkomnir.**

### → Uppistand

**21.00** Iceland Christmas Comedy Festival, aþjóðleg grínhátíð á ensku og íslensku stendur yfir til 19. desember. Í kvöld verður haldin spunakeppni á Café Cultura við Hverfisgötu 18. Nánari upplýsingar á **www.uppistand.is.**

### → Tónleikar

**12.10** Sigga Beinteins og Grétar Örvars flytja jólalög á tónleikum í Guðríðarkirkju í Grafarholti en þar verður einnig haldinn jólamarkaður. Þessir viðburðir eru í tengslum við hamingju-hádegi sem kirkjan býður upp á alla miðvikudaga í vetur. **Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir.**

**20.00** **Sópranós tríóið** sem er skipað Hörn Hrafnsdóttur, Margréti Grétarsdóttur og Svönu Berglindi Karlsdóttur, verður með jólatónleika í Hafnarborg, Menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar við Strandgötu. Gestasöngvari verður Bjarni Thor.

**20.00** **Blásarakvintett Reykjavíkur** og félagar halda tónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík. Á efnisskránni eru verk eftir m.a. Beethoven, Mozart, Haydn og Mendelssohn.

**20.30** **Megas** og senuþjófarnir verða með tónleika í Salnum við Hamraborg í Kópavogi.



**20.30** **Útgáfutónleikar Uni** fara fram í Iðnó við Vonarstræti. Húsið verður opnað kl. 20.

**21.00** Bloodgroup, Mammút, Sykur, Lára og Foreign Monkeys koma fram á tónleikum á **Sódóma Reykjavík** við Tryggvagötu.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

# „TÍMAMÓTAVERK“

*PÁLL BALDVIN BALDVINSSON*

★★★★★

*JÓN VIÐAR JÓNSSON / DV*

★★★★★

*EINAR FALUR INGÓLFSSON / MORGUNBLAÐIÐ*

★★★★★

*PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / FRÉTTABLAÐIÐ*




**2. PRENTUN KOMIN**

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
TILNEFNING
1989-2009



Ítarleg og vönduð ævisaga um tónskáldið Jón Leifs eftir **ÁRNA HEIMI INGÓLFSSON.**

*Lifandi, sterk og skemmtileg bók um einstakan listamann.*

### > HÆTT MEÐ RODRIGUEZ

Leikkonan Kate Hudson er hætt með hafnaboltakappanum Alex Rodriguez eftir sjö mánaða samband. Þetta hafa kunningjar þeirra staðfest. Rodriguez sást nýverið láta vel að undurfagurri blondínu, annarri en Hudson, á veitingastað á Miami og því ljóst að hann er strax farinn að leita á ný mið.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Tiger segir skilið við golfið í bili

Tiger Woods sendi frá sér tilkynningu fyrir helgi þar sem hann viðurkennir að hafa haldið framhjá eiginkonu sinni og segist jafnframt ætla að taka hlé frá atvinnumennsku um óákveðinn tíma svo hann geti sinnt fjölskyldu sinni betur. „Ég er meðvitaður um þann sársauka sem ég hef valdið konu minni og börnum. Mig langar að biðjast afsökunar og bið þess að mér verði fyrirgefið," sagði Woods.

Nú velta menn því fyrir sér hvort eiginkona Woods, Elin Nordegren, muni verða um kyrrt hjá kylfingnum eða sækja um skilnað. Breska tímaritið News of the World heldur því fram að Nordegren ætli að verja jólunum með Woods barnanna vegna en flytji til Svíþjóðar á nýju ári. Hún á að hafa keypt hús á eyjunni Faglarö.

Til að bæta á áhyggjur hjónanna fengu þau heimsókn frá barnaverndarnefnd í síðustu viku. Tímarit þar vestra telja þó að yfirvöld hafi aðeins verið að fylgja eftir reglum í kjölfar bílslyssins. Auk þess hafa styrktaraðilar Woods verið að draga sig til baka og má þar á meðal nefna Pepsi og Gillette.

Nýlegar fréttir herma að Woods haldi enn sambandi við Rachel Uchitel og að hún sé sannfærð um að þau muni taka saman innan skamms. Hún hefur grætt vel á öllu fjaðrafokinu en slúðurblöð beggja vegna Atlantshafsins bjóða henni gull og græna skóga fyrir nokkur orð. Reyndar hafa viðtöl við hjákonur Woods prýtt flest slúðurtímarit vestanhafs undanfarna daga..



**ENDALOKIN** Fjölmiðlar velta nú fyrir sér hvort hjónaband Woods muni enda með skilnaði. Tiger ætlar að taka sér ótímabundið frí frá golfi vegna málsins. NORDICPHOTOS/GETTY

# Egilsstaðarokk til LA

Þungarokksveitin Bad Carburetor frá Egilsstöðum á lag á safndisknum Riot on Sunset Vol. 19 sem plötuútgáfan 272 Records í Los Angeles gefur út.

Útgáfan sérhæfir sig í að finna hljómsveitir á Netinu og safna saman lögum frá þeim. Áður hafa Atómstöðin og Vax, báðar frá Egilsstöðum, átt lög á diskum í röðinni sem og hljómsveitin Foreign Monkeys frá Vestmannaeyjum. Bad Carburetor skipa þeir Davíð Logi Hlynsson trommari, Hafþór Máni Valsson, söngvari og gítarleikari, og Ari Frank Inguson bassaleikari og þeir ætla sér stóra hluti í framtíðinni.



**Í ÚTRÁS** Bad Carburetor (Vondur blöndungur) frá Egilsstöðum.

# Langar í eiginmann

Jessicu Simpson varð um og ó þegar hún frétti af demantshring sem fyrrum kærasti hennar, íþróttakappinn Tony Romo, gaf nýju kærustu sinni, Candice Crawford. Vinir söngkonunnar segja að hún hafi fylgst með sambandi Romo og Crawford frá því að þau byrjuðu að stinga saman nefjum. „Hún hefur verið að velta sér upp úr hringnum sem Candice skartar. Jessica óttast að Tony muni biðja Candice innan skamms og hún vonar bara að hún sjálf sé komin með nýjan kærasta, eða eiginmann, upp á arminn áður en það gerist. Henni finnst þetta sárt því hún trúði því að hún ætti sjálf eftir að giftast Tony," var haft eftir málglöðum vini söngkonunnar.



**VILL GIFTAST** Jessica Simpson vill nýjan kærasta.

# Hjálpum þeim sungið á ný

Lagið Hjálpum þeim verður flutt í nýjum búning á tónlistarhátíðinni Jól Jólsson sem verður haldin á Hótel Íslandi á föstudagskvöld. Flestir söngvaranna sem koma fram á hátíðinni munu flytja lagið. Á meðal þeirra verða Daníel Ágúst, Krummi, Egill Sæbjörnsson, Rósa Birgitta Ísfeld, Lóa Hjálmtýsdóttir og Davíð Berndsen. Hjálpum þeim er eftir Axel Einarsson við texta Jóhanns G. Jóhannssonar, Gunnars Þórðarsonar og Eyþórs Gunnarssonar. Það kom fyrst út árið 1986 og var gefið út til styrktar vannærðum börnum í Afríku.



**DANÍEL ÁGÚST** Daníel Ágúst verður einn þeirra sem syngja Hjálpum þeim á Jól Jólsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# JAPANAR SVALARI EN VIÐ

**Andri Snær Magnason hefur lifað lífi heimsborgarans á árinu og verið á stöðugu flandri undanfarna mánuði. Hann er loks kominn heim og hyggst taka sér smá frí frá ferðalögum.**

Rithöfundurinn Andri Snær Magnason hefur verið á ferð og flugi undanfarna mánuði við að kynna hina vinsælu bók Draumalandið, sem kom nýverið út í Japan og Danmörku, en auk þess var barnabókin Blái hnötturinn gefin út í Kína og Litháen fyrir stuttu. Blái hnötturinn kom fyrst út árið 1999 en hefur verið uppseld hérlendis um nokkra hríð. Kvikmyndin Draumalandið var að auki frumsýnd í Amsterdam og í Berlín í nóvember síðastliðnum. „Maður hefur verið úti næstum mánaðarlega síðan í vor við að kynna eitthvað. Ég ákvað að taka heimsborgarann á þetta fyrst maður var byrjaður. Þegar Blái hnötturinn kom út í Japan á sínum tíma fór ég ekki til að fylgja henni eftir og þá er hætta á að bækurnar sökkvi og hverfi. Ég ákvað því þegar Draumalandið var gefin út í Japan að fyrst bókin kæmi út í einu stærsta hagkerfi heims þá yrði ég að fara út," útskýrir Andri Snær sem er nýkominn að utan. Hann segir heimsóknina til Japans hafa verið einstaka upplifun og Tókýó vera skemmtilegustu borg sem hann hafi komið til. „Ég var viðbúinn menningarsjokkinu en mannmergðin var ótrúleg. Tískan þarna er líka mjög öfgafull og þarna er fjöldinn allur af stelpum klæddar eins og Lísa í Undralandi og hópar af strákum klæddir eins og Elvis Presley, þetta fólk er allt miklu svalara en við hérna í Evrópu. Þarna eru upphitaðar klósettsetur staðalbúnaður sem við Evrópubúar erum algjörlega að fara á mis við."

Meðan á dvöl hans stóð kom Andri Snær fram í fjölda sjónvarps- og blaðaviðtala. Hann segist gjarnan hafa verið spurður út í efnahagskreppuna á Íslandi í viðtölunum og segir marga halda að landið sé rjúkandi rústir eftir bankahrunið. „Ég eyði miklum tíma í að leiðrétta ranghugmyndir um að þjóðin sé farin til fjandans og það sé ástæða að hafa áhyggjur af öðrum en okkur. En hins vegar bendi ég á að Ísland sé gott sýnidæmi um hvernig hugmyndafræði geti leitt fólk í ógöngur."

Barnabók Andra Snæs, Blái hnötturinn, hefur nú verið gefin út í 21 landi og segist Andri Snær hafa stefnt að því að gefa hana út alls staðar í heiminum strax í upphafi. „Þetta hljómar eins og gorgeir af manni sem þá var að skrifa sína fyrstu barnabók. En ég vissi að hugmyndin var góð og ef ég gæti landað henni rétt þá yrði bókin góð. Sagan hefur verið sett upp sem leiksýning víða um heim og ég vissi fyrir víst að ég var orðinn frægur þegar leikritið var sett upp í alþjóðlegum skóla í Pakistan," segir Andri Snær og hlær.

Rithöfundurinn mun taka sér frí frá ferðalögum þar til í byrjun næsta árs en þangað til ætlar hann að nýta tímann í ritstörf. Aðspurður segist hann vera með tvær nýjar bækur í smíðum auk leikrits sem hann skrifar ásamt Þorleifi Erni Arnarsyni, en leikritið er skrifað með aðstoð spjallrásar þar sem Þorleifur er staddur í Toronto. **- sm**



**HEIMSFRÆGUR RITHÖFUNDUR** Andri Snær Magnason sagðist hafa vitað að bók hans, Blái hnötturinn, yrði vinsæl áður en hann hóf að skrifa hana. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




# Danstónlistarfíklar ranka við sér

Á annan í jólum – sem er laugardagur – verða gömlu vínyl-kassarnir dregnir fram og dansstemning frá árdögum danssenunnar 1990 til dansársins mikla 1995 rifjuð upp á Jakobsen. Kvöldið gengur undir nafninu Party Zone ´95 kvöld, enda stendur samnefndur danstónlistarþáttur fyrir því.

„Við héldum svona á Jónsmessunótt í sumar og það varð gjörsamlega allt vitlaust," segir Helgi Már Bjarnason, annar Party Zone-félaganna. „Þetta gekk svo langt að einn gesturinn fótbrotnaði á dansgólfinu þegar Hardfloor remixið af Yeke Yeke með Mory Kante var sett á fóninn. Hann er orðinn heill og búinn að staðfesta komu sína næst. Við höfum aldrei fengið önnur eins viðbrögð við nokkru kvöldi sem við höfum haldið, og höfum við þó haldið þau nokkur."

Helgi segir að heiti kvöldsins sé rökrétt. „Árið 1995 er mikið ár í hugum danstónlistar- og partídýra landsins. Party Zone ´95-diskurinn kom út um haustið. Hann sat í þrjár vikur á toppi íslenska plötulistans, sem verður að teljast einsdæmi fyrir safndisk með danstónlist. Það segir margt um hvað dansbylgjan var sterk á þessum tíma."

Á þessum árum voru Tunglið og Rósenberg-kjallarinn athvarf danstónlistarfíkla. „Dót eins og Master at Work, Basement Jaxx, 808 State og Erick Morrillo troðfylltu Tunglið helgi eftir helgi," segir Helgi. „Ekki má gleyma eftirpartíunum og reif-partíunum úti um allan bæ. Svo voru stórviðburðir eins og Björk og Underworld í Laugardalshöll og Uxahátíðin um verslunarmannahelgina. Það var allt í gangi!"

Nú, fimmtán árum síðar, ætla plötusnúðar eins og Margeir, Árni E, Maggi Legó, Grétar G, Frímann og Andrés Nielsen að blása í glæðurnar og nokkuð sennilegt er að hljómsveitin T-World – Maggi Legó og Biggi Veira úr GusGus – komi saman af þessu tilefni. Miðasala er hafin á midi.is. **- drg**



**GÖMLU DAGANA GEFÐU MÉR** Helgi Már Bjarnason sveittur á Party Zone ´95-kvöldinu í sumar. MYND/GÍSLI KRISTJÁNSSON


Íslensk hönnun
Íslensk framleiðsla
mediline+
• Hægt að breyta stífleika dýnu
• Þarf ekki að snúa
• Lagar sig fullkomnlega að líkamanum
• Styður þétt við bak og mjóhrygg
• Hægt að taka dýnuver af og þvo
• Möguleiki á tveimur mismunandi stífleikum í sömu dýnunni
mediline+
heilsurúm 160 x 200 cm
Jólatilboð
Verð frá kr. 121.936
Innifalið: Heilsudýna, botn og lappir.
Gæða rúm á góðu verði
LYSTADÚN Marco
í 60 ár
Liam rúm 160 x 200 cm
Jólatilboð
Verð frá kr. 188.240
Innifalið: Rúm, náttborð, mediline+ heilsudýna.
Stillanlegt Liam rúm 160 x 200 cm
Jólatilboð
Verð frá kr. 341.840
Innifalið: Rúm, náttborð, bluconfort rafmangsbotn og mediline+ heilsudýna.
Vaxtalaus lán í allt að 6 mánuði
MasterCard VISA
Frábærar Jólagjafir
Unglinga heilsurúm 120x200
Margar stærðir og stífleikar
Jólatilboð verð frá kr. 94.288
Heilsukoddar Jólatilboð kr. 8.560
100% hrein andadúnsæng 140x200 cm
Jólatilboð kr. 21.520
Moltex
Rúmteppi og púðar, mikið úrval
20% afsláttur til jóla
Satin og Damask
Sængurverasett mikið úrval og margir litir
Jólatilboð, verð frá kr. 3.825
Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500
Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504
Opið virka daga: 10-18 og laugard.: 11-16

# LeAnn er sár

Söngkonan LeAnn Rimes hefur baðað kærasta sinn, leikarann Eddie Cibrian, í gjöfum frá því þau tóku saman. Samkvæmt vini Rimes hefur hún keypt handa honum armbandsúr frá Hermes, armbönd, flíkur og annað slíkt til að gleðja sinn heittelskaða á erfiðum tímum. Annar vinur söngkonunnar segir sambandið ganga vel en eitt skyggi þó á gleði þeirra. „LeAnn vildi halda stórt fjölskylduboð um jólin en foreldrar Eddies neita að koma. Þeim finnst það henni að kenna að hjónaband Eddies og fyrrum eiginkonu hans fór í vaskinn. Það hjálpar ekki heldur að Eddie tekur ekki upp hanskann fyrir hana. Hann segir henni að gefa þeim tíma en LeAnn er afskaplega sár.“



**SÁR** LeAnn Rimes vildi halda stórt jólaboð en fær ekki þá ósk uppfyllta.



**NÝTT ÚTLIT** Nicole Richie skartaði nýrri hárgreiðslu á frumsýningu skartgripalínu sinnar.

# Elskar eggjapúns

Nicole Richie frumsýndi nýja skartgripalínu sína, House of Harlow, fyrir stuttu. Á kynningarkvöldinu skartaði Richie að auki nýrri hárgreiðslu og dekkri háralit en áður. „Ég lita á mér hárið reglulega, en hafði ekki gert það í nokkurn tíma núna af því það er einfaldlega of mikið að gera hjá mér núna þegar börnin eru orðin tvö,“ útskýrði Richie sem ætlar að halda jólin hátíðleg með fjölskyldu sinni. „Við erum ekki með margar fjölskylduhefðir. En undanfarið hef ég keypt eitt jólaskraut árlega og ég ætla að halda mig við það. Mér finnst eggjapúns líka mjög gott, þannig að ég mun búa það til. Ég hef komist að því að flestum finnst eggjapúns vont, en mér finnst það æði.“



**GEORGIA MAY JAGGER** Unga fyrirsætan Georgia May Jagger var kjörin fyrirsæta ársins.



**KATE MOSS** Fyrirsætan Kate Moss mætti í Christian Dior-kjól á bresku tískuhátíðina þar sem hún tók við London 25-verðlaununum. MYNDIR/GETTY



**DAISY LOWE** Fyrirsætan Daisy Lowe var tilnefnd sem fyrirsæta ársins á verðlaunahátíðinni.

# BRESKU TÍSKUVERÐLAUNIN AFHENT

Stærstu nöfnin í tískuheiminum komu saman í London í síðustu viku á tískuverðlaunahátíðinni British fashion awards. Cristopher Bailey var kjörinn hönnuður ársins og Burberry var valið hönnunarmerki ársins eftir glæsilega endurkomu á tískuvikunni í London. Georgia May Jagger var kjörin fyrirsæta ársins, en Kate Moss hlaut London 25-verðlaunin sem voru veitt einstaklingi sem fangað hefur tískuandann í London í tilefni af 25 ára afmæli tískuvikunnar þar í borg. Þá hlaut John Galliano British fashion council-verðlaun fyrir framúrskarandi árangur í fatahönnun. - ag



**CLAUDIA SCHIFFER** Ofurfyrirsætan Claudia Schiffer lét sig ekki vanta á bresku tískuverðlaunahátíðina.



**VICTORIA BECKHAM** Tískudrottningin Victoria Beckham afhenti Cristopher Bailey verðlaunin þegar hann var kjörinn hönnuður ársins.

**EVA HERZIGOVA** Fyrirsætan Eva Herzigova var meðal gesta á tískuverðlaunahátíðinni í London.



**JOHNNY DEPP** Depp getur ekki vanist því að fá leiklistarverðlaun.

# Undarlegt að fá verðlaun

Hjartaknúsarinn Johnny Depp segist alltaf eiga jafn erfitt með að venjast því að fá leiklistarverðlaun. Depp fékk verðlaun fyrir ævisframlag sitt til leiklistarinnar á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni á Bahamaeyjum. „Þegar einhver segir við mig að ég eigi að fá verðlaun finnst mér það alltaf jafn undarlegt. Það fyrsta sem mér dettur í hug er „af hverju?“ sagði Depp. „Ég fer bara í vinnuna eins og hver annar, nema að það vill þannig til að vinnan mín er aðeins skrítnari.“ Það var leikarinn Sean Connery sem afhenti Depp verðlaunin á Bahamaeyjum.



**TRÚLOFUÐ** Orlando Bloom á að hafa beðið Miröndu Kerr.

# Trúlofuð

Nýjar fregnir herma að leikarinn Orlando Bloom hafi beðið kærustu sinnar til þriggja ára. Leikarinn hefur átt í sambandi við áströlsku fyrirsætuna Miröndu Kerr undanfarin ár og á hann að hafa beðið hennar á meðan þau dvöldu í Marokkó.

Eldri bróðir Kerr hefur staðfest orðróminn, en þó eru sum slúðurrit sem vilja meina að sagan sé ekki sönn. „Hann hefur loksins beðið hennar. Þau ætla að gifta sig,“ á bróðirinn að hafa sagt.

Orlando Bloom var áður með leikkonunni Kate Bosworth, en þau hættu saman árið 2006.

LÚR BETRI HVÍLD

Úrval rúma, sófa og hvíldarstóla
Margir litir í boði – Frábær verð í gangi





LÚR - BETRI HVÍLD
HLÍÐASMÁRI 1
201 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6969
FAX 554 3100
WWW.LUR.IS
LUR@LUR.IS

Opið:
mán fös 10:00 – 18:00
lau 11:00 – 16:00

www.lur.is

# Mesta úrvalið
## af snyrtivöru*

**OPIÐ TIL 22:00**
ÖLL KVÖLD
til jóla






**Estée Lauder** gjafakassi
Vinsæla dagkremið frá Estée Lauder




**Christina Aguilera** gjafakassi
Eau de Parfum 15 ml, body lotion 50 ml og sturtusápa




**Lancôme Hypnose Senses**
Eau de Parfum 30 ml, body lotion 50 ml og sturtusápa




**Jean Paul Gaultier Classique**
Eau de Toilette 50 ml og body lotion




**Nivea** gjafataska
Anti Wrinkle Q10 andlitskrem og augnkrem




**Loreal** gjafataska
Extra Volume maskari og eyeliner




**Armani Code** gjafakassi fyrir herra
Eau de Toilette 30 ml og deo stick

Gildir til 17. desember á meðan birgðir endast
Mesta úrvalið í Smáralind, Kringlunni og Holtagörðum.
Minna úrval í öðrum verslunum.

* Samkv. könnun Capacents júní 2009

50 ára HAGKAUP fyrir íslendinga í 50 ár



**ENN EITT KORTIÐ FER AF STAÐ** Vera og Jara póstleggja óvænta sendingu út í heim. MYND/MARÍA GUÐRÚN RÚNARSDÓTTIR

# Sendu dularfull póstkort í ár

Vera Sölvadóttir og Jarþrúður Karlsdóttir fengu hugmynd á kaffihúsi í sumarbyrjun 2008: Að senda ókunnugu fólki úti um allan heim póstkort, eitt á viku. Þær stóðu við hugmyndina í heilt ár og opna á morgun sýningu á verkefninu.

„Við vorum að spá í þær breytingar sem hafa orðið í upplýsingaflæði og samskiptum fólks síðasta rúma áratuginn,“ segir Vera. „Þó að flest hafi breyst er póstkortin enn á sínum stað. Við ákváðum að finna heimilisfang hjá einhverri ókunnugri manneskju og senda henni póstkort eins og við myndum senda vini okkar. Engin kynning á okkur, ekkert heimilisfang, bara einfalt vinalegt póstkort. Takmarkið var ekki annað en að gleðja fólk, koma því á óvart og hreyfa þannig við tilveru þess með óvæntu póstkorti upp á gamla mátann.“

Vera segir að auðvelt hafi verið að grafa upp nöfn og heimilisföng hjá alls konar fólki. „Sýningin fjallar líka um að persónuupplýsingar eru aðgengilegar hvar sem er, hverjum sem er á Netinu. Heimurinn er smám saman að verða eins og lítið íslenskt sjávarþorp þar sem allir geta vitað allt um alla, ef þeir kæra sig um. Við fundum til að mynda japanskan vísindamann sem heldur úti heimasíðu þar sem fólk getur orðið sér úti um allar hans persónuupplýsingar.

Við vorum með heimskort og merktum inn á hvert póstkortin fóru. Reyndum að dreifa þessu jafnt um allan heim, en helst var vandasamt að finna fólk í Afríku, eða Rússlandi og Asíu þar sem annað letur er notað.“

Þar sem sendingarnar hófust fyrir hrun segja póstkortin sögu af sálarlífi Veru og Jöru. „Við förum frá umfjöllunum um matarboð og sumarlíf yfir í vangaveltur um þjóðfélagsástandið, efnahagskreppu og okkar nánasta umhverfi,“ segir Vera. „Við tókum svo myndir af öllum kortunum 52 og sýnum þær í réttri tímaröð. Við lestur póstkortanna fær fólk því innsýn inn í heim hversdagsfólks í miðju efnahagshruni. Í gegnum okkur sjálfar sýnum við atburðarás sem enginn gat séð fyrir.“

Sýningin hefst á morgun kl. 17, og er í Þjóðmenningarhúsinu.

drgunni@frettabladid.is



## Madonnu sagt upp

**Madonna hefur verið andlit tískurisans Louis Vuitton undanfarið, en nú hefur tískuhúsið ákveðið að segja upp samningi sínum við söngkonuna og ráða í hennar stað yngri fyrirsætu.**

**Fyrirsætan sem var valin til að vera andlit Louis Vuitton er engin önnur en Lara Stone, kærasta Davids Williams, grínistans sem sló í gegn með Little Britain.**

**„Eftir að hafa unnið með svo stórri stjörnu tóku þeir ákvörðun um að vinna með fyrirsætu,“ var haft eftir talsmanni tískuhússins.**

**SAGT UPP** Madonna er ekki lengur andlit Louis Vuitton.



Veiðimann og Hrútaspilið eru frábær fjölnota íslensk spil sem fást í Ísbirninum Laugavegi 38.

# Sjálfstæð kærasta

Hjartaknúsarinn George Clooney hefur fundið ástina í örmum hinnar ítölsku Elisabettu Canalis. Þau hafa verið saman frá því í sumar og nýlega kynnti Clooney hana fyrir móður sinni. Vinir leikarans hafa þó tekið eftir því að Elisabetta lætur Clooney ekki stjana mikið við sig. „Elisabetta þarf ekki á peningum Georgs að halda, hún á nóg af þeim sjálf, og hún er ekki ein af þeim konum sem leyfir karlmanninum að borga fyrir allt. Hún er jafnoki hans,“ var haft eftir einum kunningja Clooneys sem bætir við að leikarinn kunni að meta sjálfstæði kærustunnar. „Elisabetta er frægari en Clooney í heimalandi sínu þannig að hún notar nafn sitt til að koma þeim að á vinsælum veitingastöðum, hún ræður ferðinni.“ Sögusagnirnar herma að Elisabetta hafi neitað að flytja inn með Clooney í Los Angeles og vill heldur leigja eigin íbúð. „Clooney bauðst til að borga leiguna fyrir hana en hún skellti bara upp úr.“



**SJÁLFSTÆÐ KONA** Ný kærasta Georges Clooney vill ekki flytja inn með honum.

# Up In The Air með flestar Golden Globe-tilnefningar

**Nýjasta mynd George Clooney, Up in the Air, hlaut flestar tilnefningar til Golden Globe-verðlaunanna. Íslendingar lögðu sitt af mörkum til nokkurra mynda sem voru tilnefndar.**

Up in the Air hlaut sex Golden Globe-tilnefningar, þar á meðal sem besta dramatíska kvikmyndin, auk þess sem George Clooney var tilnefndur sem besti aðalleikarinn. Aðrir myndir tilnefndar sem besta dramatíska myndin voru Avatar, The Hurt Locker, Inglorious Basterds og Precious.

Söngleikurinn Nine fékk næstflestar tilnefningar, eða fimm talsins. Nine var meðal annars tilnefnd sem besta myndin í söngleikja- og gamanmyndaflokki. Aðrar tilnefndar í þeim flokki voru (500) Days Of Summer, The Hangover, It´s Complicated og Julie & Julia. Tvær myndir hlutu fjórar tilnefningar, ævintýramynd James Cameron, Avatar, og stríðsópus Quentins Tarantino, Inglourious Basterds. Íslenski förðunarmeistarinn Heba Þórisdóttir annaðist einmitt förðunina í síðarnefndu myndinni.

Tilnefndar sem bestu aðalleikkonurnar í dramaflokki voru Sandra Bullock fyrir The Proposal, Marion Cotillard fyrir Nine, Julia Roberts fyrir Duplicity og loks fékk Meryl Streep tvær tilnefningar fyrir It´s Complicated og Julie & Julia.

Auk George Clooney voru tilnefndir sem bestu aðalleikarar í dramaflokki þeir Jeff Bridges fyrir Crazy Heart, Colin Firth fyrir A Single Man, Morgan Freeman fyrir Invictus og Tobey Maguire fyrir Brothers, sem Sigurjón Sighvatsson framleiðir. Sú mynd hlaut eina tilnefningu til viðbótar. Þar var á ferðinni hljómsveitin U2 með aðallag myndarinnar, Winter.

Auk Sigurjóns og Hebu tengist einn Íslendingur til viðbótar Golden Globe-verðlaununum í ár, eða leikmyndahönnuðurinn Karl Júlíusson. Hann hannaði leikmyndina fyrir stríðsmyndina The Hurt Locker sem er tilnefnd sem besta dramatíska myndin eins og áður sagði. Honum tókst að láta borgina Amman í Jórdaníu líta út fyrir að vera á miðju ófriðarsvæðinu í Bagdad í Írak.

Sjónvarpsþátturinn Glee hlaut flestar tilnefningar til Golden Globe, eða fjórar talsins. Næstir á eftir honum með þrjár tilnefningar komu 30 Rock, Big Love, Damages, Dexter, Georgie O´Keefe, Grey Gardens, Into the Storm og Mad Man. Sumir þessara þátta hafa verið sýndir á Stöð 2 og Skjá einum við miklar vinsældir.

Golden Globe-verðlaunin verða afhent 17. janúar í Hollywood og verður fróðlegt að sjá hvort einhverjar „íslensku“ myndanna fari heim með þessi virtu verðlaun.





**UP IN THE AIR**

**George Clooney** fer með aðalhlutverkið í myndinni Up In The Air. **Karl Júlíusson** hannaði leikmyndina fyrir The Hurt Locker, **Heba Þórisdóttir** sá um förðun í Inglorious Basterds og **Sigurjón Sighvatsson** framleiðir Brothers.

# Opnar álfakaffihús í Hellisgerði

„Ég missti vinnuna svo núna er ég bara að skapa mér atvinnutækifæri og lífga við þennan garð,“ segir Sigríður Friðriksdóttir sem opnaði um helgina Græna kaffihúsið í lystigarðinum Hellisgerði í Hafnarfirði. „Þetta er pínulítið hús inni í garðinum sem var byggt 1905. Það var upphaflega byggt sem íbúðarhúsnæði og hér bjó fjölskylda og rak kaffihús Oddrúnar. Síðan hefur ekki mikið verið gert þar,“ útskýrir Sigríður sem ætlar að hafa álfa og hulduveruþema á kaffihúsinu auk þess sem hún selur íslenskt handverk.

„Þetta er svona álfakaffihús, svolítið dularfullt og öðruvísi. Ragnhildur Jónsdóttir ætlar meðal annars að bjóða upp á lestur á tarot- eða álfaspilum og álfaspilin sem hún hannar verða til sölu, en hún er alin upp í lystigarðinum og sér álfana. Kaffihúsið er svo lítið að það eiginlega bara svona baðstofustemning þar sem allir sitja saman og það eru gærur á bekkjunum,“ segir hún brosandi.



**GRÆNA KAFFIHÚSIÐ** Mikil jólastemning ríkir á Græna kaffihúsinu hjá Sigríði sem opnaði í Hellisgerði í Hafnarfirði um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Á matseðli Græna kaffihússins kennir ýmissa grasa. „Ég er til dæmis með belgískar vöfflur, jólaglögg, heitt súkkulaði, stollenjólabrauð og heilsubúst-drykki. Það er stílað svolítið inn á fólk sem er í göngutúr og getur komið og fengið eða tekið með sér álfabúst. Svo er ég með gott uppáhellt lífrænt kaffi,“ bætir hún við. - ag

# MegaStore®

Allar vörur eitt verð

# Allar vörur 289 kr.

**Yfir 10.000 vörutegundir**



**Sælgæti, matvara, krydd, búsáhöld, leikföng, ritföng, handavinnuvörur, verkfæri, gæludýravörur, snyrtivörur, föndurvörur, rammar, serviettur og fl. og fl.**








289 kr.






289 kr.




**Smáralind og Glerártorgi**

MegaStore®

www.megastore.is

Allar vörur eitt verð

Smáralind og Glerártorgi

# Ein stærsta sýning sögunnar

„Þetta er ein af stærstu frumsýningunum frá upphafi á Íslandi,“ segir Guðmundur Breiðfjörð hjá Senu.

Kvikmyndin Avatar verður á föstudaginn frumsýnd í þrettán bíósölum í Reykjavík, Akureyri og Keflavík, bæði í tví- og þrívídd. Hátt í 24 þúsund sæti verða í boði fyrstu þrjá sýningardagana, enda býst Guðmundur við gríðarlegri aðsókn. „Við erum fullir sjálfstrausts vegna þess að það er gríðarlegur meðbyr með myndinni og dómarnir sem hún hefur fengið eru með ólíkindum. Ég er búinn að sjá hana í tvívídd og þetta er besta fantasíumynd sem ég hef séð síðan Lord of the Rings eitt. Svona bíómynd kemur bara á fimm til tíu ára fresti,“ segir hann og bætir við: „Ég hef ekki upplifað mig í bíói svona endurnærðan og ferskan síðan á Lord of the Rings.“

Miðnætursýningar verða á myndinni annað kvöld og er miðasala hafin á Midi.is. Miðaverð á tvívíddina er 1.150 krónur en eilítið dýrara er á þrívíddina, eða 1.400 krónur. Myndin verður einnig forsýnd á vegum Nexus klukkan 20 í kvöld í Smárabíói.



**AVATAR** Jake Sully og prinsessan Neytiri verða ástfangin á tunglinu Pandóru.

Avatar, sem James Cameron leikstýrir, gerist í framtíðinni á litlu tungli sem heitir Pandóra. Lamaður landgönguliði í bandaríska flotanum að nafni Jake Sully býður sig fram til að lifa sem Avatar á Pandóru og njósna um ættbálkinn Na'vi fyrir herinn. Babb kemur í bátinn þegar hann verður ástfanginn af Neytiri, fallegri Na'vi prinsessu. **- fb**

# Hurt Locker best

Kvikmyndin The Hurt Locker, sem fjallar um sprengjusérfræðinga í Írak, var kjörin besta myndin af samtökum gagnrýnenda í Los Angeles. Leikstjóri myndarinnar, Kathryn Bigelow, fékk einnig viðurkenningu. Þrátt fyrir góða dóma víðast hvar þegar myndin var sýnd í sumar fékk hún heldur dræma aðsókn og þénaði aðeins þrettán milljónir dollara vestanhafs. Jeff Bridges var kjörinn besti leikarinn sem sveitasöngvari í myndinni Crazy Heart og í kvennaflokki vann hin belgíska Yolande Moreau fyrir hlutverk sitt í Seraphine. Austurríski leikarinn Christoph Waltz var valinn besti leikarinn í aukahlutverki fyrir eftirminnilega frammistöðu í Inglorious Basterds og Mo´Nique var kjörin besta leikkonan í aukahlutverki fyrir myndina Precious.



**THE HURT LOCKER** Kvikmyndin The Hurt Locker var kjörin best af samtökum gagnrýnenda í Los Angeles.

The Hurt Locker var einnig valin ein af tíu bestu myndum ársins af Kvikmyndastofnun Bandaríkjanna. Aðrar myndir sem urðu fyrir valinu voru: Coraline, The Hangover, The Messenger, Precious, A Serious Man, A Single Man, Sugar, Up og Up in the Air.


# ÓSKABÓK SKOTVEIÐIMANNSINS




Stórglæsileg bók um skotveiði í máli og myndum







Þúsundir landsmanna stunda skotveiði sér til ánægju og yndisauka. Í þessari bók er komið víða við og stemming skotveiðinnar svífur yfir vötnum. Nokkrir af snjallari skotveiðimönnum landsins segja sögur og rifja upp skemmtileg atvik. Einnig frásagnir, allt aftur til ársins 1912, veiðidagbækur og eldri greinar sem sýna breytta tíma. Bókin er ríkulega myndskreytt.




# ÁRBÓK VEIÐIMANNSINS komin í verslanir

Ómissandi heimilda- og skemmtirit fyrir veiðimanninn.

Frábærar sögur frá veiðisumrinu 2009, ýmsar fréttir og fjöldi mynda skreyta bókina.

LITRÓF-HAGPRENT
Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík · Sími 563 6000
www.litrof.is


# Tjáir sig ekki við fjölmiðla

**Spænska leikkonan Penelope Cruz gerir hvað hún getur til að halda fjölmiðlum fjarri ástarsambandi sínu með leikaranum Javier Bardem. Hún óttast að sambandið versni um leið og hún fer að tjá sig opinberlega. „Allir vita að ég er í sambandi. Ég vil ekki tala um það vegna þess að ég vil vernda það því þetta samband skiptir mig miklu máli. Svo einfalt er málið,“ sagði Cruz. Talið er að hún hafi þegar trúlofast Bardem en hún vill ekkert segja um hringinn sem hún ber á baugfingrinum. „Það er eitthvað sem ég vil halda fyrir sjálfa mig.“ Talið er að Cruz og Bardem hafi byrjað saman eftir tökur á myndinni Vicky Cristina Barcelona árið 2007.**



**PENELOPE CRUZ** Leikkonan vill halda ástarsambandi sínu fjarri fjölmiðlum.

# Love missti forræðið

**Söngkonan Courtney Love, ekkja rokkarans Kurts Cobain, hefur misst forræðið yfir dóttur þeirra, Frances Bean Cobain. Dómstóll í Los Angeles úrskurðaði um þetta á dögunum. Það verður móðir Kurts, Wendy O´Connor, og systir hans, Kimberly Dawn Cobain, sem öðlast forræðið yfir Frances, sem er sautján ára. Ekki er vitað hvers vegna Love missti forræðið en undanfarin ár hefur hún átt við vímuefnavandamál að stríða. Kurt Cobain fyrirfór sér árið 1994 eftir að hafa nokkrum árum áður slegið í gegn með hljómsveitinni Nirvana.**



**MÆÐGUR** Courtney Love ásamt dóttur sinni, Frances Bean, fyrir tveimur árum.

# Eintómt fjör!



**Uppátæki, afþreying og fræðsla fyrir stráka og stelpur á öllum aldri. Það þarf engum að leiðast sem á þessar bækur!**

**Stórskemmtilega stelpubókin** er ómissandi fyrir allar stelpur á aldrinum 8–80 ára. Útileikir, innileikir, föndur, þrautir, brellur og skrilljón aðrir skemmtilegir hlutir sem nýtast öllum ævintýragjörnum stelpum.









**Stórhættulega strákabókin** er uppáhaldsbók stráka á öllum aldri. Tilraunir, íþróttir, töfrabrögð, fróðleiksmolar og fjörugar leiðbeiningar um næstum allt – **fyrir stráka sem þora**.

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| OLD DOGS | kl. 6 - 8D - 10:10D | L |
| OLD DOGS | kl. 8 - 10:10 | VIP |
| SORORITY ROW | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| NINJA ASSASSIN | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 5:30 | VIP |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 5:50(3D) Ótextuð | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 8 | 7 |
| PANDORUM | kl. 5:50 | 16 |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| OLD DOGS | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| SORORITY ROW | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| NINJA ASSASSIN | kl. 10:40 | 16 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 5:30 - 8 | 12 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 5:50(3D) Ótextuð | 7 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| OLD DOGS | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| THE TWILIGHT SAGA | kl. 8 | 7 |
| NINJA ASSASSIN | kl. 10:30 | 16 |

já -er svarið NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SAW 6 | kl. 3.40 - 8 - 10.10 | 16 |
| SAW 6 LÚXUS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| JULIE AND JULIA | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | L |
| ARTÚR 2 | kl. 4 - 6 | L |
| THE BOX | kl. 8 | 16 |
| 2012 | kl. 4.45 - 10.30 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| ANVIL | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| WHATEVER WORKS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| A SERIOUS MAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| DESEMBER | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| 2012 | kl. 8 | 10 |
| THE BOX | kl. 10.15 | 16 |
| LOVE HAPPENS | kl. 6 | L |
| 9 | kl. 6 | 7 |
| CAPITALISM | kl. 8 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| BAD LIEUTENANT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| JULIE AND JULIA | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | L |
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 10.30 | 16 |
| 2012 | kl. 6 - 9.15 | 10 |
| LOVE HAPPENS | kl. 5.30 - 8 | L |

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| BAD LIEUTENANT | kl. 8 og 10.20 | 16 |
| EXTRACT | kl. 6 og 10.10 | 12 |
| ARTÚR 2 - Íslenskt tal | kl. 6 | L |
| COCO BEFORE CHANEL | kl. 8 | L |


# Þræðir helstu búllur Evrópu

Mugison þræðir nú búllur í Evrópu, er einn á ferð með áttatíu kílóa hljóðfæri sem hann hannaði með Páli Einarssyni uppfinningamanni.

„Þetta er tækniundur, eiginlega vasaleikhús," segir Mugison frá Danmörku. „Ég er aðallega að fara þennan hring til að prófa tækið. Ég vona að það bili sem mest því ég ætla að gera plötu á það. Þegar ég fer að fylgja þeirri plötu eftir væri glatað ef draslið væri alltaf að bila. Það hefur bilað á hverju einasta kvöldi hingað til, svo túrinn er að virka sem skyldi. Ég hef sem betur fer náð að gera við það til þessa."

Ekki er komið nafn á hljóðfærið enn þá en Mugison er opinn fyrir góðum hugmyndum. „Guðni bassaleikari vill að ég kalli það saxófón og vill að saxófónn verði kallaður saurop djöfulsins í staðinn," segir hann og hlær.


**FERSKAR NÆRBUXUR ANNAN HVERN DAG** Mugison með „saxófóninn" í Hamborg. MYND/ANTON KRAMER

Mugison hefur ekki ferðast án hljómsveitar síðan 2004 og segir þetta mikið hark. „Ég kaupi ferskar nærbuxur annan hvern dag en annars er þetta bara ég og tækið. Ég ferðast um í lestum á Interrail-passa. Ég var í Hamborg á mánudagskvöldið. Það er mikil ógæfa yfir þessum Molotow-klúbbi sem ég spilaði á. Ég var þarna líka fyrir fimm árum með Kippa Kanínus. Þeir eru með dýnur inni á ókyntri skrifstofu fyrir popparana og Kippi lagðist í torkennilega slettu síðan kvöldinu áður. Ég var búinn að segja bókaranum að ég myndi aldrei gista þarna aftur en eins og oft áður heyrði hann ekkert í mér. Það er hommateknóklúbbur undir staðnum og þar var bullandi stuð til klukkan fimm um nóttina. Ég gat ekkert sofið og var orðin eins og móðursjúk amma, sturlaður af reiði. Missti svo af lestinni og er hér skröltandi á síðustu stundu áleiðis í næsta klúbb í Óðinsvéum." - drg

# Stefnir á eitt þúsund þætti

**Útvarpsmaðurinn Ólafur Páll Gunnarsson stjórnar þættinum Rokkland í 700. sinn á sunnudaginn. Hann vonar að þættirnir verði alla vega eitt þúsund.**


**FÉKK LEYFI FRÁ MAGGA EINARS** Ólafur Páll Gunnarsson fékk leyfi Magnúsar Einarssonar, þáverandi tónlistarstjóra Rásar 2, til að gera útvarpsþáttinn Rokkland. Síðan eru liðnir sjö hundruð þættir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Mér finnst þetta alltaf jafnskemmtilegt," segir Ólafur Páll Gunnarsson, útvarpsmaður á Rás 2. Útvarpsþátturinn hans, Rokkland, fer í loftið í 700. sinn næstkomandi sunnudag. Sá þáttur verður tileinkaður sjaldheyrðum jólalögum eins og venjan hefur verið á þessum tíma undanfarin ár.

Óli Palli byrjaði með þáttinn um miðjan síðasta áratug og hefur allar götur síðan haldið sínu striki með fjölbreytnina að leiðarljósi. „Ég kynntist fólki frá BBC á Glastonbury sumarið 1995 sem var að kynna hráefni í útvarpsþætti. Ég kom heim, sagði þeim frá þessu og vildi fá að spreyta mig," segir hann og á þar við Magnús Einarsson sem var tónlistarstjóri á Rás 2 og Sigurð G. Tómasson sem var dagskrárstjóri. „Mér til mikillar ánægju sögðu þeir ókei."

Undanfarin fjögur ár hefur Óli Palli tekið þáttinn upp einn heima hjá sér í Hafnarfirðinum en ekki í útvarpshúsinu við Efstaleiti eins og margir kynnu að halda. „Þetta er herbergi með góðu sándi og teppi á gólfinu. Síðan er þarna ekkert annað en tölva, hljóðkort og míkrafónn, fyrir utan allt plötu- og bókasafnið mitt. Þetta er algjör draumur í dós og það besta sem fyrir mig gat komið," segir hann. Í hverri viku eyðir hann fimmtán til þrjátíu klukkustundum í þáttinn áður en hann sendir hann fullunninn til Rásar 2.

Að sögn Óla Palla er árið sem er að líða eitt öflugasta Rokklandsárið til þessa. „Ég hef líklega aldrei fengið eins mikil viðbrögð við einstökum þáttum," segir hann en á þessu ári hefur hann fjallað ítarlega bæði um Bítlana og U2. Einnig hefur hann útvarpað afmælistónleikum Eiríks Haukssonar, upptökum Damiens Rice úr Sundlauginni og stórtónleikunum á menningarnótt. Sömuleiðis hefur hann fjallað um Airwaves-hátíðina og útvarpað beint frá Hróarskeldu eins og undanfarin ár.

Óli Palli vonast til að halda áfram með Rokklandið um ókomin ár. „Ég tek eitt skref í einu en þættirnir verða alla vega 750. Ég vona að þeir verði eitt þúsund og vonandi miklu fleiri."

freyr@frettabladid.is

Tónlist ★★★

**Dikta**

Get It Together

## Tær og flottur söngur



Fjögur ár eru liðin síðan önnur plata Diktu, Hunting For Happiness, kom út við góðar undirtektir. Sú plata festi Diktu í sessi sem eina af efnilegustu hljómsveitum landsins og í framhaldinu hefur hún reynt töluvert að koma sér á framfæri erlendis, sem eðlilegt er.

Get It Together er heldur rólegri en undanfarin verk Diktu og er ég ekki frá því að það fari sveitinni betur en rokkið. Sönghæfileikar Hauks Heiðars fá fyrir vikið að njóta sín betur. Rödd hans er tær og flott eins og heyra má helstu ballöðum plötunnar og greinilegt að hann hefur bætt sig töluvert sem söngvari.

Bestu lög plötunnar eru kraftballaðan Thank You, Hotel Feelings, þar sem rödd Hauks nýtur sín einkar vel, og lokalagið From Now On, sem er sérlega einfalt og gott. Aftur á móti eru lög á borð við Start to Finish og The Story of Roscoe Gray ekki í sama gæðaflokki og ná aldrei að grípa mann heljartökum. Trompetkaflarnir í Just Getting Started eru síðan góðir en útsetningin hefði mátt vera töluvert hófstilltari. Lagið lofar góðu en er því miður ofhlaðið.

Í heildina séð er Get It Together góð plata en hún er ekki gallalaus. Ef Dikta ætlar að ná árangri erlendis þarf hún að einbeita sér að skotheldum ballöðum og Haukur Heiðar er tvímælalaust rétti maðurinn til að syngja þær. Rokkið má hins vegar alveg liggja á milli hluta.

Freyr Bjarnason

**Niðurstaða:** Fín plata frá Diktu en nær ekki að halda athygli allan tímann. Rödd Hauks Heiðars er eftirminnileg í ballöðunum.


**SIGGA OG BJARNI** Sigga Eyrún og Bjarni Snæbjörnsson halda tónleika í Laugarneskirkju í kvöld.

# Jólalög frá Hollywood

Leik- og söngvararnir Sigga Eyrún og Bjarni Snæbjörnsson halda tónleika í Laugarneskirkju í kvöld klukkan 20.30. Þar munu þau flytja sígild jólalög með hjálp Árna Heiðars Karlssonar djasspíanista. „Þetta verða ofsalega ljúf, amerísk Hollywood-lög," segir Bjarni. Á tónleikunum ætla þau að feta í fótspor Bing Crosby, Judy Garland, Dean Martin og fleiri Hollywood-stjarna. „Það er til svo ofsalega mikið af fallegum jólalögum. Við ákváðum að fá góðan undirleikara með okkur og stofna til veislu." Miðaverð á tónleikana er 1.500 krónur og lofar Bjarni silkimjúkri og fallegri kvöldstund.

# TILBOÐ DAGSINS




**50" Panasonic plasma 100Hz breiðtjald með 2.000.000:1 skerpu ofl.**

FRÉTTABLAÐIÐ

?

**Fylgstu með TILBOÐI DAGSINS í blaðinu á morgun!**

| Tommur | Vara | Verð |
|---|---|---|
| 22 tommur | United LCD með DVD | 69.989 kr. |
| 32 tommur | United LCD breiðtjald | 119.989 kr. |
| 32 tommur | Panasonic LCD með DVBT móttakar | 134.989 kr. |
| 26 tommur | Finlux Full HD LCD | 139.989 kr. |
| 32 tommur | Philips Full HD LCD Pixel PLus HD | 144.989 kr. |
| 37 tommur | Panasonic Plasma með DVBT móttakara | 174.989 kr. |
| 42 tommur | Panasonic 100Hz Plasma með 2.000.000:1 skerpu | 184.989 kr. |
| 37 tommur | Philips Full HD LCD Pixel PLus HD | 199.989 kr. |
| 40 tommur | Toshiba LCD Full HD 100Hz | 229.989 kr. |
| 32 tommur | Philips Full HD LCD Ambilight Spectra | 239.989 kr. |
| 42 tommur | Philips Full HD LCD Pixel PLus HD | 239.989 kr. |
| 47 tommur | Philips Full HD LCD Pixel PLus HD | 289.989 kr. |

**Þúsundir tegunda raftækja í boði!**

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

MAX RAFTÆKI

## > Stóðst læknisskoðun hjá Reading

Gunnar Heiðar Þorvaldsson gekkst í dag undir læknisskoðun hjá enska B-deildarfélaginu Reading og stóðst hana. Þetta staðfesti Gunnar Heiðar í samtali við Fréttablaðið í gær. Hann á von á því að skrifað verði undir samning á morgun. „Umboðsmaðurinn minn er að vinna í samningsmálunum og það er verið að ganga frá síðustu smáatriðunum,“ sagði Gunnar Heiðar. Hann er á mála hjá danska félaginu Esbjerg sem hefur samþykkt að lána Gunnar Heiðar til Reading út leiktíðina.



# sport

sport@frettabladid.is

**MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR:** MEÐ TILBOÐ FRÁ FÉLÖGUM Í FJÓRUM LÖNDUM

## *Mun vonandi ákveða mig fyrir áramótin*

Margrét Lára Viðarsdóttir hefur enn ekki fengið bót meina sinna en hún hefur átt við meiðsli að stríða í vöðvum aftan í báðum lærunum. Hún hefur hitt fjölda lækna, bæði hér heima og í Svíþjóð, en enn ekki fengið viðundandi svör.

„Það er í raun ekkert nýtt að frétta af þessu máli. Þetta er bara enn í skoðun og vinnslu,“ sagði Margrét Lára við Fréttablaðið í gær. „Nú er ég bara komin heim í jólafrí og ætla að reyna að slaka á.“

Hún hefur enn ekki ákveðið hvar hún muni spila á næstu leiktíð en henni standa margir kostir til boða. Hún hefur ekki áhyggjur af því að hún sé að falla á tíma. „Nei, ég held ekki. Það getur vel verið að meiðslin séu vegna álags og þá verði ég bara að hvíla. Ég reyni því að vinna undir sársaukamörkum og sjá hvað það gefur mér. Ég hef annars litlar áhyggjur af næsta tímabili. Það getur vel verið að ég missi eitthvað af undirbúningstímabilinu en ég stefni á að vera orðin klár í slaginn með vorinu þegar nýtt tímabil hefst.“



Margrét Lára lék fyrst með Linköping og svo Kristianstad í sænsku úrvalsdeildinni í sumar og getur vel hugsað sér að halda áfram hjá síðarnefnda félaginu.

„Mér leið mjög vel þar og mér finnst ef til vill líka að ég hafi enn eitthvað að sanna í Svíþjóð. En ég hef líka fengið boð frá félögum í Þýskalandi, Bandaríkjunum og Noregi sem ég er mjög spennt fyrir. Freistingarnar eru margar og þetta getur því verið flókið. Ég hef verið að skoða þessi mál og fara yfir það sem er í boði. Aðalmálið er þó að ná mér góðri og halda mér í standi fram að næsta tímabili.“

Hún stefnir þó að því að vera búin að ákveða sig fyrir áramót svo hún hafi tíma til að koma sér fyrir.

„En það eru þrjár góðar vikur fram að áramótum og þangað til ætla að ég vera í góðu yfirlæti á besta stað í heimi – Vestmannaeyjum. Hér er frábært að vera og ég vona að sjávarloftið geri mér svo gott að það lækni meiðslin.“

Þórir Hergeirsson kom norska kvennalandsliðinu í undanúrslitin á HM í Kína:

# Hálfleiksræðan kveikti í liðinu

**HANDBOLTI** Stelpurnar hans Þóris Hergeirssonar tryggðu sér sæti í undanúrslitum á HM í Kína með því að vinna 27-24 sigur á Spáni í lokaleik milliriðilsins í gær. Noregur mætir Rússlandi í undanúrslitum en í hinum leiknum spila Frakkar og Spánverjar.

Það stefndi í allt annað en norskan sigur þegar Þórir settist niður með sínum stelpum í hálfleik. Norska liðið tapaði síðustu 18 mínútum fyrri hálfleiksins 2-9 og möguleikinn á verðlaunasæti var að renna liðinu úr greipum enda liðið sex mörkum undir, 8-14, þegar liðin gengu til hálfleiks.

Hálfleiksræða Þóris tókst greinilega fullkomlega því honum tókst að kveikja í sínum stelpum. Norsku stelpurnar skoruðu 6 af fyrstu 7 mörkum seinni hálfleiks og komu sér á ný inn í leikinn.



**SPILA UM VERÐLAUN** Norska liðið fagnar sigri í gær. MYND/AFP

„Þetta er mjög sætur sigur. Stelpurnar spiluðu stórkostlega í seinni hálfleik. Við erum með eitt mottó og það er að vera yfir þegar lokaflautið gellur,“ sagði Þórir við TV2 eftir leik en norska liðið vann seinni hálfleikinn 19-10 og leikinn þar af leiðandi með þremur mörkum. En hvað gerðist í hálfleiknum?

„Við gerðum smá lagfæringar en aðallega snerist þetta bara um að hafa meira gaman af þessu og sleppa sér aðeins. Við bættum vörnina en mesta breytingin var að stelpurnar fóru að brosa aðeins meira,“ sagði Þórir.

Þórir fékk líka hrós frá Marit Breivik, fyrrum þjálfara liðsins, í sjónvarpsútsendingu TV2. „Mér fannst mikið til liðsins koma. Þetta var ótrúlega gott hjá þeim,“ sagði Breivik um leikinn í gær.

Með sigrinum tryggði norska liðið sér sigur í riðlinum og mætir Rússum í undanúrslitunum en Rússar tryggðu sér annað sætið í hinum riðlinum með því að vinna Dani 30-25. Undanúrslitaleikirnir fara fram á föstudaginn og úrslitaleikurinn er síðan spilaður á sunnudaginn.

- óój


★★★★★

„MEISTARAVERK!“ - EMPIRE




14 ÁRA GAMLIR GERÐU ÞEIR SAMNING UM ROKKA SAMAN AÐ EILÍFU - ÞEIM VAR FULL ALVARA!

„ÉG BUGTA MIG OG BEYGI FYRIR ANVIL!“ - KEANU REEVES

★★★★★ „BESTA MYND SEM GERÐ HEFUR VERIÐ UM ROKK OG RÓL!“ - UNCUT

„BESTA HEIMILDARMYND SEM ÉG HEF SÉÐ Í ÁRARAÐIR!“ - MICHAEL MOORE

Fumsýnd 11. desember í Háskólabíói

Græna ljósið er á Facebook.com/graenaljosid

græna ljósið




**SNORRI EINARSSON** Hefur náð góðum árangri í skíðagöngu í Noregi.

# Valdi Noreg frekar en Ísland í bili

**Skíðagöngukappinn Snorri Einarsson mun áfram keppa undir merkjum Noregs í vetur og fer því ekki á Ólympíuleikana í Vancouver fyrir Íslands hönd.**

**SKÍÐAGANGA** Skíðagöngukappinn Snorri Einarsson mun keppa fyrir hönd Noregs í vetur eins og hann hefur gert á undanförnum árum. Hann hefur búið í Noregi lengst af og vakið verðskuldaða athygli fyrir góða frammistöðu í 10 og 15 km göngu, bæði með hefðbundinni og frjálsri aðferð.

Birgir Gunnarsson, formaður skíðagöngunefndar Skíðasambands Íslands, segir að til greina hafi komið að Snorri myndi keppa á vetrarólympíuleikunum í Vancouver í vetur sem fulltrúi Íslands. Það hafi hins vegar ekki gengið eftir.

„Bæði skíðasambönd Noregs og Íslands voru búin að samþykkja það fyrir sitt leyti en FIS, alþjóðlega skíðasambandið, bannaði honum að skipta um landslið á miðju tímabili,“ sagði Birgir. „Við munum því skoða málið aftur síðar.“

Snorri segir sjálfur í samtali við Fréttablaðið að það hafi ekki verið erfitt val fyrir sig að velja Noreg fyrst Ólympíuleikarnir voru ekki inni í myndinni hjá sér. Hann mun taka þátt í stóru móti, Skandinavisk Cup, sem Norðmaður.

„Ég hef verið að ná ágætum árangri en tel mjög litlar líkur á því að ég komist í norska landsliðið fyrir Ólympíuleikana,“ segir Snorri.

Hann segir enn fremur að ef hann myndi ákveða að keppa fyrir hönd Íslands gæti hann ekki keppt aftur sem fulltrúi Noregs að Ólympíuleikunum loknum.

„Það er einu sinni þannig að það er mun meira um peninga í norska skíðasambandinu sem þýðir meira öryggi fyrir mig. Það vegur þungt í minni ákvörðun.“

Snorri er 23 ára gamall og býr í Tromsö. Hann keppti í tvö ár fyrir háskólalið Utah í Bandaríkjunum en hefur að undanförnu náð á verðlaunapall í norsku mótaröðinni.

„Hann hefur náð virkilega góðum árangri og hefur verið að banka á dyrnar hjá norska landsliðinu,“ sagði Birgir.

Snorri á íslenskan föður og norska móður. eirikur@frettabladid.is

Rafa Benitez er bjartsýnn fyrir leik Liverpool í kvöld:

# Hugsa um það jákvæða

**FÓTBOLTI** Fjórir leikir fara fram í ensku úrvalsdeildinni í kvöld. Mörg topplið verða í eldlínunni en bæði Chelsea og Arsenal mæta liðum í neðri hluta deildarinnar. Þá eigast við Tottenham og Manchester City í mikilvægum leik og að síðustu tekur Liverpool á móti Wigan.

Gengi Liverpool það sem af er tímabili hefur verið langt undir væntingum stuðningsmanna félagsins og er nú svo komið að liðið þarf nauðsynlega á sigri að halda gegn Wigan í kvöld ætli liðið sér ekki að missa hin liðin í toppbaráttunni enn lengra frá sér.

„Hver einasti leikur hjá okkur er leikur sem við verðum að vinna,“ sagði Benitez á blaðamannafundi í gær. „Okkar viðhorf er að reyna að vinna hvern einasta leik. Stundum er það hægt og stundum ekki. En það þýðir ekki að vera neikvæður heldur þarf að hugsa um hið jákvæða.“

- esá



**RAFA BENITEZ** Knattspyrnustjóri Liverpool. NORDIC PHOTOS/GETTY

nettó

*Ódýrt fyrir heimilið!*




Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

# Besti leikurinn minn með TCU-liðinu

**Helena Sverrisdóttir komst aftur á forsíðu vefsíðu ESPN eftir frábæra frammistöðu í 56-54 sigri TCU á fimmta besta liði bandaríska háskólaboltans. „Það gefur mér alltaf aukaorku að vita að þau séu að horfa,“ segir Helena um það að pabbi og mamma hennar voru í heimsókn hjá henni og sáu hana fara á kostum í tveimur leikjum sem gerði hana að leikmanni vikunnar í Mountain West deildinni.**

**KÖRFUBOLTI** Helena Sverrisdóttir átti magnaða viku með TCU í bandaríska háskólaboltanum. Hún var valin besti leikmaður vikunnar eftir að hafa leitt sitt lið til tveggja flottra sigra á SMU og Texas A&M sem var fyrir leikinn talið vera fimmta besta kvennaháskólalið Bandaríkjanna.

„Þetta var svona stærsti leikurinn í „non-conference“ hjá okkur þannig að við erum búnar að bíða eftir þessu lengi og það var æðislegt að koma út með sigur,“ sagði Helena kát með sigurinn. Helena var líka ánægð með eigin frammistöðu en hún var með 20 stig, 8 fráköst og 7 stoðsendingar í leiknum.

„Það vantaði einhvern til að taka af skarið í seinni hálfleik. Skotin mín voru að detta og ég var ákveðin í að keyra upp að körfunni og ná að spila uppi skotmennina okkar, og það gekk vel,“ segir Helena sem sagði að leikurinn hafi verið harður.

### Þurfti að taka af skarið

Helena var allt í öllu í seinni hálfleik þegar hún skoraði 18 stig og leiddi endurkomu TCU-liðsins en liðið lenti mest ellefu stigum undir. „Ég var óheppin með villur í fyrri hálfleik og sat mikið á bekknum út af því. Ég skaut líka bara einu skoti á körfuna. Ég vissi að ég þyrfti að taka af skarið í sóknarleiknum í seinni hálfleik,“ segir Helena.

Það er ekki langt síðan að þjálfarinn, Jeff Mittie, tók Helenu í gegn, tók hana út úr byrjunarliðinu og setti hana af sem fyrirliða í einum leik. Hún var gerð að blóraböggli eftir slakan leik en Helena tók þessu án mótmæla og var þess í stað staðráðin í að svara fyrir sig inni á vellinum. Það hefur heldur betur tekist upp á síðkastið og þjálfarinn var að þessu sinni grátklökkur eftir leikinn.

### Þjálfarinn klökkur inni í klefa

„Mittie sagðist vera gífurlega stoltur af okkur og sagði að þótt við hefðum tapað þá hefði hann samt verið stoltur, því við lögðum okkur svo mikið fram. En hann var bara rosalega ánægður með okkur og maður sá það alveg á honum, en hann er þekktur fyrir það hér að vera ekki að sýna of miklar tilfinningar, en hann missti þær allar út inni í klefa eftir leikinn,“ segir Helena.

Helena var einnig í aðalhlutverki í tveimur eftirminnilegustu sigrum TCU á sterkum skólum í fyrravetur. Helena var þá með 18 stig og 7 stoðsendingar þegar liðið vann Maryland 80-68 í fyrsta leik en Maryland var þá í 3. sæti styrkleikalistans. TCU-liðið endurtók síðan leikinn með því að vinna þriðja besta liðið á útivelli þegar liðið vann 82-73 sigur á CAL og tryggði sérsigur á Collers International Classic-mótinu. Helena var með 17 stig og 10 stoðsendingar í þessum leik og var valin besti leikmaður mótsins.

„Ég held að það sé hægt að segja það að þetta hafi verið flottasti leikurinn minn með TCU. Í fyrra unnum við líka tvo risasigra, en mér finnst þessi vera sérstaklega stór vegna þess að við erum úr sama ríki, og það er smá rígur á milli. Við spiluðum líka svo svakalega flottan körfubolta síðustu tíu mínúturnar, vorum virkilega að leggja okkur allar fram og uppskárum eftir því,“ segir Helena.



**SIGUR Í HÖFN** Sigurgleðin leyndi sér ekki hjá Helenu Sverrisdóttur í leikslok. MYND/AP

Það gerði þessa viku enn þá sérstakari að hún var með pabba og mömmu sína í heimsókn. Sverrir Hjörleifsson og Svanhildur Guðlaugsdóttir sáu stelpuna sína eiga tvo stórleiki og blómstra þegar spennan var hvað mest í leikjunum. „Þau fengu að vera partur af þessu. Það voru um 4.000 TCU áhorfendur á leiknum og það tók ekki nema um klukkutíma að komast frá íþróttahúsinu, eftir að heilsa upp á fólkið og gefa eiginhandaráritanir. Mér fannst frábært að hafa þau og það gefur mér alltaf aukaorku að vita að þau séu að horfa,“ segir Helena og hún er bjartsýn á framhaldið.

### Það sem liðið þurfti

„Ég held að þetta hafi verið einmitt það sem liðið mitt þurfti. Við erum með gríðarlega hæfileikaríkt lið og ég held að það sem við höfum lært seinustu tvær vikur hafi kennt okkur og sýnt okkur hversu góðar við getum verið. Markmiðið er að tapa ekki fleiri leikjum í ár þannig að við erum bara gríðarlega spenntar fyrir framhaldinu,“ segir Helena en hún segir að sigrar á liðum í 5. og 18. sæti styrkleikalistans eigi eftir að hjálpa liðinu að komast inn í úrslitakeppnina í vor. Það verður því fróðlegt að fylgjast með frekari ævintýrum og afrekum Helenu í bandaríska háskólaboltanum á næstunni.

ooj@frettabladid.is

STAÐREYNDIR UM DAGBLAÐALESTUR

ÍSLENDINGAR YNGRI EN 55 ÁRA VERJA LENGRI TÍMA Á VIRKUM DÖGUM TIL AÐ LESA SÍÐUR FRÉTTABLAÐSINS EN SÍÐUR MORGUNBLAÐSINS.

ÍBÚAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU YNGRI EN 60 ÁRA SEM BÚA Á ÁSKRIFTARHEIMILUM MORGUNBLAÐSINS LESA FREKAR FRÉTTABLAÐIÐ.

Heimild: Lestrarkönnun Capacent maí-okt 2009.



Allt sem þú þarft...




MEST SELDA SJÁLFSÆVISAGAN!*

„Bókin **reis fyllilega undir væntingum.** Þetta er **skemmtileg** bók sem gaman er að lesa ... Hjartsláttur einkennist af mjög svo skemmtilegum frásögnum úr lífi séra Hjálmars og eru þær líflegar og **glettnin aldrei langt undan.** Hún er **afar vel skrifuð,** hvorki of stutt né of löng og stundum var hreinlega erfitt að leggja hana frá sér, svo skemmtileg var hún. ... Ég **mæli hiklaust með þessari bók** fyrir fólk á öllum aldri til lestrar um jólin.“

**– Hanna Brynhildur Jónsdóttir, www.pressan.is**

**Samkvæmt metsölulistum Morgunblaðsins 12. desember, Bónuss 3. desember og Eymundssonar 9. desember.*

VERÖLD

Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVÍK

## ÚRSLITN Í GÆR

### Iceland Express karla

KR-Snæfell 97-91 (53-39)

**Stig KR:** Tommy Johnson 39 (hitti úr 10 af 16 3ja stiga skotum), Fannar Ólafsson 14, Brynjar Þór Björnsson 13 (8 fráköst), Finnur Atli Magnússon 13, Semaj Inge 11 (7 fráköst, 7 stoðsendingar), Skarphéðinn Freyr Ingason 5, Darri Hilmarsson 2.
**Stig Snæfells:** Hlynur Bæringsson 27 (13 fráköst), Sean Burton 22 (12 stoðsendingar), Jón Ólafur Jónsson 18, Emil Jóhannsson 13, Sveinn Davíðs son 4, Egill Egilsson 3, Páll Fannar Helgason 2.

**STAÐAN Í DEILDINNI:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **KR** | **11** | **9** | **2** | **1020-899** | **18** |
| Stjarnan | 10 | 8 | 2 | 862-786 | 16 |
| **Njarðvík** | **10** | **8** | **2** | **842-746** | **16** |
| Keflavík | 10 | 7 | 3 | 870-764 | 14 |
| **Snæfell** | **11** | **7** | **4** | **1010-882** | **14** |
| Grindavík | 10 | 6 | 4 | 890-800 | 12 |
| **ÍR** | **10** | **5** | **5** | **845-839** | **10** |
| Hamar | 10 | 4 | 6 | 826-845 | 8 |
| **Tindastóll** | **10** | **3** | **7** | **825-869** | **6** |
| Breiðablik | 10 | 2 | 8 | 754-885 | 4 |
| **Fjölnir** | **10** | **2** | **8** | **762-886** | **4** |
| FSu | 10 | 0 | 10 | 659-964 | 0 |

### Iceland Express kvenna

Heil umferð í kvöld. Leikirnir hefjast allir klukkan 19.15 og eru: KR-Keflavík, Haukar-Hamar, Grindavík-Snæfell og Njarðvík-Valur.

### Enska úrvalsdeildin

Birmingham-Blackburn 2-1
1-0 Cameron Jerome (12.), 2-0 Cameron Jerome (48.), 2-1 Ryan Nelsen (69.).
Bolton-West Ham 3-1
1-0 Chung-Yong Lee (64.), 1-1 Alessandro Diamanti (69.), 2-1 Ivan Klasnic (77.), 3-1 Gary Cahill (88.). Grétar Rafn Steinsson lék í 90. mín.
Man Utd-Wolves 3-0
1-0 Wayne Rooney, víti (30.), 2-0 Nemanja Vidic (43.), 3-0 Antonoi Valencia (66.).
Sunderland-Aston Villa 0-2
0-1 Emile Heskey (24.), 0-2 James Milner (61)

**STAÐAN Í ENSKU DEILDINNI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Chelsea** | **16** | **12** | **1** | **3** | **40-13** | **37** |
| Man. United | 17 | 12 | 1 | 4 | 37-14 | 37 |
| **Aston Villa** | **17** | **9** | **5** | **3** | **28-14** | **32** |
| Arsenal | 15 | 10 | 1 | 4 | 40-19 | 31 |
| **Tottenham** | **16** | **8** | **3** | **5** | **35-22** | **27** |
| Birmingham | 17 | 8 | 3 | 6 | 18-17 | 27 |
| **Man.City** | **15** | **6** | **8** | **1** | **29-21** | **26** |
| Liverpool | 16 | 7 | 3 | 6 | 32-22 | 24 |
| **Fulham** | **16** | **6** | **5** | **5** | **20-17** | **23** |
| Sunderland | 17 | 6 | 3 | 8 | 22-24 | 21 |
| **Stoke City** | **16** | **5** | **6** | **5** | **15-19** | **21** |
| Blackburn | 17 | 5 | 4 | 8 | 17-30 | 19 |
| **Burnley** | **16** | **5** | **3** | **8** | **20-34** | **18** |
| Wigan | 16 | 5 | 3 | 8 | 19-36 | 18 |
| **Everton** | **16** | **4** | **5** | **7** | **22-30** | **17** |
| Hull City | 17 | 4 | 5 | 8 | 17-34 | 17 |
| **Bolton** | **16** | **4** | **4** | **8** | **23-33** | **16** |
| Wolves | 17 | 4 | 4 | 9 | 15-31 | 16 |
| **West Ham** | **17** | **3** | **5** | **9** | **25-34** | **14** |
| Portsmouth | 16 | 3 | 2 | 11 | 14-24 | 11 |



**MEISTARABÓNUS** FH-ingar fagna titli sínum í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Greiðslur frá UEFA og KSÍ:

# FH fær 60 milljónir í sinn hlut

**FÓTBOLTI** Íslandsmeistarar FH fá um sextíu milljónir króna frá Knattspyrnusambandi Evrópu, UEFA, fyrir þátttöku sína í forkeppni Meistaradeildar Evrópu. Þetta kom fram í fréttatilkynningu sem KSÍ sendi frá sér í gær.

Fyrr á árinu var tilkynnt um greiðslur af tekjum Meistaradeildar Evrópu og Evrópudeildinni til barna- og unglingastarfs aðildarfélaga KSÍ en nú fá þau félög greitt sem tóku þátt í þessum keppnum á árinu.

FH fær 60 milljónir, Fram og KR um 33 milljónir hvort og Keflavík um sextán milljónir. Fram kemur í tilkynningunni að framlög til félaganna hækkuðu talsvert á milli ára en kostnaðurinn við þátttöku í keppninni jókst einnig mikið.

UEFA og KSÍ hafa því samtals greitt um 213 milljónir króna til aðildarfélaga á árinu. - esá

Njarðvíkingar þurfa enn á ný að heimsækja nágranna sína í bikarnum en dregið var í 8 liða úrslit í gær:

# Fá aldrei heimaleikinn á móti Keflavík

**KÖRFUBOLTI** Það var dregið í átta liða úrslit Subwaybikarsins í körfubolta í gær og stórleikir karla og kvenna fara báðir fram í Keflavík. Keflavík fær nágranna sína í Njarðvík í heimsókn í karlaflokki og Keflavíkurkonur taka síðan á móti KR-bönunum í Hamri. Snæfell fékk einnig tvo heimaleiki, mætir Fjölni hjá körlunum og Haukum hjá konunum.

Njarðvíkingar eru örugglega orðnir þreyttir á því að bíða eftir heimaleik á móti nágrönnum sínum í Keflavík. Það hefur nefnilega ekki gerst síðan Keflvíkingar komu fyrst upp í Úrvalsdeildina haustið 1982. Liðin hafa síðan mæst þrettán sinnum í bikarkeppninni, þar af fjórum sinnum í bikarúrslitaleiknum í Höllinni og þrisvar sinnum þegar spilað var heima og að heiman (1986-1990). Keflvíkingar hafa hins vegar fengið heimaleik í öllum sex bikarleikjum liðanna þegar þau hafa komið saman upp úr hattinum. Þetta verður fimmti heimaleikur Keflavíkur á móti Njarðvík í bikarnum frá árinu 1999 en þau mættust síðan einnig í Keflavík 1983 og 1992.

Þrátt fyrir engan heimaleik hefur Njarðvíkurliðinu þó tekist að slá Keflavík þrisvar sinnum út úr bikarnum á þeirra eigin heimavelli auk þess að vinna þá tvisvar sinnum í úrslitaleiknum í Höllinni. Liðin mættust síðast í bikarnum í undanúrslitum fyrir tæpum fjórum árum og vann Keflavík þá 89-85 í spennandi leik.

Það eru fleiri tengsl í leikjunum í átta liða úrslitunum, því Bárður Eyþórsson, þjálfari Fjölnis, mætir sínum gömlu lærisveinum í Snæfelli, Amani Bin Daanish bandaríski framherjinn hjá Tindastóli mætir Grindavík sem lét hann fara í haust og þá mætir ÍR-ingurinn Nemnja Sovic sínum gömlu félögum í Breiðabliki. - óój

**ÁTTA LIÐA ÚRSLIT SUBWBAYBIKARSINS:**

**Karlar:**

| | |
|---|---|
| Snæfell-Fjölnir | Keflavík-Njarðvík |
| Tindastóll-Grindavík | Breiðablik-ÍR |

**Konur**

| | |
|---|---|
| Fjölnir-Laugdælir | Keflavík-Hamar |
| Njarðvík-Þór Ak. | Snæfell-Haukar |



**EGILL DRÓ Í GÆR** Egill „Gillz" Einarsson hjálpaði til við að draga í gær. Hér er hann með Hannesi Jónssyni, formanni KKÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Með sigurbros á vör til Kína

**Leikmenn KR kveðja Ísland á toppi Iceland Express-deildarinnar en þeir unnu sigur á Snæfelli í gær 97-91. Þó munurinn í lokin hafi ekki verið meiri var sigur heimamanna aldrei í hættu.**

**KÖRFUBOLTI** KR-ingar komust á topp Iceland Express deildar karla með sex 97-91 sigri á Snæfelli í DHL-Höllinni í gærkvöldi en leiknum var flýtt þar sem KR-ingar eru á leiðinni til Kína í dag. Stjarnan og Njarðvík geta náð Íslandsmeisturunum að stigum seinna í vikunni.

Snæfellingar veittu ekki mikla mótspyrnu í leiknum en hluti af skýringunni er sú að þeir voru án tveggja sterkra leikmanna. Pálmi Freyr Sigurgeirsson gat ekki leikið gegn sínu fyrrum félagi vegna meiðsla og þá er Sigurður Þorvaldsson einnig á meiðslalistanum.

Það fór því ekki svo að það reyndi á áhrif Pálma í innbyrðisleikjum KR og Snæfells en liðið með Pálma hafði unnið tíu deildarleiki í röð.

Gestirnir réðu illa við Tommy Johnson sem virðist heldur betur vera að vakna og skoraði hann 39 stig í gær. Hann skoraði úr 10 af 16 þriggja stiga skotum sínum.

### Fyrri góður en seinni lélegur

„Þá vantaði tvo af sterkustu mönnum liðsins. Fyrri hálfleikurinn var góður en sá seinni lélegur. Ég er ósáttur við spilamennsku okkar í seinni hálfleik," sagði Páll Kolbeinsson, þjálfari KR. „Við vorum alltaf með forystu en héldum ekki haus og eigum að geta betur en þetta. Við gerðum það að verkum að seinni hálfleikur var skemmtilegur fyrir áhorfendur en það var algjör óþarfi."

Páll var ánægður með frammistöðu Johnson og segir mikinn stíganda í hans leik. „Það er ánægjulegt fyrir okkur. Hann var að hitta vel og virðist vera að komast í gang. Því miður voru aðrir leikmenn ekki að ná sér eins vel á strik."

### Fljúga til Kína í dag

KR-ingar halda í dag til Kína og leika tvo sýningarleiki við Beijing Aoshen. „Það verður góð ferð. Við leikum við sterkt lið og getum aðeins farið í gegnum hlutina," sagði Páll.

Vesturbæjarliðið var með öll tök í fyrri hálfleik í gær og staðan 53-39 eftir fyrri leikhlutana tvo. Sean Burton var ekki að finna sig eins vel og í síðustu leikjum og skoraði aðeins fimm af 22 stigum sínum í fyrri hálfleik. Sean Burton náði þó að laga sinn leik í seinni hálfleik þar sem hann var með 17 stig og 7 stoðsendingar.

Snæfellingar náðu nokkrum góðum rispum í seinni hálfleik og nýttu sér það að heimamenn gáfu aðeins eftir með því að saxa á forskot þeirra. KR –ingar voru þó allan tímann með forystuna og unnu verðskuldað.

### Tommy var munurinn á liðunum

„Þeir voru alltaf einu og hálfu skrefi á undan okkur," sagði Ingi Þór Steinþórsson en hann hafði verið hjá KR allan sinn þjálfaraferil áður en hann tók við Snæfelli. „Við spiluðum ekki nægilega hart í fyrri hálfleik og vorum alltaf að elta. Tommy Johnson var sjóðheitur í kvöld og mér fannst hann vera munurinn á liðunum."

elvargeir@365.is



**TOMMY VAR FRÁBÆR Í GÆR** Snæfellingurinn Emil Þór Jóhannsson sést hér í baráttunni við besta mann vallarsins í gær, KR-inginn Tommy Johnson. Tommy skoraði 39 stig og 10 þriggja stiga körfur í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Manchester United, Bolton, Aston Villa og Birmingham unnu öll leiki sína í ensku úrvalsdeildinni í gærkvöldi:

# Auðvelt hjá United á móti varaliði Wolves

**FÓTBOLTI** Manchester United þurfti ekki mikið að hafa fyrir því að vinna varalið Wolves í ensku úrvalsdeildinni í gær. United vann sannfærandi 3-0 sigur og náði Chelsea að stigum í efsta sæti deildarinnar.
Aston Villa komst á sam tíma upp í 3. sætið, Birmingaham náði því sjötta og sendi Liverpool niður í 8. sætið og Grétar Rafn Steinsson og félagar komu sér upp úr fallsæti með sigri í botnslag á móti West Ham.

Mick McCarthy, stjóri Wolves, virtist hreinlega gefa leikinn á móti Manchester United fyrirfram því hann tefldi fram algjöru varaliði. McCarthy gerði tíu breytingar á liði Wiolves sem vann Tottenham um síðustu helgi.



**FYRSTA MARKIÐ** Nemanja Vidic fagnar hér marki sínu fyrir United í gær. MYND/AFP

Það var bara markvörðurinn Marcus Hahnemann sem hélt sæti sínu.

Wayne Rooney skoraði fyrsta markið úr vítaspyrnu sem var dæmd fyrir hendi, Nemanja Vidic kom United í 2-0 með skalla eftir hornspyrnu Darron Gibson og Antonio Valencia skoraði síðan þriðja markið eftir sendingu frá Dimitar Berbatov.

Manchester United og Chelsea eru núna jöfn að stigum en Chelsea er með fjögur mörk á United í markatölu auk þess að eiga leik inni.

Grétar Rafn Steinsson og félagar í Bolton unnu mikilvægan 3-1 sigur á West Ham í botnbaráttunni en með þessum sigri komst liðið upp fyrir West Ham og upp úr fallsæti. Grétar Rafn spilaði allan leikinn í hægri bakverðinum. Wes

Cameron Jerome skoraði bæði mörk Birmingham sem setti nýtt félagsmet með því að vinna sinn fimmta leik í röð þegar liðið vann Blackburn 2-1. Birmingaham fór upp í 6. sæti og upp fyrir bæði Manchester City og Liverpool sem er nú komið niður í 8. sæti deildarinnar.

Aston Villa komst upp í þriðja sætið með 2-0 útisigri á Sunderland en strákarnir hans Steve Bruce eru eitthvað að gefa eftir. Sunderlan hefur aðeins unnið einn af síðustu sjö leikjum sínum eða síðan að liðið vann 1-0 sigur á Liverpool á sundboltamarkinu fræga. - óój



OPIÐ
TIL 22:00
ÖLL KVÖLD
til jóla
VINSÆLAR
JÓLAGJAFIR
ALLAR VINSÆLUSTU DVD MYNDIRNAR
FANGAVAKTIN
JÓHANNES
Sumir dagar...
Heilsubælið
í Gervahverfi
Fyrri hluti
ÍSÖLD 3
RISAEÐLURNAR ROKKA!
BÓK
Skýjað með kjötbollum á köflum
Eftir Judi Barrett
Teikningar eftir Ron Barrett
1.990
SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM Á KÖFLUM
er ein vinsælasta barnabók heims og hefur
selst í yfir 3 milljónum eintaka um heim allan.
KARL BERNDSEN áritar
Fimmtudag 17.12
Akureyri kl. 14:00
VinceVaughn ReeseWitherspoon
FOUR CHRISTMASES
my sister's keeper
INGLOURIOUS BASTERDS
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM
CD
JÓL Í LATABÆ
STRUMPARNIR
PUBLIC ENEMIES
KARLAR SEM HATA KONUR
Skilamiði
Þessi vara er keypt í Hagkaup og fæst skilað eða skipt.
Skilafrestur bóka 11. jan. 2010
HAGKAUP
Ein ferð betra verð
50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár

> **Phil McGraw**
>
> „Þú hefðir ekki áhyggjur af því hvað annað fólk heldur um þig ef þú vissir hvað það hugsar í raun og veru lítið út í það.“
>
> *McGraw sálfræðingur, hjálpar fólki að leysa vandamál í nýrri seríu sem Skjár einn sýnir alla virka daga kl. 17.30.*



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON DORMAÐI YFIR TWO AND A HALF MAN

# *Að kaupa köttinn í sekknum*

Eftir erfiðan vinnudag get ég ekki hugsað mér neitt betra en að horfa á sjónvarpsefni sem ætlast ekki til neins af mér. Helst vil ég geta fylgst með söguþræðinum hálfsofandi, með öðru auganu og einstaka dotti í auglýsingatímunum. Two and a Half Man er þannig þáttur.

Stöð 2 sýnir gamla þætti nánast daglega, en á þriðjudögum er nýr þáttur frumsýndur. Í nýju þáttunum er fyrrverandi ofurpiparsveinninn Charlie trúlofaður og í gærkvöldi neyddist hann til að hjúkra unnustu sinni. Alls kyns kvillar hrjáðu konuna sem sat á dollunni milli þess sem hún snýtti sér í miðju kúri með greyinu Charlie. Hann bauð henni næði, en hún tók það ekki mál og neyddi hann til að dansa í bakteríupartíinu sem hún hélt á rúminu hans.

Charlie fékk óskipta samúð mína þar sem hún sendi hann meðal annars út í apótek að kaupa túrtappa og heim til sín að skipta um kattasand. Hvort tveggja á enginn að þurfa að ganga í gegnum, sé hann hvorki með líffræðilega tengingu né andlegan áhuga á málefninu. Charlie efaðist um sambandið, enda gerði hann sér ekki grein fyrir umfangi skuldbindingarinnar þegar hann setti hring á fingur unnustu sinnar.



En svona er þetta alltaf með stelpur. Maður kaupir köttinn í sekknum. Í fyrstu eru þær fullkomnar; yndislegar verur sem bræða burt vandamál með brosi sínu og stoppa í göt geðheilsunnar með ljúfum kossi um kvöld. Svo kemur ýmislegt misjafnt í ljós og hægt og rólega missir maður áhugann. Í versta falli er endasprettur sambandsins hræðilegt tímabil niðurlægingar og leiðinda sem endar ekki fyrr en annar aðilinn segir hingað og ekki lengra.

Hættu þessu. Auðvitað er þetta ekki nálægt því að vera algilt og auðvitað þraukaði Charlie, vinur okkar. Svo fór að sjálfsögðu að hann veiktist sjálfur og hver var þá tilbúin að hjúkra honum? Jú, ástkær unnustan að sjálfsögðu.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **17.45** Gilmore Girls STÖÐ 2 EXTRA



▶ **19.50** Liverpool – Wigan, beint, STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **20.15** Ljóta Betty SJÓNVARPIÐ



▶ **20.25** Gossip Girl STÖÐ 2



▶ **21.55** Lipstick Jungle SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.10 Leiðarljós**

**16.55 Táknmálsfréttir**

**17.05 Einu sinni var... - Maðurinn** (12:26) (e)

**17.35 Disneystundin** Stjáni, Sígildar teiknimyndir og Nýi skólinn keisarans.

**18.30 Jóladagatalið - Klængur sniðugi** (e)

**18.40 Jóladagatalið - Klængur sniðugi**

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

▶**20.15 Ljóta Betty** (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um ósköp venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York. Aðalhlutverk: America Ferrera, Alan Dale, Mark Indelicato, Tony Plana, Vanessa L. Williams, Eric Mabius, Ashley Jensen og Ana Ortiz.

**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.25 Stigakóngurinn** (The King of Kong) Bandarísk heimildamynd um tölvuleikjakappa sem reyna með sér í keppni.

**23.50 Viðtalið** (Dr. Kum-Kum Bhavnani) (e)

**00.20 Kastljós** (e)

**00.55 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Reign Over Me**

**10.00 License to Wed**

**12.00 Open Season**

**14.00 Reign Over**

**16.00 License to Wed**

**18.00 Open Season**

**20.00 Diamonds are Forever** James Bond er nú á hælunum á alþjóðlegum hring demantasmyglara og höfuðandstæðingurinn er hin íðilfagra Tiffany Cace.

**22.00 Thelma and Louise** Tvær vinkonur fara í helgarferð út á land en þar gerast atburðir sem breyta lífi þeirra.

**00.05 Smokin' Aces**

**02.05 Dog Soldiers**

**04.00 Thelma and Louise**

**06.05 Live and Let Die**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Dynkur smáeðla, Ruff's Patch, Nornafélagið og Bratz.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.20 Auddi og Sveppi**

**10.55 You Are What You Eat** (6:8)

**11.45 Smallville** (14:20)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Aliens in America** (17:18)

**13.25 Supernanny** (11:20)

**14.10 Sisters** (10:28)

**14.55 E.R.** (21:22)

**15.40 Barnatími Stöðvar 2** Leðurblökumaðurinn, Ben 10, Nornafélagið og Dynkur smáeðla.

**17.03 Bold and the Beautiful**

**17.28 Nágrannar**

**17.58 Friends** (11:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.52 Íþróttir**

**18.59 Ísland í dag**

**19.16 Veður**

**19.25 The Simpsons** (5:21)

**19.55 Two and a Half Men** (15:24)

▶**20.25 Gossip Girl** (11:22) Þættir um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þótt dramatíkin sé ótæpileg snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og síðast um hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að vera klæddur í næsta glæsipartíi.

**21.15 Grey's Anatomy** (8:23) Sjötta sería þáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalans í Seattle-borg.

**22.05 Medium** (16:19) Allison Dubois sér í draumum sínum skelfileg sakamál sem enn hafa ekki átt sér stað. Þessi náðargjöf hennar gagnast lögreglunni við rannsókn ýmissa mála.

**22.50 Just Friends**

**00.25 The Mentalist** (3:22)

**01.10 E.R.** (21:22)

**01.55 Sjáðu**

**02.25 Xingfu shiguang:Happy Times**

**04.05 Grey's Anatomy** (8:23)

**04.50 Friends** (11:24)

**05.15 The Simpsons** (5:21)

**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT besta sætið

**17.20 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi og skyggnst á bak við tjöldin.

**17.50 Basel - Fulham** Bein útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.

**19.50 Mónakó - Stade Rennais** Útsending frá leik í franska boltanum.

**21.30 Ultimate Fighter - Season 1** Sýnt frá Ultimate Fighter - Season 1 en þangað voru mættir margir af bestu bardagamönnum heims.

**22.15 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

**23.00 Basel - Fulham** Útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.

## SPORT 2 enski boltinn

**07.00 Man. Utd. - Wolves** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**14.20 Sunderland - Aston Villa** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**16.00 Bolton - West Ham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**17.40 Birmingham - Blackburn** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**19.20 Coca Cola-mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca Cola-deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.

▶**19.50 Liverpool - Wigan** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3 19.40. Chelsea-Portsmouth Sport 4 19.40. Burnley-Arsenal Sport 5. 19.50. Tottenham - Man. City

**22.00 Chelsea - Portsmouth** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**23.40 Burnley - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**01.20 Tottenham - Man. City** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dynasty** (29:29) (e)

**08.50 Pepsi MAX tónlist**

**16.40 Top Design** (1:10) (e)

**17.30 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir frábærar sögur og gefur góð ráð.

**18.15 Fréttir** Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins.

**18.30 Yes Dear** (14:15) (e)

**19.00 King of Queens** (19:25) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie.

**19.30 Fréttir** (e)

**19.45 Matarklúbburinn** (6:6) Landsliðskokkurinn Hrefna Rósa Sætran matreiðir ljúffenga og einfalda rétti fyrir áhorfendur og gesti sína.

**20.15 Spjallið með Sölva** (13:13) Umræðuþáttur í beinni útsendingu þar sem Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spyr þá spjörunum úr.

**21.05 America's Next Top Model** (9:13) Stúlkurnar flytja til Hawaii þar sem þær hitta brimbrettameistarann Buzzy Kerbox og hann undirbýr þær fyrir myndatöku. Gestadómari þessa vikuna er fyrirsætan Kirsty Hume.

▶**21.55 Lipstick Jungle** (9:13) Wendy er stressuð yfir matarboði á þakkargjörðarhátíðinni. Nico og Kirby passa barnið fyrir Megan og Victory er beðin um að hanna brúðkaupskjól á tveimur dögum.

**22.45 The Jay Leno Show**

**23.30 CSI: Miami** (8:25) (e)

**00.20 King of Queens** (19:25) (e)

**00.45 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Maturinn og lífið** Fritz M. Jörgensson ræðir við gest sinn um lífið og tilveruna.

**20.30 Neytendavaktin** Þáttur um málefni neytenda í umsjón Ragnhildar Guðjónsdóttur.

**21.00 60 plús** Umsjón sr. Bernharð Guðmundsson, Guðrún Guðlaugsdóttir og Tryggvi Gíslason.

**21.30 Óli á Hrauni** Þáttur um stjórnmál í umsjón Ólafs Hannessonar og Viðars Helga Guðjohnsen.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





HARMUR ENGLANNA EFTIR JÓN KALMAN

„SNILLDARVERK“

– Kolbrún Bergþórsdóttir, Kiljan

★★★★★

„HIMNESKT“

– Steinunn Inga, Morgunblaðið

„Frásagnartækni Jóns Kalmans nær hér hæstu hæðum.“ – Gauti Kristmannsson, Víðsjá

★★★★ „Frábærlega skrifuð ... áhrifamikil og spennandi lesning.“ – Páll Baldvin Baldvinsson, Fréttablaðinu

BJARTUR

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 21.15**

**Grey's Anatomy**

Sjötta sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið enn þá erfiðara.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
**Matarklúbburinn**

**Skjár einn kl. 19.45**

Landsliðskokkurinn Hrefna Rósa Sætran matreiðir ljúffenga og einfalda rétti fyrir áhorfendur og gesti sína. Í síðasta þætti fyrir jól eldar hún grafið og reykt lambafille, taðreykta bleikju, tvíreyktar hangikjötstartalettur og dýrindis kryddkökujólaís í eftirrétt.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Orð skulu standa
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Aðventa
**15.25** Seiður og hélog
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Bókaþing
**21.10** Út um græna grundu
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.10** Krossgötur
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**17.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.
**17.45 Gilmore Girls** Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory. Þar rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.
**18.30 Seinfeld** (24:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk.
**19.00 The Doctors**
▶ **19.45 Gilmore Girls**
**20.30 Ástríður** (8:12) Tangónámskeið getur lífgað upp á ástarsambandið. Verst hvað Ástríður er lengi að tileinka sér réttar hreyfingar. Þarf Sveinn Torfi að finna sér nýjan dansfélaga?
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**22.00 Chuck** (15:22) Chuck Bartowski lifði fremur óspennandi lífi þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA.
**22.45 Burn Notice** (15:16) Njósnarinn Michael Westen var settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem eru komnir út í kuldann og njóta ekki lengur verndar yfirvalda.
**23.30 The Unit** (7:11)
**00.15 Ástríður** (8:12)
**00.45 Seinfeld** (24:24)
**01.15 Modern Toss** (4:6)
**01.40 Fréttir Stöðvar 2**
**02.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.20** Absolutely Fabulous **12.50** After You've Gone **13.20** After You've Gone **13.50** My Hero **14.20** My Hero **14.50** My Hero **15.20** The Weakest Link **16.05** Monarch of the Glen **16.55** Monarch of the Glen **17.45** EastEnders **18.15** The Weakest Link **19.00** Marc Wootton Exposed **19.30** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **20.00** This Is Dom Joly **20.30** The Catherine Tate Show **21.00** Dalziel and Pascoe **22.00** Marc Wootton Exposed **22.30** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **23.00** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **23.30** EastEnders

## DR 1

**12.00** Folketinget 3. behandler finansloven **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Pigerne Mod Drengene **15.30** Spiderman **15.55** Den lyserode panter **16.00** Tagkammerater **16.15** Den lille Julemand **16.30** Julefandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Pagten **19.00** Kretz tager verdens temperatur **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Taggart **22.10** Onsdags Lotto **22.15** Barack Obama - vejen til sejr

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.05** Naboer **13.30** Min store drom **14.00** NRK nyheter **14.05** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Kokkekamp **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.01** Jul i Svingen **17.25** Oisteins juleblyant **17.30** Sauen Shaun **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Jakten på Storbritannias gjerrigste person **18.55** Berulfsens konspirasjoner **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** House **21.30** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **23.00** True Blood **23.55** Program ikke fastsatt

## SVT 1

**12.05** Playa del Sol **12.35** London live **14.00** Dick Tracys dilemma **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** Nära djuren **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern. Superhjältejul **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Tattoo i Ystad 2009 **20.00** Geniet och pojkarna **21.30** Nip/Tuck **22.15** Kulturnyheterna **22.30** Livet i Fagervik **23.15** Sommarpratarna




## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Þegar ég tek mér pásu frá ritstörfum hlusta ég gjarna á klassískt dauðarokk, og þá mjög hátt. Deicide er í sérstöku uppáhaldi. Svakalega hart og gott band. Bítlar hinna brjáluðu. Með svona klikkun á háum styrk aukast afköst hins vinnandi manns um 666%. Fólk sem kann ekki að meta dauðarokk á samúð mína alla. Hinir helvísku hljómar eru hámark stuðsins.“*

Stefán Máni rithöfundur

# Óskar Jónasar í Flugbjörgunarsveitina

„Það er alls ekki tækjadella sem dreif mig af stað, síður en svo. Ég er nefnilega lítið hrifinn af mótórknúnum farartækjum. Ætli þetta sé ekki fyrst og fremst þessi útivistaráhugi sem hefur ágerst að undanförnu,“ segir Óskar Jónasson kvikmyndaleikstjóri en hann hóf nýverið nýliðaþjálfun hjá Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík. Óskar er kannski ekki fyrsti maðurinn sem fólk ímyndar sér í appelsínugula björgunargallanum og leikstjórinn viðurkennir að hann hafi komið sjálfum sér á óvart með þessari ákvörðun. „Vinur minn nefndi þetta bara við mig með skömmum fyrirvara og ég sló til. Ef ég hefði fengið einhvern smá umhugsunarfrest hefði ég sennilega flúið af hólmi,“ segir Óskar.

Útivistaráhuginn sem Óskar nefnir er tiltölulega nývaknaður af löngum dvala. „Ég fór oft að veiða með pabba þegar ég var lítill en síðan fjaraði undan þessu þegar maður varð eldri og fór að hanga á kaffihúsum. Ég vissi samt alltaf í undirmeðvitundinni að ég ætti eftir að kanna ótroðnar slóðir,“ segir Óskar sem hefur farið einu sinni í viku í góðra vina hópi upp á Esju. „Við förum fyrir vinnu og höfum verið að hittast um klukkan sex á morgnana, maður er bara með ennisljós á höfðinu svo maður sjái eitthvað.“

Óskar segir þetta nýliðanámskeið vera mjög praktískt, nemendurnir læra á áttavita, rötun og skyndihjálp og eftir áramót verður farið upp á jökul og sofið í snjóhúsi. Hann segist þó enn ekki vera farinn að sjá það fyrir sér að fara upp á fjöll til að bjarga fólki. Ætlar að láta það nægja að selja jólatré og flugelda í húsi Flugbjörgunarsveitarinnar við Flugvallarveg. **- fgg**



**SELUR JÓLATRÉ OG FLUGELDA** Óskar Jónasson sækir nú nýliðanámskeið Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík og mun selja jólatré og flugelda við Flugvallarveg. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**LÁRÉTT**
**2.** bjálfi, **6.** eftir hádegi, **8.** tala, **9.** neitun, **11.** til, **12.** kliður, **14.** afhendir, **16.** mun, **17.** gerast, **18.** fiskur, **20.** tveir, **21.** krafs.

**LÓÐRÉTT**
**1.** snyrtilegur, **3.** klaki, **4.** fjarlægð, **5.** gestrisni, **7.** bleyða, **10.** svelgur, **13.** þakbrún, **15.** límband, **16.** klastur, **19.** kusk.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** fífl, **6.** eh, **8.** sjö, **9.** nei, **11.** að, **12.** niður, **14.** gafst, **16.** ku, **17.** ske, **18.** áll, **20.** ii, **21.** klór.
**LÓÐRÉTT: 1.** penn, **3.** ís, **4.** fjarski, **5.** löð, **7.** heigull, **10.** iða, **13.** ufs, **15.** teip, **16.** kák, **19.** ló.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Álftanes skuldar 6,5 milljarða króna.
2. Selja á Hegningarhúsið við Skólavörðustíg.
3. Ólafur Ragnar hefur verið gerður að heiðursdoktor ríkisháskólans í Ohio.

**Hringdu í síma**
**512 50 60**
**ef blaðið berst ekki**



ARNAR GAUTI SVERRISSON: RÆNDUR UM MIÐJAN DAG

# STÁLU ÆSKU BARNA MINNA

Þjófagengi braust inn á heimili Arnars Gauta Sverrissonar, fyrrum sjónvarpsmanns og framkvæmdastjóra, í Melahvarfi á mánudag og hafði á brott með sér mikil verðmæti. Arnar efast ekki um að innbrotið hafi verið skipulagt í þaula og að þjófarnir hafi fylgst með húsinu í einhvern tíma. Hann var ekki tryggður og fær því tjónið ekki bætt.

Arnar var nýkominn frá tryggingafélaginu þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Við vorum að koma heim úr vinnunni og ætluðum að fara að baka piparkökur með börnunum þegar það var búið að taka allt,“ segir Arnar. „Sjónvarpið, tölvurnar, myndavélar, allir skartgripir konunnar, og jólagjafir barnanna sem lágu innpakkaðar á hillunni voru teknar. Verst er þó að þeir stálu æsku barnanna minna því þeir tóku flakkarann sem var með öllum myndunum af börnunum okkar,“ segir Arnar Gauti sem er giftur Aðalbjörgu Einarsdóttur, en saman eiga þau Natalíu París, fimm ára, og Kiljan Gauta, tveggja ára. „Þeir rústuðu húsið og þetta var mikið áfall fyrir París. Herbergið hennar var í rúst og búið var að róta í öllum skúffum.“ Arnar segir rannsóknarlögregluna hafa komið innan skamms og tekið fingraför. Sjálfur er hann ekki í nokkrum vafa um að innbrotið hafi verið skipulagt. „Það var pottþétt búið að fylgjast með húsinu í svolítinn tíma. Við búum í endagötu þar sem er ekki mikil umferð. Þeir hafa verið búnir að kynna sér aðstæður og finna út hvað þær ætluðu að gera því væntanlega hafa þeir þurft að bakka bíl þarna inn. Þeir fóru inn um stóran glugga og út um svaladyrnar,“ útskýrir Arnar, en nágrannarnir tóku ekki eftir neinu. „Ég gekk sjálfur á milli nágranna í gær og einn þeirra sagði mér að vinafólk hans sem býr aðeins lengra frá hafi verið rænt klukkan tíu að morgni fyrir skömmu. Það er því greinilega mikið um innbrot og menn gera þetta skipulega,“ segir hann.

Arnar Gauti er ekki tryggður og fær því tjónið ekki bætt að neinu leyti. „Við erum nýflutt og vorum ekki búin að ganga frá tryggingamálunum. Fjárhagslegt tjón er samt minna en það tilfinningalega. Ég var með 16.500 myndir af Parísi og Kiljan inni á tölvunni sem við höfðum hugsað um að prenta út í skömmtum en fórum aldrei í það svo það er ekki til ein útprentuð mynd af Kiljan Gauta. Þetta kennir manni lexíu í þessu sambandi og að sjálfsögðu á maður að vera með öryggiskerfi,“ segir Arnar. „Nú vonast maður bara til að þetta finnist og að þessir menn verði stoppaðir svo þeir haldi þessu ekki áfram. Ég vona allavega að viðkomandi menn eða aðrir sem komast yfir flakkarann sjái allavega kærleik sinn í því að afrita myndirnar og koma þeim til okkar.“ **alma@frettabladid.is**



**ÖLLUM MYNDUNUM STOLIÐ** Arnar Gauti ásamt eiginkonu sinni, Aðalbjörgu Einarsdóttur, og börnum þeirra, Natalíu París og Kiljan Gauta. Öllum barnamyndunum þeirra var stolið í innbrotinu, jólagjöfum og skartgripum. Arnar var ekki tryggður enda nýfluttur inn og átti eftir að ganga frá tryggingamálunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### LITIÐ ALVARLEGUM AUGUM

Heimir Ríkarðsson lögreglufulltrúi í rannsóknardeildinni í Kópavogi segir málið vera í rannsókn. „Við lítum það mjög alvarlegum augum þegar ráðist er svona inn til fólks. Það er ekki mikið um þetta, en þetta gerist alltaf annað slagið. Innbrotum hefur þó fækkað síðastliðna fjóra til fimm mánuðina,“ útskýrir Heimir og segir allan gang vera á því hvort mál af þessu tagi upplýsist.

„Við skoðum hvort fingraförin eru nothæf og athugum hvort við erum með upplýsingar um viðkomandi aðila hjá okkur, svo getur komist upp um þetta í tengslum við önnur mál. Sem betur fer gerist það að við finnum þýfi sem við samkeyrum þá við upplýsingar sem við höfum og reynum í kjölfarið að koma því til eiganda,“ segir Heimir. Þá hvetur hann fólk til að efla nágrannavörslu og bendir þeim sem kunna að hafa upplýsingar um málið að hafa samband við Lögreglustjórann í Kópavogi í síma 4441130.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Páll Ragnar Pálsson**, gítarleikarinn geðþekki úr Maus, varð faðir nýverið. Hann eignaðist son á mánudaginn og heilsast bæði móður og afkvæmi vel. Páll hefur verið við nám við tónlistarháskólann í Eistlandi en ef marka má heimasíðu hans verða breytingar á þeim högum strax á næsta ári því þá mun hin unga fjölskylda halda til Svíþjóðar og setjast að í Gautlandi.



Framleiðslufyrirtækið ZikZak á eitt handrit á hinum eftirsóknarverða Holllywood-blacklist sem blaðamaðurinn Frank Leonard hefur birt á vefsíðu sinni undanfarin ár. Það er Z for Zacharia sem **Þórir Snær** og félagar hafa verið að þróa ásamt Páli Grímssyni. Listinn samanstendur af hundrað handritum sem framleiðendur þar vestra telja líklegt að verði að kvikmynd í Hollywood og þeir hafa hingað til haft nokkuð rétt fyrir sér.



Og meira af skjólstæðingum ZikZak því óskabarn þjóðarinnar í kvikmyndagerð, **Rúnar Rúnarsson**, heldur áfram að gera það gott. Og nú eru Danir farnir að gera sig nokkuð breiða. Stuttmyndin Anna sem Rúnar gerði innan veggja danska kvikmyndaháskólans var nefnilega sýnd á DR 2 á mánudagskvöldinu á nokkuð góðum tíma, eða fimm mínútur fyrir tíu um kvöldið. Sagan segir að innan kvikmyndageirans hér heima bíði menn spenntir eftir næstu skrefum Rúnars sem gæti verið kvikmynd í fullri lengd. **- fgg**



**HUMAR 2.000 kr/kg**
**STÓR ELDEYJARRÆKJA**
**Pilluð, Stór og Djúsí**
**Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755**

# Guð blessi Ísland fer víða

Heimildarmynd Helga Felixsonar, Guð blessi Ísland, verður sýnd í sjónvarpi á öllum Norðurlöndunum eftir áramót. Myndin verður sýnd á RÚV 2. janúar og verður síðan sýnd með skömmu millibili á ríkissjónvarpsstöðvum hinna Norðurlandaþjóðanna. Hinn 12. janúar verður hún sýnd á hinni sænsku SVT, 17. janúar verður hún í finnska sjónvarpinu, daginn eftir er hún sýnd í danska ríkissjónvarpinu, DR, og loks á TV2 í Noregi 26. janúar. Að sögn Helga verður hún sýnd á besta tíma á öllum þessum stöðvum.

Helgi segir að yfir 44 sjónvarpsstöðvar um allan heim hafi sýnt áhuga á að sýna myndina og óskað eftir nýklipptri útgáfu af henni. „Síðan verður bara framhaldið að koma í ljós,“ segir Helgi en Guð blessi Ísland segir sögu nokkurra Íslendinga á meðan mestu hamfarirnar í fjármálalífinu gengu yfir landið.

Meðal þeirra sem koma fram í myndinni eru Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, og athafnamennirnir Jón Ásgeir Jóhannesson, Bjarni Ármannsson og Björgólfur Thor.

Helgi segir að myndin hafi verið sýnd á sama tíma í bæði Þýskalandi og Frakklandi á NRD og Arte. Og kusu bæði áhorfendur og stjórn Arte hana bestu mynd mánaðarins. **- fgg**



**UM ALLA EVRÓPU** Kvikmynd Helga Felixsonar, Guð blessi Ísland, hefur verið sýnd í bæði frönsku og þýsku sjónvarpi. Strax í janúar sýna svo allar sjónvarpsstöðvarnar á Norðurlöndunum myndina á besta tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Konur! Konur! Konur!

# LAGERSALA

## Undirföt
## Náttföt
## Sundföt



***LEPEL*** **undirföt – 50%**
***INTIMATE*** **undirföt – 75%**
***LEJABY*** **undirföt – 50%**
***CERES*** **náttfatnaður – 80%**
***LEPEL*** **sundföt – 50%**
***PANACHE*** **sundföt – 50%**
***BRANDTEK*** **kvenfatnaður – 90%**

**Náttföt (barna): 1.500 kr.**
**Stærðir: 1-10**



## NÝ SENDING: BRESK MERKI
**sem allir þekkja**

***ATMOSPHERE*** **jakkar – 4.900 kr.**
***NEW LOOK*** **kjóll – 3.900 kr.**
***MISS SELFRIDGES*** **pils – 3.500 kr.**
***DOROTHY PERKINS*** **skyrta – 2.900 kr.**
***ZOE CLOTHING*** **toppur – 4.900 kr.**
***QUIZ*** **kjóll – 5.900 kr.**



**Úrval af fylgihlutum:**
**Hálsmen, armbönd, hringar, eyrnalokkar, hárskraut, belti, töskur…**

**NÝ SENDING!**
**GALLABUXUR STRETCH**
**4.900 KR.**

**SÓLGLERAUGU: 900 KR.**

**Jólaglaðningur: 20% afsláttur af lagersöluverði. Gildir til jóla.**

Opið virka daga 12-18,
laugardaga 10-17 og helgar 13-17

LAGERSALAN EHF. S. 662 4499
SKEMMUVEGI 6 (FYRIR NEÐAN BYKO)

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

Pósthúsið
DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fjallið og Múhameð



Egill Helgason veltir því fyrir sér á vef sínum hvort Mark Flanagan, frá AGS, hafi fengið einhverjar erfiðar spurningar á fundi með fjölmiðlum á mánudag. „Flanagan kaus að halda blaðamannafund í öruggu umhverfi uppi í Seðlabanka," segir hann, en fundurinn var þó opinn öllum fjölmiðlum. Í fyrstu athugasemd spyr enda lesandi af hverju Egill hafi ekki mætt sjálfur. „Hví ætti ég að gera það?" er svar Egils, sem kvað manninn hafa hafnað boði um að vera gestur í Silfrinu í Sjónvarpinu. Þá er hann náttúrulega ómögulegur.

### Víkingastjörnur



Ein stærsta fréttin í Hollywood um þessar mundir er víkingamynd **Mels Gibson** og **Leonardos DiCaprio** en kvikmyndabiblían Variety greindi frá henni á mánudaginn. DiCaprio og Gibson eru án nokkurs vafa einhverjar stærstu stjörnur Bandaríkjanna og þótt víðar væri leitað og eiga sitthvað sameiginlegt. Meðal annars það að vera báðir svokallaðir „Íslandsvinir". DiCaprio staldraði reyndar stutt við, stóð á ísjaka við Jökulsárlón fyrir forsíðu Vanity Fair en hann er víst mikill áhugamaður um menningu víkinga. Heimsókn Gibsons var hins vegar öllu ítarlegri því hann var hér í sumarfríi á síðasta ári ásamt börnum sínum og því var kastað fram á vefnum IcelandCinemaNow að hann hefði rætt við einhverja forkólfa úr kvikmyndabransanum með hugsanlegt samstarf í huga. - fgg



## Mest lesið vísir.is

1. RÚV rannsakar ekki bullundirskriftir
2. Eymdarvísitala Moody's: Ísland í sjöunda sæti
3. Flautað á Íslandsbanka
4. Sýna almenningi fingurinn
5. Geir Sveinsson vill annað sætið
6. Vegfarendur björguðu nautgripum og kindum úr brennandi fjárhúsi


CONCEAL
Ósýnilega hillan
1.890 kr.



OPIÐ TIL KL. 22
FRAM AÐ JÓLUM

TEKK COMPANY

Tekk Company
Holtagörðum og Kringlunni
Sími 564 4400 – www.tekk.is




AF SÉRSTÖKUM ÁSTÆÐUM GETUM VIÐ BOÐIÐ ÖRFÁ RÚM Á SANNKÖLLUÐU KREPPU VERÐI!

41% AFSLÁTTUR!



AC12 ÞRÝSTIJÖFNUNAR-HEILSURÚM
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Engin hreyfing milli svefnsvæða
- Hefur óviðjafnanlega þyngdardreyfingu
- Kemur líkamanum í rétta stellingu til hvíldar
- Það ekki að snúa
- 10 ára ábyrgð

AC12 ÞRÝSTI-JÖFNUNARRÚM
(Queen size 153x203)
Verð 236.340 kr.
NÚ 139.440 kr.

AC-9 ÞRÝSTIJÖFNUNAR-HEILSURÚM
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Enginn hreyfing milli svefnsvæða
- Hefur óviðjafnanlega þyngdardreyfingu
- Kemur líkamanum í rétta stellingu til hvíldar
- Það ekki að snúa
- 10 ára ábyrgð

AC9 ÞRÝSTI-JÖFNUNARRÚM
(Queen size 153x203)
Verð 186.340 kr.
NÚ 128.575 kr.



31% AFSLÁTTUR!

ARGH!!! 081209

rekkjan HEILSURÚM

Rekkjan ehf • Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) • 108 Reykjavík • 588 1955 • www.rekkjan.is • Opið virka d. 10–18 og lau 11–16